

Ágúst 2021



# Jafnréttisráð 1976-2020 Skipan, hlutverk og verkefni í 45 ár

**Útgefandi:**

Forsætisráðuneytið

Jafnréttisráð 1976-2020. Skipan, hlutverk og verkefni í 45 ár

Ágúst 2021

for@for.is

www.forsaetisraduneyti.is

**Umbrot og textavinnsla:**

Forsætisráðuneytið

©2021 Forsætisráðuneytið

ISBN 978-9935-482-27-3

# Efnisyfirlit

Útdráttur.....	6
Inngangur .....	7
<b>1. Upphaf. Framkvæmd laga um jafnrétti kvenna og karla ráðgjöf, eftirlit o.fl. 1976-1984.....</b>	<b>8</b>
1.1. Stofnun Jafnréttisráðs.....	8
1.2. Verkefni og skyldur Jafnréttisráðs samkvæmt lögum nr. 78/1976 um jafnrétti kvenna og karla.....	11
1.3. Skipan Jafnréttisráðs 1976-1984.....	12
1.4. Helstu verkefni Jafnréttisráðs 1976-1984.....	13
1.5. Óstyrk staða Jafnréttisráðs.....	19
1.6. Umræða á þingi um að efla þyrfti starfsemi Jafnréttisráðs.....	20
<b>2. Auknar skyldur og verkefnum fjölgar 1985-1990.....</b>	<b>22</b>
2.1. Aukin verkefni Jafnréttisráðs.....	22
2.2. Verkefni og skyldur Jafnréttisráðs samkvæmt lögum nr. 65/1985 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla .....	26
2.3. Skipan Jafnréttisráðs 1985-1990.....	27
2.4. Helstu verkefni Jafnréttisráðs 1985-1990 .....	28
2.4.1. Kærumál og kvartanir.....	28
2.4.2. Þátttaka í stefnumótun á sviði jafnréttismála.....	30
2.4.3. Umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur .....	31
2.4.4. Fræðslumál.....	32
2.4.5. Samstarf við ýmsa aðila og ráðstefnu- og þinghald.....	34
2.4.6. Jafnréttisráð beitir sér í þágu jafnréttis.....	35
2.4.7. Rannsóknir og kannanir.....	36
2.4.8. Alþjóðlegt samstarf.....	37
2.5. Jafnréttisráð styrkist í sessi en æskir breytinga.....	38

<b>3. Kæruhlutverki lýkur og vísir að sérstakri stofnun jafnréttismála 1991–1999 .....</b>	<b>40</b>
3.1. Jafnréttisráð tekur ekki lengur við kærur .....	40
3.2. Skyldur og hlutverk Jafnréttisráðs samkvæmt lögum nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna .....	42
3.3. Skipan Jafnréttisráðs 1991–1999.....	43
3.4. Skipulagsbreytingar á starfsemi Jafnréttisráðs.....	45
3.5. Helstu verkefni Jafnréttisráðs 1991–1999 .....	46
3.5.1. Kvartanir vegna brota á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla .....	46
3.5.2. Þátttaka í stefnumótun og Jafnréttisráð beitir sér í þágu jafnréttis .....	47
3.5.3. Umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur .....	49
3.5.4. Samstarf við ýmsa aðila.....	51
3.5.5. Fræðslumál.....	53
3.5.6. Rannsóknir og kannanir .....	55
3.5.7. Ráðstefnu- og þinghald.....	57
3.5.8. Karlanefnd Jafnréttisráðs.....	58
3.5.9. Alþjóðlegt samstarf.....	60
3.5.10. Samþætting.....	65
3.6. Viðurkenning Jafnréttisráðs 1992–1999.....	66
3.7. Umræða um algeran aðskilnað milli Jafnréttisráðs og Skrifstofu jafnréttismála.....	67
<b>4. Verkefnum og skyldum fækkar. Ráðgjöf verður aðalhlutverkið 2000–2007 .....</b>	<b>69</b>
4.1. Jafnréttisstofa tekur við og breytt stefna í málum Jafnréttisráðs .....	69
4.2. Hlutverk Jafnréttisráðs samkvæmt lögum nr. 96/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.....	72
4.3. Staðan og framhald starfseminnar við tímamót.....	73
4.4. Skipan Jafnréttisráðs 2000–2007.....	75
4.5. Helstu verkefni Jafnréttisráðs 2000–2007 .....	76
4.6. Viðurkenning Jafnréttisráðs 2000–2007 .....	81
4.7. Vilji til að auka hlutverk Jafnréttisráðs á ný.....	82

<b>5. Ráðgjafarhlutverk og samstarf við Jafnréttisstofu aukið en Jafnréttisráð rennur sitt skeið 2008–2020 .....</b>	<b>84</b>
5.1. Jafnréttisráði ætlað ráðgjafarhlutverk á fleiri sviðum jafnréttismála .....	84
5.2 Verkefni og skyldur Jafnréttisráðs samkvæmt lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla .....	87
5.3. Skipan Jafnréttisráðs 2008-2020 .....	88
5.4. Helstu verkefni Jafnréttisráðs 2008-2020 .....	90
5.4.1. Jafnréttisþing, fundir, ráðstefnur og málþing.....	90
5.4.2. Rannsóknir og kannanir.....	92
5.4.3. Aðkoma að stefnumótun og umsagnir um lagafrumvörp.....	93
5.4.4. Samræming fjölskyldulífs og atvinnulífs og ályktanir um jafnrétti .....	94
5.4.5. Fræðsla o.fl. ....	95
5.5. Viðurkenning Jafnréttisráðs 2008-2020.....	96
5.6. Vegferð Jafnréttisráðs tekur enda.....	98
<b>Lokaorð .....</b>	<b>103</b>

# Útdráttur

Í þessari samantekt verður fjallað um sögu Jafnréttisráðs sem stofnað var með lögum um jafnrétti kvenna og karla 1976 og lagt niður með lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna 2020. Samantektin er í tímaröð og er skipt í yfirkafla eftir því hvenær breytingar voru gerðar á þeim ákvæðum laga sem vörðuðu umgjörð Jafnréttisráðs, verkefni þess og skyldur. Byrjað er þó á stuttum inngangi þar sem gerð er grein fyrir tilurð samantektarinnar og markmiðunum með henni. Í fyrsta hluta er fjallað um árin 1976–1984, í öðrum hluta 1985–1990 í þriðja hluta 1991–1999, í fjórða hluta 2000–2007 og loks í síðasta hlutanum eru tekin fyrir árin 2008–2020. Hver kaflaskipti verða þegar lagaákvæðum um Jafnréttisráð hefur verið breytt. Hver kafli er uppbyggður þannig að fyrst er tekin fyrir meðferð lagafrumvarpa á Alþingi sem vörðuðu Jafnréttisráð, helstu sjónarmið um Jafnréttisráð sem fram komu í þingumræðunum reifuð og loks breytingar sem urðu á ákvæðum um Jafnréttisráð í meðförum þingsins. Því næst er farið yfir hver verkefni og skyldur Jafnréttisráðs voru samkvæmt endanlegri útgáfu þeirra laga sem um ræðir í hverjum hluta og því næst er gerð grein fyrir hvernig skipað var í Jafnréttisráð samkvæmt lögum, hvaða einstaklingar áttu sæti í því sem aðalmenn á því tímabili sem fjallað er um í viðkomandi hluta sem og helstu starfsmenn. Í framhaldinu er gerð grein fyrir starfsemi Jafnréttisráðs og helstu verkefnum sem það tók sér fyrir hendur á viðkomandi tímabili svo sem útgáfumálum, fræðsluverkefnum, ráðstefnum og fundum, rannsóknum og könnunum, meðferð kærumála vegna meintra brota á lögum nr. 78/1976 um jafnrétti kvenna og karla og lögum nr. 65/1985 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla ásamt því að alþjóðlegt samstarf sem Jafnréttisráð tók þátt í er tekið fyrir. Hver kafli endar síðan á stuttri samantekt á umræðum innan Jafnréttisráðs og á Alþingi um stöðu jafnréttismála almennt og stöðu og hlutverk Jafnréttisráðs sjálfs til að gera nánari grein fyrir því hvað varð til þess að ráðist var í breytingar á hlutverki ráðsins. Síðasti hluti endar síðan á aðdraganda þess að Jafnréttisráð var endanlega lagt niður og hinni þinglegu meðferð málsins lýst. Í þriðja hluta er sérstakur kafli þar sem gerð er grein fyrir skipulagsbreytingum sem voru gerðar á skrifstofu Jafnréttisráðs 1992 og í fjórða hluta er stuttur kafli um þau tímamót sem urðu í starfsemi ráðsins þegar Jafnréttisstofa var stofnuð árið 2000. Í síðustu þremur hlutunum eru sérstakir kaflar þar sem gerð er grein fyrir handhöfum viðurkenningar Jafnréttisráðs sem fyrst var veitt 1992. Að öðru leyti eru allir hlutar samantektarinnar byggðir upp á sams konar hátt. Samantektin endar á lokaorðum þar sem brugðið er upp mynd af þeim meginlínium sem lesa má úr sögu Jafnréttisráðs.

# Inngangur

Í tilefni af því að Jafnréttisráð var lagt niður með lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna 2020 var ákveðið að taka saman sögu ráðsins frá 1976 til 2020. Hér er ekki um tæmandi samantekt að ræða en ætlunin er að draga upp meginlínur svo að lesendur fái nokkuð góða hugmynd um hvað Jafnréttisráð fékkst við á þeim tæplega 45 árum sem það starfaði, að lesendur átti sig á því hvað varð til þess að Jafnréttisráð var stofnað í upphafi, hvað það gerði og hvað varð til þess að hlutverki ráðsins var breytt í hvert skipti sem það var gert. Markmiðið með sögu Jafnréttisráðs er að gefa lesendum ágætis hugmynd um stöðu og þróun jafnréttismála almennt, þróun hugmynda um stofnanaumgjörð um jafnréttismál og hvernig þróun alls þessa er samofin sögu Jafnréttisráðs. Ætlunin er að bregða eingöngu upp hluta heildarmyndarinnar af þróun jafnréttismála svo að lesendur geti áttað sig betur á samhenginu milli sögu Jafnréttisráðs og þróunar þess málaflokks sem ráðið var stofnað til að sinna. Nákvæm greining á þeim áhrifum sem starfsemi Jafnréttisráðs hafði á jafnréttismál á Íslandi mun þurfa að bíða viðameiri rannsókna. Við gerð samantektarinnar var aðallega stuðst við *Alþingistíðindi* og ársskýrslur Jafnréttisráðs en þar sem ekki voru gerðar ársskýrslur fyrir hvert einasta ár var stuðst við fréttabréf ráðsins auk dagblaða, tímarita og fundargerða til að fá fyllri mynd af starfseminni á viðkomandi árum. Með þessum aðferðum er ætlunin að ná fram yfirlýstum markmiðum samantektarinnar og veita lesendum góðan almennan skilning á því hvað Jafnréttisráð var og hvers vegna saga þess endaði á þann hátt sem hún gerði.

# 1. Upphaf. Framkvæmd laga um jafnrétti kvenna og karla ráðgjöf, eftirlit o.fl. 1976-1984

## 1.1. Stofnun Jafnréttisráðs

Jafnréttisráð var stofnað formlega með lögum um jafnrétti kvenna og karla sem samþykkt voru á Alþingi vorið 1976. Þótt um væri að ræða fyrstu eiginlegu jafnréttislögin á Íslandi hafði grunnurinn að Jafnréttisráði verið lagður þremur árum áður með stofnun Jafnlaunaráðs. Jafnlaunaráð var sett á fót með lögum sem kváðu á um að konum og körlum bæri að fá sömu laun fyrir jafnverðmæt störf og að atvinnurekendum væri óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði en ráðinu var ætlað að tryggja framkvæmd laganna. Þegar Gunnar Thoroddsen félagsmálaráðherra mælti fyrir frumvarpi til laganna sagði hann starfsemi Jafnlaunaráðs hafa tekist vel og fleiri þingmenn tóku undir það í umræðum um frumvarpið. Staða jafnréttismála var þó slík að ráðherra taldi að víðtækari lagasetningar væri þörf og fól hann Guðrúnu Erlendsdóttur, formanni Jafnlaunaráðs, og Hallgrími Dalberg, ráðuneytisstjóra félagsmálaráðuneytisins, að semja frumvarp til laga um jafnrétti kvenna og karla. Í framsögu sinni fór ráðherrann vítt og breitt yfir stöðu jafnréttismála í landinu. Hann sagði m.a. að þrátt fyrir að konur og karlar byggju við sama lagalega rétt til menntunar, atvinnu og launa væri skortur á því að raunverulegt jafnrétti ríkti á þessum sviðum. Vinnumarkaðurinn væri mjög kynjaskiptur og konur skipuðu einfaldlega ekki sama sess í þjóðfélaginu og karlar. Nauðsynlegt væri að auðvelda konum val á ævistarfi og þess vegna yrðu karlar að verða virkari þátttakendur í heimilisstörfum. Ráðherrann vísaði til könnunar sem ráðuneyti hans fól námsbraut í þjóðfélagsfræðum við Háskóla Íslands að gera. Samkvæmt þeirri könnun höfðu konur almennt minni menntun en karlar og karlar sátu nánast einir við stjórnvölinn hjá hinu opinbera og hagsmunasamtökum. Meginniðurstöður könnunarinnar voru þær að án nýrra aðgerða og um leið breyttra viðhorfa yrði ekki um að ræða umtalsverðar breytingar á stöðu jafnréttismála í náinni framtíð.<sup>1</sup>

Ráðherra bætti því við að frumvarpið væri samið m.a. undir áhrifum frá framkvæmdaáætlun kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, sem haldin var

---

<sup>1</sup> Alþingistíðindi 1975-1976 B, d. 2480 - 2481.



sumarið 1975, þar sem ríkisstjórnir heimsins voru hvattar til þess að stuðla að jafnrétti kynjanna á öllum sviðum með lagasetningu. Ráðherrann fór einnig yfir stöðu þessara mála á Norðurlöndum og minntist á að Norðurlandaráð hefði skipað sérstaka samstarfsnefnd um jafnréttismál og að allar Norðurlandþjóðirnar hefðu staðfest alþjóðasamninga sem skuldbundu þær til að koma í veg fyrir hvers konar mismunun kvenna og karla. Þessu frumvarpi væri ætlað að útrýma þessari mismunun og vonast væri til að frumvarpið, yrði það að lögum, gæti markað veruleg spor í þá átt að breyta ríkjandi viðhorfum og flýta fyrir því að fullt jafnrétti næðist.<sup>2</sup>

Ráðherrann minntist ekki sérstaklega á kvennafrídaginn, sem blásið var til í október 1975, í ræðu sinni en ljóst er að sá viðburður jók verulega þrýstinginn á að jafnréttismál yrðu tekin til rækilegrar endurskoðunar hér á landi. Óhjákvæmilegt verður því að telja að kvennafrídagurinn hafi eitthvað haft að segja um að frumvarp til laga um jafnrétti kvenna og karla var lagt fram.

Þegar kom að Jafnréttisráði, sem ætlunin var raunar að myndi heita Jafnstöðuráð áður en nafninu var breytt í Jafnréttisráð í meðförum Alþingis, fór ráðherrann yfir hvert hlutverk og verkefni ráðsins ættu að vera en fór hins vegar ekki nákvæmlega út í hvers vegna talið væri heppilegast að stofna Jafnréttisráð til að framfylgja jafnréttislögum og stuðla að jafnrétti í þjóðfélaginu. Ljóst er þó að framfylgja þurfti lögunum og mögulegt er að ekki hafi verið talin næg þekking á jafnréttismálum innan þeirra stjórnsýslustofnana sem þá voru til staðar og þær því taldar vanbúnar til að fara með þær skyldur sem lagðar voru á herðar Jafnréttisráðs. Markmiðið með lögunum, eins og félagsmálaráðherra tók fram þegar hann mælti fyrir frumvarpinu, var ekki eingöngu að auka lagalegt jafnrétti heldur einnig að breyta viðhorfum landsmanna í átt til jafnréttis og líklega hefur þá verið talið líklegra til árangurs að fleiri aðilar en eingöngu stjórnvöld kæmu að jafnréttismálum.

Í umræðum um frumvarpið lýsti Svava Jakobsdóttir alþingismaður, sem átti stóran þátt í að semja lögin um Jafnlaunaráð, því yfir að þau verkefni sem Jafnréttisráði væru falin samkvæmt frumvarpinu ættu tvímælalaust rétt á sér. Í ljósi þess hversu umfangsmikil verkefni ættu að vera lýsti hún hins vegar áhyggjum af því að Jafnréttisráð fengi ekki nægilegt fjármagn til að sinna þeim. Nefndi Svava til dæmis þá skyldu ráðsins, samkvæmt frumvarpinu, að fylgjast með þróun jafnréttismála í þjóðfélaginu. Til þess þyrfti ráðið sérstakan starfsmann enda útheimti þessi skylda tímafrekar og umfangsmiklar rannsóknir.<sup>3</sup> Áhyggjur af því að ekki væri nægilega vel búið að Jafnréttisráði miðað við lögbundnar skyldur þess áttu eftir að heyrast reglulega í sölum Alþingis næstu árin.

<sup>2</sup> *Alþingistiðindi* 1975-1976 B, d. 2481 - 2482.

<sup>3</sup> *Alþingistiðindi* 1975-1976 B, d. 2489 - 2491.

Vilborg Harðardóttir alþingismaður lýsti sams konar áhyggjum og benti á að í frumvarpinu væri hvorki kveðið á um að ráðið ætti að hafa fastan starfsmann né hvaðan fjármagn til starfsemi þess ætti að koma. Vilborg vildi einnig tryggja betur úrskurðarvald ráðsins og að í því sætu alltaf að minnsta kosti tvær konur.<sup>4</sup> Deilur um skípan Jafnréttisráðs áttu eftir að skjóta reglulega upp kollinum það sem eftir var líftíma þess.

Í meðförum allsherjarnefndar neðri deildar þingsins var brugðist við þessum athugasemdum þingmannanna með því að bæta við frumvarpið ákvæði um að Jafnréttisráð skyldi hafa skrifstofu, ráða framkvæmdastjóra og að kostnaður við starfsemi þess yrði greiddur úr ríkissjóði. Gunnlaugur Finnsson, sem mælti fyrir nefndarálitinu, sagði að þetta ákvæði ætti að tryggja að alltaf væri opin skrifstofa sem hægt væri að leita til og hún veitti þá þjónustu sem ætlast væri til af Jafnréttisráði. Einnig bætti nefndin við frumvarpið ákvæði þess efnis að kona sem hefði sótt um starf sem karlmaður væri ráðinn í gæti óskað eftir því að ráðið færi fram á það við viðkomandi atvinnurekanda að veittar yrðu skriflegar upplýsingar um hvaða menntun, starfsreynslu og aðra sérstaka hæfileika sá einstaklingur byggji yfir sem ráðinn hefði verið í starfið. Sama rétt skyldi karlmaður hafa sem sækti um starf sem kona væri ráðin í.<sup>5</sup> Um þetta síðasttalda ákvæði var nokkuð deilt næstu árin þegar málefni Jafnréttisráðs bar á góma á Alþingi og vildu þá sumir þingmenn breyta ákvæðinu á þann veg að einungis konur gætu farið fram á slíkar upplýsingar.

Þingmenn tóku almennt vel í frumvarpið og stofnun Jafnréttisráðs en Jón G. Sólnes og Albert Guðmundsson greiddu atkvæði á móti frumvarpinu við lokaafgreiðslu þess. Helstu athugasemdir þeirra lutu m.a. að ákvæðinu um að einstaklingur sem fengi ekki starf ætti rétt á skriflegum upplýsingum um menntun og starfsreynslu þess einstaklings sem fékk starfið. Jón taldi þetta bera vott um fullmikla afskiptasemi og að ýmislegt annað gæti haft áhrif á mannaáðningar. Hann lýsti enn fremur yfir almennum efasemdum um flest allt sem laut að Jafnréttisráði, verið væri að færa því of mikið rannsóknarvald og gerði athugasemd við að kostnaðurinn við störf ráðsins yrði greiddur úr ríkissjóði. Albert gerði athugasemdir við þessa sömu þætti frumvarpsins.<sup>6</sup> Þessir tveir þingmenn voru hins vegar þeir einu sem lýstu því yfir í umræðunum að þeir væru mótfallnir því að koma ætti fyrirbæri eins og Jafnréttisráði á koppinn og það var í kjölfarið stofnað með þessum fyrstu lögum um jafnrétti kvenna og karla á Íslandi vorið 1976.

---

<sup>4</sup> *Alþingistiðindi* 1975-1976 B, d. 2500.

<sup>5</sup> *Alþingistiðindi* 1975-1976 B, d. 4357 - 4358.

<sup>6</sup> *Alþingistiðindi* 1975-1976 B, d. 4527 - 4530.

## 1.2. Verkefni og skyldur Jafnréttisráðs samkvæmt lögum nr. 78/1976 um jafnrétti kvenna og karla

Ákvæði laganna verða ekki rakin hér til hlítar en þau sneru t.d. að banni við mismunun vegna kynferðis á vinnumarkaði og að efla skyldi jafnréttisfræðslu í menntastofnunum. Samkvæmt lögnum var það hlutverk Jafnréttisráðs að annast framkvæmd þeirra og sjá um að framfylgja öllum þeim greinum laganna sem ætlað var að stuðla að jafnrétti milli karla og kvenna en að öðru leyti voru verkefni og skyldur ráðsins eftirfarandi:

1. Vera ráðgefandi gagnvart stjórnvöldum, stofnunum og félögum í málefnum sem vörðuðu jafnrétti með konum og körlum í kjaramálum og við ráðningu eða skipun til starfs.
2. Fylgjast með þjóðfélagsþróuninni sem m.a. varðaði efni laganna og gera tillögur til breytinga til samræmis við tilgang þeirra.
3. Stuðla að góðri samvinnu við samtök atvinnurekenda, launafólks svo og aðra þá aðila sem jafnréttismál vörðuðu svo að stefnu og markmiði laganna yrði náð með sem eðlilegustum hætti.
4. Taka til rannsóknar af sjálfsdáðum hvaða brögð kunnu að vera að misrétti í jafnréttismálum að því leyti er löginn varðaði. Opinberum stofnunum og félagasamtökum á vinnumarkaði var skylt að veita Jafnréttisráði hvers kyns upplýsingar þar að lútandi.
5. Taka við ábendingum um brot á ákvæðum laganna, rannsaka málið af því tilefni og senda að rannsókn lokinni málsskjöl til þeirra aðila er málið snerti.
6. Teldi Jafnréttisráð að ákvæði 2.-8. gr. laganna hefðu verið brotin skyldi það beina rökstuddum tilmælum um ákveðnar úrbætur til viðkomandi aðila. Féllist viðkomandi aðili ekki á tilmæli ráðsins væri því heimilt, í samráði við þann einstakling sem taldi á sér brotið, að höfða mál í umboði viðkomandi.

Eins og áður kom fram var í meðförum þingsins bætt við ákvæði í lögum um að ef kona hefði sótt um auglýst starf sem veitt hefði verið karlmanni gæti hún óskað eftir því að Jafnréttisráð færi fram á að viðkomandi atvinnurekandi veitti skriflegar upplýsingar um hvaða menntun, starfsreynslu og aðra sérstaka hæfileika sá hefði til að bera sem ráðinn var í starfið. Sama rétt skyldi karlmaður hafa sem sótt hefði um starf sem veitt var konu. Til þess að styrkja daglega starfsemi Jafnréttisráðs var bætt við áður nefndu ákvæði um að það skyldi hafa skrifstofu, ráða framkvæmdastjóra og að kostnaður við starf þess skyldi greiðast úr ríkissjóði.<sup>7</sup>

---

<sup>7</sup> *Alþingistíðindi* 1975-1976 A, bls. 1320 - 1321, 2115 - 2116.

### 1.3. Skípan Jafnréttisráðs 1976-1984

Samkvæmt lögum um jafnrétti kvenna og karla frá 1976 skyldi skipa 5 manneskjur í Jafnréttisráð til þriggja ára í senn og varamann fyrir hvern og einn fulltrúa. Formaður skyldi vera skipaður af Hæstarétti og hafa lokið embættisprófi í lögum, félagsmálaráðherra skipaði einn fulltrúa og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja(BSRB), Alþýðusamband Íslands(ASÍ) og Vinnuveitendasamband Íslands(VSÍ) fengu hvert sinn fulltrúa í ráðinu.<sup>8</sup> Jafnréttisráð var fullskipað í fyrsta sinn í júlí 1976 og í því sátu eftirtaldir fulltrúar:

Guðrún Erlendsdóttir formaður

Geirprúður H. Bernhöft skipuð af félagsmálaráðherra

Áslaug Thorlacius skipuð af BSRB

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir skipuð af ASÍ

Ólafur Jónsson skipaður af VSÍ en Baldur Guðlaugsson tók við af honum í febrúar 1977.

Bergþóra Sigmundsdóttir þjóðfélagsfræðingur var ráðin sem fyrsti framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs, fyrst í hálfu starfi en í fullu starfi frá janúar 1977.<sup>9</sup> Elín Pálsdóttir Flygenring lögfræðingur tók við starfinu 1982.

Nýtt Jafnréttisráð var skipað 1982 og þá sátu í því:

Guðríður Þorsteinsdóttir formaður

Vilborg Harðardóttir skipuð af félagsmálaráðherra

Lilja Ólafsdóttir skipuð af BSRB

Ragna Bergmann skipuð af ASÍ

Einar Árnason skipaður af VSÍ

Árið 1984 var Lârus Már Björnsson ráðinn sem fræðslufulltrúi í hálfu starfi í sex mánuði en við stöðu hans tók Fríða Björk Pálsdóttir sem sá um könnun á stöðu og störfum íslenskra kvenna.<sup>10</sup>

<sup>8</sup> Sama heimild.

<sup>9</sup> *Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn*. Skýrsla Jafnréttisráðs fyrir tímabilið júlí 1976 – desember 1979, bls. 5 - 6.

<sup>10</sup> *Skýrsla Jafnréttisráðs árið 1984*. Reykjavík: Jafnréttisráð, 1985, bls. 1 - 2.

#### 1.4. Helstu verkefni Jafnréttisráðs 1976-1984<sup>11</sup>

Í lögunum var ein helsta skylda Jafnréttisráðs að taka fyrir mál einstaklinga sem töldu að brotið hefði verið á réttindum sem lögin tryggðu þeim. Eitt algengasta umkvörtunarefnið var launamisrétti. Ráðið tók til starfa í júlí 1976 og í þessum sama mánuði barst því fyrsta kvörtunin um launamisrétti. Kvenkyns starfsmenn Kleppsspítala og í kjölfarið kvenkyns starfsmenn Kópavogshælis kvörtuðu yfir því að karlkyns samstarfsmenn í sambærilegum störfum fengju hærri laun. Konurnar voru félagar í Verkakvennafélaginu Sókn en karlarnir í BSRB og því voru launin greidd samkvæmt mismunandi kjarasamningum. Jafnréttisráð taldi um að ræða skýrt brot á lögunum um jafnrétti kvenna og karla og tók félagsmálaráðuneytið undir það en fjármálaráðuneytið hélt því fram að málið snerist einnig um lagalegan rétt stéttarféлага til kjarasamninga og því væri það lögbrot að greiða ekki laun í algeru samræmi við kjarasamninga. Sættir tókust ekki og höfðaði Jafnréttisráð mál á hendur fjármálaráðherra, með samþykki þeirra sem lögðu kvörtunina fram. Vorið 1978 var síðan dæmt starfskonum stofnananna tveggja í vil.

Þetta var eina málið, af þeim sem bárust Jafnréttisráði, sem endaði fyrir dómi á árabílinu 1976–1979. Fleiri kvartanir bárust frá konum vegna launamisréttis hjá opinberum stofnunum en ekki kemur fram í ársskýrslu ráðsins fyrir þessi fyrstu starfsár þess um hvaða stofnanir var að ræða, fyrir utan mál starfskvennanna á Kleppsspítala og Kópavogshæli. Yfirleitt enduðu málin með því að laun kvennanna voru leiðrétt. Í skýrslunni er ekki getið margra kvartana um launamisrétti á almenna vinnumarkaðnum en þó var einni kvörtun um launamisrétti í banka beint til ráðsins. Það enduðu þó ekki allar kvartanir um launamisrétti með leiðréttingum. Yfirnefnd um verðlagningu búvara tók í lok árs 1977 ekki vel í álit Jafnréttisráðs um að nefndin hefði brotið jafnréttislög með því að reikna húsfreyjum lægri laun en bændum, á sömu bæjum, á grundvelli verðlagningar búvara. Málið fór ekki lengra m.a. vegna þess að Jafnréttisráð taldi ekki í sínum verkahring að meta forsendur útreikninga verðlagsgrundvallar búvara.<sup>12</sup> Á árinu 1984 fór að bera meira á kærur til Jafnréttisráðs vegna meintrar mismununar á grundvelli kynferðis við stöðuveitingar og þá einna helst hjá opinberum stofnunum. Misjafnt var eftir hverju máli fyrir sig hvort Jafnréttisráð taldi um mismunun að ræða og þar með brot á lögunum um

<sup>11</sup> Þess ber að geta að þessi kafli fjallar að mestu leyti um verkefni Jafnréttisráðs á árunum 1976-1979 og árinu 1984 þar sem ársskýrslur fyrir árin 1980-1983 hafa ekki fundist.

<sup>12</sup> Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Skýrsla Jafnréttisráðs fyrir tímabilið júlí 1976 – desember 1979, bls. 9 - 38.

jafnrétti en í einu máli svaraði viðkomandi stofnun ekki erindum ráðsins og fannst meðlimum Jafnréttisráðs stofnunin sýna því virðingarleysi.<sup>13</sup>

Fyrir utan launamisréttismál var ýmiss konar umkvörtunarefnum beint til Jafnréttisráðs á árabílinu 1976-1979. Kynbundin ákvæði í kjarasamningum, reglugerð um að makalífeyrir væri eingöngu fyrir ekkjur, spurningar um hvort meina mætti karlmanni inngöngu í kvenfélag, tímaskipting milli kynja í gufuböðum Reykjavíkurborgar og ákvæði í reglum um sjúkradagpeninga eru nokkur dæmi. Algengt umkvörtunarefni var að opinber eyðublöð væru meira miðuð að karlmönnum og að opinberir pappírar, sem vörðuðu sameiginlega hagsmunum, væru stílaðir eingöngu á karlmanninn ef um sambýlisfólk var að ræða. Einnig var nokkuð um kvartanir yfir því að barnshafandi konum væri sagt upp störfum og gaf Jafnréttisráð út sérstaka yfirlýsingu um að slíkt væri skýrt brot á lögum um jafnrétti kvenna og karla. Jafnréttisráð var alltaf bundið af lögum, þótt þau fylgdu ekki alltaf fullkomlega þjóðfélagsþróuninni. Þar af leiðandi gat Jafnréttisráð ekki gert mikið fyrir konu sem kvartaði haustið 1976 yfir því að barni hennar hafði verið vísað af dagheimili þar sem hún hafði keypt íbúð með karlmanni. Þau deildu íbúðinni en voru ekki þar. Ráðið svaraði konunni að samkvæmt lögum væri alltaf litið á sambúð fólks af gagnstæðu kyni sem hjónaband. Harmaði ráðið að reglur um dagheimilispláss væru með þessum hætti og beindi því til Reykjavíkurborgar að fjölga dagvistunarúrræðum því að skortur á þeim ætti þátt í að hindra þróunina í átt að jafnrétti.<sup>14</sup> Á árinu 1984 var nokkuð farið að bera á kvörtunum vegna auglýsinga um vöru og þjónustu sem þóttu lítilsvirðandi í garð kvenna en slíkt var brot á lögum um jafnrétti. Ein kvörtun barst það ár vegna námsbókar sem þótti ýta undir hefðbundin hlutverkaskipti kynjanna en niðurstaðan varð að bókin skyldi tekin úr notkun.<sup>15</sup>

Eins og til var ætlast af því, samkvæmt lögum, beitti Jafnréttisráð sér á árunum 1976-1979 ekki eingöngu í málum tiltekinna einstaklinga heldur í málum sem vörðuðu jafnrétti í samfélaginu almennt. Eftir erindi frá Handavinnukennarafélagi Íslands, vorið 1978, sendi ráðið menntamálaráðherra bréf þar sem áhersla var lögð á að piltar og stúlkur fengju sömu kennslu bæði í bók- og verknámi. Þetta sama ár tók menntamálaráðuneytið ekki vel í athugasemdir Jafnréttisráðs við skipan framkvæmdanefndar vegna barnaárs Sameinuðu þjóðanna. Ráðið taldi ekki fara vel á því að eingöngu væru konur í nefndinni og að það viðhorf að málefni barna væri einkamál kvenna virtist vera ríkjandi. Æskilegra væri að stefna að jafnari kynjahlutföllum í opinberum

---

<sup>13</sup> Skýrsla Jafnréttisráðs árið 1984, bls. 4.

<sup>14</sup> Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Skýrsla Jafnréttisráðs fyrir tímabilið júlí 1976 – desember 1979, bls. 14 - 55.

<sup>15</sup> Skýrsla Jafnréttisráðs árið 1984, bls. 4 - 6.

nefndum. Ráðuneytið benti á að tilnefningaraðilar hefðu allir tilnefnt konur í nefndina og það hefði aldrei fengið athugasemdir frá Jafnréttisráði vegna nefnda á vegum ráðuneytisins sem eingöngu hefðu verið skipaðar karlmönnum. Taldi ráðuneytið þetta gefa til kynna að Jafnréttisráð teldi að konurnar hefðu eingöngu verið valdar í nefndina vegna kynferðis síns en ekki hæfni. Ráðuneytið leit svo á að væri þetta hlutverk Jafnréttisráðs virtist ekki vanþörf á að hyggja nánar að þeim málum. Ráðið svaraði því til að ætlunin hefði eingöngu verið að vekja athygli á þessum kynjahlutföllum en ekki varpa rýrð á tiltekna einstaklinga.

Frá upphafi starfsemi Jafnréttisráðs var lögð áhersla á að halda fundi og ráðstefnur með samtökum og stofnunum sem jafnréttismál vörðuðu. Sem dæmi má nefna fund í maí 1978 um skólamál og jafna stöðu kynja með námsstjórum grunnskóla og fulltrúum frá ýmsum stofnunum og skólum. Settur var á fót samstarfshópur sem koma átti með tillögur til úrlausna í sambandi við fræðslu í skólum. Árið eftir var haldin 100 manna ráðstefna með fulltrúum aðila vinnumarkaðarins þar sem m.a. voru haldin framsöguerindi um sveigjanlegan vinnutíma, dagvistunarmál og launamunur kynjanna ræddur. Starfshópar voru myndaðir um þá málaflokka sem teknir voru fyrir. Fulltrúum Jafnréttisráðs var boðið á fundi áhugamannafélaga um jafnrétti og var reynt að funda reglulega með jafnréttisnefndum sveitarfélaga en í upphafi starfsemi ráðsins voru þær fimm á öllu landinu en fyrir atbeina ráðsins lýstu 26 sveitarstjórnir því yfir að þær myndu stofna jafnréttisnefnd.<sup>16</sup> Þegar á árinu 1984 voru 19 slíkar nefndir starfandi í öllum landshlutum og Jafnréttisráð sagði að vegna fjárskorts og manneklu gæti það ekki sinnt nefndunum nægilega vel og að frumkvæði þeirra væri misjafnt.<sup>17</sup> Jafnréttisráð lagði sig fram um að fylgjast með samfélagsþróuninni, eins og því bar að gera, og efndi sama ár til sérstakrar ráðstefnu um áhrif tölvubyltingarinnar á jafnrétti kynjanna.<sup>18</sup> Flestir fundir sem fulltrúar Jafnréttisráðs tóku þátt í fóru fram á Stór-Reykjavíkursvæðinu og harmaði ráðið að geta ekki haldið fleiri fundi á landsbyggðinni sökum fjárskorts. Jafnréttisráð beitti sér almennt fyrir því að koma á samvinnu við félagasamtök og hið opinbera.

Jafnréttisráð beitti sér frá upphafi með ýmiss konar hætti fyrir auknu jafnrétti. Það sendi t.d. ráðherrum og ráðuneytisstjórum áminningu um að taka mið af lögum um jafnrétti við skipanir í opinberar nefndir. Það óskaði eftir því við ríkissáttasemjara og aðila vinnumarkaðarins að jafnréttislögin væru höfð að leiðarljósi við gerð kjarasamninga. Ráðið áréttaði við fjölmiðla að haga atvinnuauglýsingum þannig að ekki væri auglýst eftir starfsmanni af ákveðnu

---

<sup>16</sup> Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Skýrsla Jafnréttisráðs fyrir tímabilið júlí 1976 – desember 1979, bls. 9 - 78.

<sup>17</sup> *Skýrsla Jafnréttisráðs árið 1984*, bls. 10 - 11.

<sup>18</sup> „Fréttir frá Jafnréttisráði“, *Vera* 2, nr. 6-7 (1983), bls. 52.

kyni og kom athugasemdum á framfæri við aðila sem stóðu fyrir slíkum auglýsingum. Jafnréttisráð hvatti stjórnmalaflokka til að auka hlut kvenna á framboðslistum fyrir Alþingis- og sveitarstjórnarkosningar árið 1978 en með takmörkuðum árangri þar sem hlutfall kvenna á þingi hélst óbreytt eftir kosningar það ár.

Jafnréttisráð veitti umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur sem vörðuðu jafnréttismál. Í lok árs 1976 veitti það, að beiðni allsherjarnefndar neðri deildar Alþingis, umsagnir um frumvörp til ættleiðingarlaga og barnalaga. Umsagnirnar miðuðu almennt að því að auka jafnrétti. Ráðið lagði t.d. til að erlend börn sem ættleidd væru af Íslendingum fengju sjálfkrafa íslenskan ríkisborgararétt og fagnaði því að gera ætti óskilgetin börn jafnréttihá skilgetnum. Jafnréttisráð veitti einnig umsögn um frumvarp til laga um tekju- og eignaskatt. Ráðið lagði m.a. áherslu á að ákvæði frumvarpsins um samsköttun hjóna samræmdu ekki jafnréttislögum. Sérsköttun hjóna ætti að vera viðmiðið og það myndi auðvelda giftum konum að verða ekki of fjárhagslega háðar eiginmönnum sínum. Jafnréttisráð taldi að þetta ætti að gilda um bæði tekju- og eignaskatt.<sup>19</sup> Undir lok tímabilsins veitti ráðið umsögn um annað skattalagafrumvarp um minni skattbyrði hjóna þar sem annar aðilinn var heimavinnandi og hvatti Jafnréttisráð þá til að lækkunin yrði í formi hækkunar barnabóta.<sup>20</sup>

Í lögnum um jafnrétti kom fram að veita skyldi jafnréttisfræðslu í skólum. Það var ekki beinlínis tekið fram að Jafnréttisráð ætti að veita slíka fræðslu en sem framkvæmdaaðili laganna beitti það sér fyrir slíkri fræðslu í samstarfi við skóla og fræðslustofnanir. Þegar kom að fræðslu í þjóðfélaginu almennt reyndi ráðið eftir bestu getu að svara óskum innlendra sem erlendra aðila um upplýsingar um starfsemi ráðsins og stöðu jafnréttismála á Íslandi en lítið var til af upplýsingaefni og tölfræði um þessi efni, a.m.k. fyrstu starfsár Jafnréttisráðs.<sup>21</sup> Í ársskýrslu Jafnréttisráðs fyrir árið 1984 var þess sérstaklega getið að nokkuð væri um að leitað væri til skrifstofu ráðsins eftir lögfræðilegri ráðgjöf, af bæði konum og körlum, um t.d. réttindi í hjónabandi og réttindi í forsjármálum við skilnað. Fulltrúar í Jafnréttisráði og starfsmenn þess reyndu að verða við öllum óskum frá félagasamstökum um að flytja fræðsluerindi ýmist um störf ráðsins eða stöðu jafnréttismála en ekki var unnt vegna mannfæðar að bjóða upp á slík erindi að fyrri bragði.<sup>22</sup> Jafnréttisráð gaf út í febrúar og nóvember 1978 fréttabréfið *Hlið við Hlið* en ekki gafst tími til að gefa það út fjórum sinnum á ári

---

<sup>19</sup> Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Skýrsla Jafnréttisráðs fyrir tímabilið júlí 1976 – desember 1979, bls. 19 – 70.

<sup>20</sup> *Skýrsla Jafnréttisráðs árið 1984*, bls. 6.

<sup>21</sup> Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Skýrsla Jafnréttisráðs fyrir tímabilið júlí 1976 – desember 1979, bls. 61.

<sup>22</sup> *Skýrsla Jafnréttisráðs árið 1984*, bls. 7 – 8.



eins og til stóð. Í þeim tölublöðum sem komu út var farið yfir víðan völl og sýnt m.a. fram á að laun karla væru að meðaltali 13,3% hærra en kvenna í sömu atvinnugreinum og einnig að það stæðist ekki skoðun að konur væru óstöðugra vinnuafli og þess vegna eðlilegt að þær væru almennt neðar í launatöflum.<sup>23</sup> Fréttabréfið fékk nýtt nafn 1983, *Fréttir*, og tókst að koma því út þrisvar árið 1984. Sama ár gaf ráðið út bæklinginn „Faðir, móðir, barn“, sem læknar, sálfræðingar, félagsfræðingur og lögfræðingur komu að, með ýmiss konar fræðsluefni til verðandi og nýrra foreldra um t.d. meðgöngu, fæðingu og réttarstöðu barna.<sup>24</sup> Þá gaf Jafnréttisráð árið 1983 út bókina *Konur og stjórmmál* eftir Esther Guðmundsdóttur.

Fræðslumál hvíldu þó mestmegnis á ráðgjafarnefnd Jafnréttisráðs. Nefndin var ekki nefnd sérstaklega í lögunum um jafnrétti frá 1976 en eftir að ákveðið var að Jafnréttisráð tæki við verkefnum kvennaársnefndar, sem skipuð var í tilefni af kvennaári Sameinuðu þjóðanna 1975, fékk það heimild frá forsætisráðuneytinu til að skipa ráðgjafarnefnd. Nefndin tók til starfa í apríl 1977 og formaður hennar var Björg Einarsdóttir.<sup>25</sup> Björg var formaður nefndarinnar til 1981 en þá tók Lilja Ólafsdóttir við formennsku og gegndi henni til 1983 þegar Magdalena Schram tók við.<sup>26</sup> Erfiðlega gekk í byrjun að koma af stað samstarfi Jafnréttisráðs og ráðgjafarnefndarinnar við fræðsluyfirvöld. Samstarfshópurinn sem skipa átti eftir áður nefndan fund 1978 um skólamál og jafnréttisfræðslu tók ekki til starfa fyrr en 1981 vegna skorts á svörum frá menntamálaráðuneytinu en eftir það fundaði ráðgjafarnefndin reglulega með Jafnréttisráði og námsstjórum á grunnskólastigi.<sup>27</sup> Eftir að samstarfið komst á fékk nefndin að lesa yfir handrit að kennsluefni í samfélagsfræðum með tilliti til jafnréttis og voru athugasemdir nefndarinnar teknar til greina við lokaútgáfu kennsluefnisins. Nefndin beitti sér fyrir því að iðnnám væri sérstaklega kynnt fyrir stúlkum og á árunum 1978 og 1979 beindi nefndin sjónum sínum að norrænu tilraunaverkefni um að koma á jafnréttisfræðslu fyrir foreldra barna sem ekki hefðu náð grunnskólaaldri og í lok árs 1979 var nefndin farin að vinna að gerð tilhlítandi fræðsluefnis.<sup>28</sup> Bæklingur um þetta efni kom síðan út 1984. Ráðgjafarnefndin gerði drög að fræðsluefni um jafnréttismál fyrir nemendur í 7. og 8. bekk veturinn 1981–1982 og árið eftir beindi hún sjónum sínum að mynd- og handmennt auk

<sup>23</sup> Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Skýrsla Jafnréttisráðs fyrir tímabilið júlí 1976 – desember 1979, bls. 19 – 70.

<sup>24</sup> *Skýrsla Jafnréttisráðs árið 1984*, bls. 8.

<sup>25</sup> Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Skýrsla Jafnréttisráðs fyrir tímabilið júlí 1976 – desember 1979, bls. 73.

<sup>26</sup> *Skýrsla Jafnréttisráðs árið 1985*. Reykjavík: Jafnréttisráð, 1986, bls. 15.

<sup>27</sup> *Alþingistíðindi* 1986–1987 B, d. 2886–2889. *Skýrsla Jafnréttisráðs árið 1985*, bls. 14.

<sup>28</sup> Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Skýrsla Jafnréttisráðs fyrir tímabilið júlí 1976 – desember 1979, bls. 74 – 78.

Íþróttakennslu.<sup>29</sup> Í mars 1984 var haldin á vegum Jafnréttisráðs og ráðgjafarnefndarinnar ráðstefna um menntun og jafnrétti þar sem voru flutt erindi m.a. um kynbundin viðhorf í sambandi kennara og nemenda, viðhorf skólabarna til kynhlutverka og tengsl skóla og heimila.<sup>30</sup>

Á árunum 1976–1979 fór alþjóðlegt samstarf Jafnréttisráðs fyrst og fremst fram á norrænum vettvangi. Formaður og framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs fluttu erindi um jafnréttismál á Íslandi á norrænum fundum og ráðstefnum og í árslok 1976 var formaðurinn skipuð fulltrúi Íslands í samstarfshópi ráðherranefndar Norðurlandaráðs. Samstarfshópurinn stóð að ýmsum könnunum um jafnréttismál og samþykkti vinnuáætlun um norræna samvinnu á sviði jafnréttismála þar sem rakið var á hvaða þjóðfélagssviðum væri helst þörf fyrir aðgerðir. Hópurinn var gerður að fastri vinnunefnd um jafnréttismál árið 1978.<sup>31</sup> Áherslan á norrænt samstarf hélt áfram til loka þessa fyrsta tímabils í sögu Jafnréttisráðs. Helstu nýjungar á árinu 1984 voru að framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs var skipuð í nefnd Evrópuráðsins um stjórnmalabátttöku kvenna og formaðurinn í nefnd um jafnrétti kynjanna. Formaðurinn og framkvæmdastjórinn tóku sama ár sæti í undirbúningsnefnd vegna þátttöku Íslands á þriðju kvennaáratugarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna.<sup>32</sup>

Jafnréttisráð ályktaði einnig um ýmislegt sem varðaði Jafnréttismál og þar á meðal voru deilur sem spruttu um stöðuveitingar þar sem halla þótti á konur gagnvart körlum. Dæmi um slíkt mál er veiting lyfsöluleyfis á Dalvík árið 1980 og ályktaði Jafnréttisráð að þetta mál sýndi fram á að upp á vantaði að lögin um jafnrétti kvenna og karla frá 1976 tryggðu nægilega að jafnréttis væri gætt og því væri þörf á að endurskoða lögin.<sup>33</sup> Jafnréttisráð beitti sér iðulega í slíkum málum og leitaði eftir upplýsingum til dæmis hjá ráðherrum ef um var að ræða stöður sem þeir skipuðu í.

Samskipti Jafnréttisráðs við þingmenn og ráðherra virðast hafa verið nokkuð óregluleg fyrstu starfsár ráðsins og til að mynda var Alexander Stefánsson fyrstur félagsmálaráðherra til að sitja reglulegan fund ráðsins, en hann tók við embættinu vorið 1983.<sup>34</sup> Segja má að sú staðreynd sé til marks um að styrkur og staða Jafnréttisráðs þótti nokkuð veik frá upphafi og fór Jafnréttisráð ekki í grafgötur með að það teldi sig vanbúið til að rækja hlutverk sitt.

---

<sup>29</sup> *Skýrsla Jafnréttisráðs árið 1985*, bls. 14.

<sup>30</sup> *Skýrsla Jafnréttisráðs árið 1984*, bls. 9.

<sup>31</sup> Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Skýrsla Jafnréttisráðs fyrir tímabilið júlí 1976 – desember 1979, bls. 74 – 78.

<sup>32</sup> *Skýrsla Jafnréttisráðs árið 1984*, bls. 12.

<sup>33</sup> *Alþingistíðindi* 1980–1981 B, d. 2161 – 2162.

<sup>34</sup> *Alþingistíðindi* 1983–1984 B, d. 259 – 260.

## 1.5. Óstyrk staða Jafnréttisráðs

Ljóst er að verkefni Jafnréttisráðs voru víðtæk og yfirgripsmikil allt frá því að það tók til starfa í júlí 1976. Í skýrslu fyrir árin 1976–1979 er tekið fram að það liggi í augum uppi að á meðan framkvæmdastjórinn sé eini starfsmaðurinn geti Jafnréttisráð ekki sinnt lögbundnum verkefnum sínum. Algert „lífsspursmál“ væri að búa betur að ráðinu ætti það að geta þjónað tilgangi sínum. Breytingar hafi orðið til batnaðar á hugarfari fólks til jafnréttismála og mikilvægt að halda áfram á sömu braut. Nokkuð var um það, samkvæmt skýrslunni, að opinberar stofnanir, félagasamtök og fyrirtæki svöruðu ekki erindum og fyrirspurnum ráðsins, jafnvel þótt Jafnréttisráð teldi viðkomandi aðila brotlegan við lög um jafnrétti kvenna og karla. Ráðið þurfti einnig að ganga á eftir því við ráðuneyti og fastanefndir Alþingis að því yrðu send til umsagnar frumvörp og þingsályktunartillögur sem vörðuðu jafnréttismál. Í fyrstu ársskýrslu Jafnréttisráðs var tekið fram að það hefði frá upphafi fengið minna fé á fjárlögum en ráðið taldi vera algert lágmark til að hægt væri að reka raunhæfa starfsemi. Meðan fjárveitingavaldið kæmi ekki til móts við Jafnréttisráð væri borin von að það gæti sinnt hlutverki sínu eins og til væri ætlast samkvæmt jafnréttislögum.<sup>35</sup> Þetta breyttist lítið eftir að ráðið skilaði þessari fyrstu ársskýrslu sinni. Í byrjun árs 1983 sagði Elín Pálsdóttir Flygenring, framkvæmdastjóri ráðsins, að vegna fjárskorts og mannfæðar á skrifstofu Jafnréttisráðs væri takmarkaður tími til að sinna öðru en kærumálum. Hún sagði tregðu gagnvart jafnréttismálum ríkja innan stjórnkerfisins og að stjórnvöld teldu sig hafa þvegið hendur sínar með setningu laga um jafnrétti og þætti duga að forsetinn væri kona. Hún sagði Jafnréttisráði hafa verið sýndur lítill skilningur en þó hefði í félagsmálaráðherratíð Svavars Gestssonar (1980–1983) fengist í gegn að ráða fulltrúa í hálfstarf og þjóðfélagsfræðing, sem sinnti rannsóknum, í hálfstarf. Elín sagði Jafnréttisráð vera áhugasamt um að breyta starfseminni í auknum mæli í átt til stefnumörkunar og þess að reyna að gera ráðið áhrifameira í þjóðfélaginu.<sup>36</sup> Frá upphafi var því staða Jafnréttisráðs nokkuð veik í ljósi víðtækra skyldna og verkefna en um leið takmarkaðs aðbúnaðar. Vilji var innan ráðsins til að hafa áhrif á þjóðfélagið og beina því til jafnréttis en oft og tíðum hafði ráðið aðeins getu til að bregðast við málum sem upp komu frá degi til dags. Það ber vott um nokkuð misjöfn áhrif ráðsins og á köflum takmarkaðan styrk þess að í þó nokkrum tilfellum var ráðið beinlínis hunsað. Jafnréttisráð var

<sup>35</sup> Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Skýrsla Jafnréttisráðs fyrir tímabilið júlí 1976 – desember 1979, bls. 8, 52–56, 63, 80.

<sup>36</sup> „Rætt við Elínu Pálsdóttur framkvæmdastjóra Jafnréttisráðs um skyldur og störf ráðsins“, *Vera* 2, nr. 1 (1983), bls. 28 – 29.

Þó ekki algerlega áhrifalaust en tilfelli voru sannarlega til staðar þar sem fólk sem leitaði til ráðsins fékk leiðréttingu sinna mála.

### 1.6. Umræða á þingi um að efla þyrfti starfsemi Jafnréttisráðs

Ekki leið á löngu uns sú umræða kom upp á Alþingi að Jafnréttisráð væri of veikburða, réði ekki við að framfylgja lögum um jafnrétti kvenna og karla og að auka þyrfti möguleika þess til að stuðla að jafnrétti. Veturinn 1980–1981 lagði Jóhanna Sigurðardóttir fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um jafnrétti kvenna og karla. Í frumvarpinu var ákvæðinu um að umsækjandi um starf gæti, fyrir milligöngu Jafnréttisráðs, farið fram á skriflegar upplýsingar um menntun og starfsreynslu þess einstaklings sem ráðinn var í starfið breytt á þann hátt að Jafnréttisráð, annaðhvort eitt og sér eða að beiðni umsækjanda, gæti farið fram á að atvinnurekandi veitti því skriflegar upplýsingar um hvað lagt var til grundvallar við ráðningu í starfið og að þetta ákvæði skyldi eiga eingöngu við þegar auglýst starf sem kona hefði sótt um væri veitt karlmanni. Jóhanna sagði í greinargerð með frumvarpinu að skerpa yrði þetta upplýsingaákvæði þar sem upplýsingar um menntun og starfsreynslu lægju yfirleitt þegar fyrir og með því að breyta ákvæðinu með þessum hætti yrði Jafnréttisráði gert betur kleift að meta hvort um mismunun vegna kyns væri að ræða. Þegar kom að því að láta þetta ákvæði eiga eingöngu við konur tengdist það væntanlega ákvæði sem Jóhanna vildi koma inn í lögina um að þegar ráðið væri í starf innan starfsgreinar þar sem karlar hefðu frekar orðið fyrir valinu yrði atvinnurekendum að öðru jöfnu skylt að ráða konu í starfið. Jóhanna rökstuddi frumvarp sitt með því að lögina um jafnrétti hefðu ekki borið tilætlaðan árangur. Hún sagði í greinargerð með frumvarpi sínu það hafa sannast að Jafnréttisráð hefði ekki það bolmagn sem það þyrfti til að framfylgja lögnum. Jóhanna vitnaði í skýrsluna yfir þrjú fyrstu starfsár ráðsins þar sem fram hafði komið að af einstökum málum sem ráðið hefði fjallað um hefði mest borið á málum sem vörðuðu launamisrétti. Þess vegna vildi hún bæta ákvæði við lögina um að Jafnréttisráði yrði tryggt fé af fjárlögum til að standa fyrir sérstökum könnunum á launakjörum karla og kvenna. Minnti Jóhanna á að samkvæmt lögnum ætti Jafnréttisráð að taka til rannsóknar hvaða brögð væru að misrétti í málum sem lögina vörðuðu. Ljóst væri að ráðið væri ekki fært um að framfylgja ákvæði laganna um að greiða skyldi jöfn laun fyrir jafn verðmæt störf ef það gæti ekki gert launakannanir. Ráðið hefði frá upphafi leitast við að fá aukið starfslið sem væri forsendan fyrir að hægt væri að standa fyrir könnunum á launakjörum í landinu og fylgjast með að launajafnrétti væri virt í raun og veru. Við núverandi aðstæður gæti Jafnréttisráð eingöngu miðað við launataxta sem dygðu engan veginn sem viðmið um raunveruleg launakjör í landinu.<sup>37</sup>

<sup>37</sup> *Alþingistíðindi* 1980–1981 A, bls. 1777 – 1780.

Í félagsmálanefnd neðri deildar náðist ekki samstaða um frumvarpið nema að því leyti að taka undir mikilvægi þess að framkvæma launakannanir en nefndarmenn töldu að Kjararannsóknarnefnd gæti framkvæmt þær í samvinnu við Jafnréttisráð og sammæltust nefndarmenn um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar í trausti þess að slíkar kannanir færu fram.<sup>38</sup>

Þessar efasemdir um styrk Jafnréttisráðs og getu þess til að framfylgja lögum um jafnrétti kvenna og karla sköpuðu þar af leiðandi að vissu leyti ákveðinn farveg að þeim breytingum sem gerðar voru á hlutverki ráðsins þegar lögunum var næst breytt og frekari skyldur lagðar á herðar ráðinu. Þegar Alexander Stefánsson mætti fyrstur félagsmálaráðherra á hinn reglulega fund Jafnréttisráðs vorið 1983 höfðu fulltrúar þess átt sæti í nefnd sem skipuð var 1981 til að endurskoða lög in um jafnrétti kvenna og karla. Nú þótti nefndarmönnum og sumum þingmönnum lag að styrkja Jafnréttisráð í sessi.

---

<sup>38</sup> *Alþingistíðindi* 1980–1981 A, bls. 2693.

## 2. Auknar skyldur og verkefnum fjölga 1985–1990

### 2.1. Aukin verkefni Jafnréttisráðs

Félagsmálaráðherra lagði fram á þingi veturinn 1983–1984 frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sem byggt var á tillögum nefndarinnar sem skipuð var 1981. Formaður Jafnréttisráðs átti sæti í nefndinni ásamt framkvæmdastjóra en þegar Elín Pálsdóttir Flygenring tók við starfi framkvæmdastjóra var hún jafnframt ráðin starfsmaður nefndarinnar. Nefndin taldi lögum um jafnrétti kvenna og karla frá 1976 hafa verið betri en ekkert en þau hefðu ekki verið það haldreipi sem þurfti til að koma á jafnrétti eins og vonast var eftir.

Nefndin lagði til að vald Jafnréttisráðs yrði styrkt með því að veita því sjálfstæðan málshöfðunarrétt, þ.e.a.s. að ekki þyrfti sérstakt samþykki kæranda til að ráðið gæti höfðað mál á hendur aðila sem það teldi hafa gerst brotlegan við lögum. Slíkt ákvæði rataði hins vegar ekki í frumvarpið. Fleiri dæmi voru um að félagsmálaráðherra vildi ekki ganga jafn langt og nefndin. Tillaga nefndarinnar um að aðilar sem sakaðir væru um mismunun á grundvelli kynferðis við stöðuveitingar þyrftu að sanna að ekki væri um slíkt að ræða var ekki sett í frumvarpið þar sem það þótti ekki samræmast íslenskri réttarvenju að stefnandi þyrfti ekki að færa sönnur á kæruefnið. Einnig var tillaga nefndarinnar um að hafa sérstakt ákvæði í lögnum um að þeim væri ætlað að bæta sérstaklega stöðu kvenna ekki tekin með í frumvarpið. Tillaga nefndarinnar um breytingar á skipan Jafnréttisráðs var hins vegar tekin til greina. Hún kvað á um að fjölga yrði í Jafnréttisráði úr fimm fulltrúum í sjö og að sætin skyldu ganga til samtaka sem hefðu jafnréttisbaráttu sérstaklega á stefnuskrá sinni. Ákveðið var að Kvenréttindafélag Íslands og Kvenfélagasamband Íslands skyldu fá rétt til að skipa fulltrúa í ráðið. Skyldur sem lagðar voru á herðar Jafnréttisráði í lögnum frá 1976 áttu að haldast óbreyttar en sérstakt ákvæði var sett inn um ráðgjafarnefndina og sérstaklega skyldi tekið fram að Jafnréttisráð skyldi hafa samvinnu við menntamálaráðuneytið, sem bar ábyrgð á framkvæmdinni, um veitingu fræðslu um jafnréttismál í skólum og öðrum uppeldisstofnunum auk þess að haga náms- og starfsfræðslu í skólum með þeim hætti að stuðlað yrði að breytingum á hefðbundnu náms- og starfsvali kvenna. Auk þessa var því bætt við skyldur Jafnréttisráðs að það ætti að sjá um upplýsinga- og fræðslustarfsemi gagnvart almenningi og félagasamtökum en þótt því bæri ekki sérstök skylda til þess, samkvæmt lögnum frá 1976, hafði það orðið eitt helsta verkefni ráðsins. Stærsta breytingin á skyldum Jafnréttisráðs, samkvæmt frumvarpinu, var ákvæði

um að það skyldi vinna framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára í senn og leggja fyrir ráðherra. Ætlunin með þessu var að skapa forsendur fyrir því að Jafnréttisráð yrði stefnumótandi aðili í jafnréttismálum.<sup>39</sup> Þar með má segja að vilji fulltrúa í Jafnréttisráði til að hafa meiri áhrif á stefnumörkun hafi náð fram að ganga.

Í framsöguræðu sinni sagði Alexander Stefánsson, félagsmálaráðherra, að samkvæmt frumvarpinu væru bundnar miklar vonir við þátt Jafnréttisráðs. Hann bætti því við síðar í umræðunni um frumvarpið að hann hefði lagt sig fram við að kynna sér starfsemi Jafnréttisráðs og að hans mati væri langt frá því að ráðið hefði getað unnið að þessum málum eins og gildandi lög gerðu ráð fyrir. Möguleg skýring væri að í gildandi lögum væri aðeins kveðið á um að stuðla að jafnrétti en í þessu frumvarpi væri gert ráð fyrir að koma á jafnrétti.<sup>40</sup>

Sumir þingmenn töldu frumvarpið ekki ganga nógu langt og töldu Jafnréttisráð ekki vera styrkt nægilega mikið. Jóhanna Sigurðardóttir sagði að hún gerði ekki lítið úr ákvæðinu um að Jafnréttisráð skyldi vinna framkvæmdaáætlun til fjögurra ára. Jafnréttisráð hefði þó í starfi sínu gert ýmsar áætlanir sem reynt hafði verið að vinna eftir og reynt að fá aukið starfslið en færstar þessara áætlana hefðu verið teknar til greina. Jóhanna sagði að veita yrði fjármagn til að Jafnréttisráð gæti unnið að þeim verkefnum sem því væri ætlað annars breytti það engu þótt ráðið fengi auknar skyldur með frumvarpinu. Svavar Gestsson sagði það slæmt að svipta Jafnréttisráð sjálfstæðum málshöfðunarmöguleikum. Friðrik Sophusson var hins vegar bjartsýnni og sagði gott að Jafnréttisráð ætti að vera ráðgefandi gagnvart stjórnvöldum, stofnunum og félagasamtökum í jafnréttismálum. Það myndi ýta undir að á hverjum tíma myndi ríkja ákveðin stefna í þessum málum sem myndi vonandi knýja menn til umræðu um þessi mál.<sup>41</sup>

Nokkrir þingmenn lögðu síðan fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um jafnrétti kvenna og karla frá 1976 sem var að öllu leyti í samræmi við tillögur nefndarinnar sem skipuð var 1981 til að gera tillögur að frumvarpi til laga um breytingu á lögum. Í þingmannafrumvarpinu var tekið sérstaklega fram að Jafnréttisráði skyldi skammtað nægilegt fé á hverju ári til að það gæti sinnt lögbundnum verkefnum sínum. Þingmennirnir höfðu í sínu frumvarpi ákvæði um að Jafnréttisráði væri heimilt að höfða refsímál, ef ríkissaksóknari höfðaði ekki opinbert refsímál, vegna ætlaðra brota á lögum og skyldu þá gilda sömu reglur og um meðferð einkamála. Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu var þetta talið nauðsynlegt til að Jafnréttisráð gæti fengið dóm um ákveðin atriði sem gætu haft fordæmisgildi. Álit nefndarinnar fylgdi með greinargerðinni og

---

<sup>39</sup> *Alþingistíðindi* 1983–1984 A, bls. 2058 – 2067.

<sup>40</sup> *Alþingistíðindi* 1983–1984 B, d. 4880, 4889 – 4981.

<sup>41</sup> *Alþingistíðindi* 1983–1984 B, d. 4984 – 5004.

þar kom fram að fulltrúar í Jafnréttisráði hefðu ítrekað það við nefndina að mannfæð og fjárskortur

hefðu alltaf hamlað starfsemi ráðsins og þar af leiðandi var ákvæðið um að tryggja yrði nægilegt fjármagn til að Jafnréttisráð gæti sinnt lögbundnum skyldum sínum sett í frumvarpið.<sup>42</sup>

Það er því ljóst að þegar þarna var komið sögu stóð vilji Alþingis og félagsmálaráðherra almennt til þess að efla og styrkja Jafnréttisráð en aftur á móti ríkti ekki einhugur um hversu langt skyldi ganga í þeim efnum. Skemmst er frá því að segja að hvorki frumvarp ráðherrans né þingmannafrumvarpið hlutu lokaafgreiðslu þennan þingvetur.

Veturinn 1984–1985 lagði félagsmálaráðherra fram sitt frumvarp óbreytt. Í meðförum félagsmálanefndar neðri deildar náðist samstaða um að styrkja málshöfðunarheimild Jafnréttisráðs á þann veg að því skyldi heimilað að höfða mál í samráði við þann aðila sem teldi á sér brotið en þyrfti ekki að reka málið í umboði viðkomandi eins og frumvarp ráðherrans kvað á um. Einnig var bætt við frumvarpið ákvæði um að sérstakar tímabundnar aðgerðir til að bæta stöðu kvenna myndu ekki flokkast undir mismunun á grundvelli kynferðis. Nefndin breytti ákvæðinu um framkvæmdaáætlanir Jafnréttisráðs á þann veg að félagsmálaráðherra skyldi leggja framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára í senn fyrir ríkisstjórnina þar sem kveða skyldi á um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna. Við gerð þessarar áætlunar skyldi framkvæmdaáætlun Jafnréttisráðs höfð til hliðsjónar. Áætlunin skyldi lögð fyrir Alþingi til umræðu og jafnframt skyldi ráðherrann á tveggja ára fresti leggja fram skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála.<sup>43</sup> Væntanlega hefur ætlun nefndarinnar, með ákvæðinu um framkvæmdaáætlanirnar, verið að tryggja að tillögur Jafnréttisráðs ættu sem greiðasta leið inn í ríkisstjórn og þá um leið að ýta undir að ríkisstjórnin beitti sér markvisst í jafnréttismálum. Segja má að þetta sé að vissu leyti undanfari þeirra breytinga sem síðar voru gerðar á starfsemi Jafnréttisráðs þegar hlutverk félagsmálaráðherra og ríkisstjórnarinnar allrar í jafnréttismálum var aukið og skyldum Jafnréttisráðs fækkaði, en þegar þarna var komið sögu var ætlunin enn sú að styrkja Jafnréttisráð og auka skyldur þess eins og vilji þingmanna stóð almennt til.

Í umræðu um frumvarpið sagði félagsmálaráðherra að samstarfið milli Jafnréttisráðs og ráðuneytis síns hefði verið mjög gott. Vilji ráðuneytisins stæði til að bæta samstarfið enn frekar og beina því í þann farveg sem frumvarpið kvað á um. Ráðherrann sagði einnig að í þeirri viðleitni að koma á jafnrétti væri það framkvæmdin sem skipti meginmáli og þá sérstaklega hvernig búið væri að Jafnréttisráði. Þar hefði Alþingi síðasta orðið eins og í öllu öðru sem varðaði

<sup>42</sup> *Alþingistíðindi* 1983–1984 A, bls. 2155 – 2166.

<sup>43</sup> *Alþingistíðindi* 1984–1985 A, bls. 439 – 448, bls. 3944 – 3945.



fjármál ríkisins. Þess vegna taldi ráðherrann ekki þörf á því að hafa sérstakt ákvæði í lögnum um að Jafnréttisráði skyldi tryggt nægilegt fé til að standa undir lögbundnum skyldum sínum.<sup>44</sup>

Eins og veturinn áður lögðu þeir þingmenn sem lengst vildu ganga fram sitt eigið frumvarp þar sem ákvæðið um nægilegt fjármagn var enn til staðar og málshöfðunarákvæðið var á þá leið að Jafnréttisráð gæti höfðað mál án þess að hafa um það sérstakt samráð við þann einstakling sem lagði fram kæru upphaflega.<sup>45</sup> Þetta frumvarp náði ekki fram að ganga frekar en frumvarpið frá vetrinum áður.

Eins og áður segir var misjafnt hversu langt þingmenn vildu ganga til að styrkja Jafnréttisráð svo að það væri betur til þess fallið að framfylgja jafnréttislögnum. Svavar Gestsson vildi fara sem mest eftir umsögn Jafnréttisráðs sjálfs um frumvarpið og las hana upp í heild sinni við umræðuna. Í umsögninni kom einmitt fram að ráðið teldi mikilvægt að hafa sérstakt ákvæði í lögnum um að rétta stöðu kvenna þar sem lögin frá 1976 hefðu veitt litla möguleika til að hafa áhrif á raunverulega stöðu karla og kvenna. Ráðið vildi hafa ákvæði um öfuga sönnunarbyrði í stöðuveitingamálum, þ.e.a.s. að atvinnurekandi yrði að sýna fram á að ekki hefði verið um mismunun að ræða við stöðuveitingu, þegar kvörtun um slíkt bærast. Taldi Jafnréttisráð slíkt ákvæði auðvelda til muna að bæta stöðu þess einstaklings sem brotið væri á. Ráðið taldi einnig mikilvægt að hafa heimildina til að höfða einkarefsimál ef um sérstök atriði sem hefðu fordæmisgildi væri að ræða. Jafnréttisráð lýsti sig sammála því að fræðsluþróun yrðu gerð sérstaklega ábyrg fyrir framkvæmd fræðslu um jafnréttismál í menntastofnunum enda væri það ekki á valdi ráðsins að koma slíkri fræðslu sérstaklega á þó að ráðgjafarnefnd ráðsins hefði unnið talsvert að þessum málum. Ráðið tók það raunar sérstaklega fram að ráðgjafarnefndin hefði fjallað um langtímaverkefni en mestur tími Jafnréttisráðs hefði aftur á móti farið í afgreiðslu kærumála. Starf nefndarinnar væri þess vegna ómetanlegt. Með ákvæðinu um að Jafnréttisráð tæki einnig að sér fræðslu til félagasamtaka og almennings væri verið að formfesta það sem nú þegar ætti sér stað. Það sama sagði ráðið eiga við um nýtt ákvæði um að því bæri að hafa samband við jafnréttisnefndir sveitarfélaga, slíkt samstarf væri þegar fyrir hendi. Með auknum verkefnum Jafnréttisráðs samkvæmt frumvarpinu taldi ráðið það liggja beint við að auka fjárveitingar og fjölga starfslíði á skrifstofu þess.<sup>46</sup>

Ráðið fékk á endanum a.m.k. hluta af þessum óskum uppfylltar. Ákvæðið um öfugu sönnunarbyrðina hlaut ekki samþykki og heldur ekki ákvæðið um heimild til höfðunar einkarefsímáls. Það voru ekki allir þingmenn sáttir við stöðuna

---

<sup>44</sup> *Alþingistíðindi* 1984–1985 B, d. 360 – 363.

<sup>45</sup> *Alþingistíðindi* 1984–1985 A, bls. 745 – 756.

<sup>46</sup> *Alþingistíðindi* 1984–1985 B, d. 648 – 656.

þegar hinni þinglegu meðferð var lokið og sagði t.d. Kristín Halldórsdóttir að Jafnréttisráð væri févana og valdalaus stofnun sem gæti gert miklu meira gagn og haft miklu meiri áhrif ef betur væri að henni búið.<sup>47</sup> Eftir stóð þó að ráðinu voru falin aukin verkefni og skyldur og möguleikar þess til að hafa áhrif á jafnréttismál jukust með þessu lagafrumvarpi sem var á endanum samþykkt sumarið 1985 með áðurnefndum breytingartillögum félagsmálanefndar Alþingis.

## 2.2. Verkefni og skyldur Jafnréttisráðs samkvæmt lögum nr. 65/1985 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla

Eins og áður sagði var ein helsta breytingin sem gerð með lagasetningunni 1985 sú að sérstakar tímabundnar aðgerðir í þágu kvenna voru leyfðar og verkefni og skyldur Jafnréttisráðs jukust. Ætlunin var að Jafnréttisráð myndi herða róðurinn. Eftir að lagafrumvarpið fór sína leið í þinginu stóð eftir að ákvæðin um skyldur ráðsins í lögnum frá 1976 voru óbreytt nema að nú var sérstaklega tekið fram í ákvæðinu um jafnréttisfræðslu að menntamálaráðuneytið, í samvinnu við Jafnréttisráð, bæri ábyrgð á framkvæmd þess og því að hrista upp í hefðbundnu starfsvali kvenna í gegnum náms- og starfsfræðslu. Að öðru leyti voru nýjar skyldur Jafnréttisráðs eftirfarandi:

1. Vera stefnumótandi aðili í jafnréttismálum. Ráðið skyldi vinna framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn og leggja fyrir félagsmálaráðherra. Þar átti að kveða á um aðgerðir til að koma á jafnrétti kynjanna.
2. Sjá um fræðslu og koma upplýsingum á framfæri við félagasamtök og almenning.
3. Hafa samband við jafnréttisnefndir sveitarfélaga.
4. Í stað þess að ráðinu bæri að taka við ábendingum um brot á ákvæðum laganna og rannsaka mál skyldi það að lokinni rannsókn senda niðurstöður til þeirra aðila er málið varðaði, en samkvæmt lögnum frá 1976 bar því að senda málsskjölin.

Ráðið hélt sömu heimild til málshöfðunar á hendur þeim sem féllust ekki á tilmæli þess til úrbóta í samræmi við lögin, í samráði við þann aðila sem taldi á sér brotið. Ákvæðið um að Jafnréttisráð gæti í stöðuveitingarmálum farið fram á að hlutaðeigandi atvinnurekandi veitti skriflegar upplýsingar um hvaða menntun, starfsreynslu og aðra sérstaka hæfileika sá hefði til að bera er ráðinn var í starfið var enn til staðar og gilti eins og áður fyrir bæði kynin. Eitt ákvæði nýju laganna, sem félagsmálanefnd neðri deildar hafði bætt við, fjallaði um að félagsmálaráðherra skyldi leggja fyrir ríkisstjórnina framkvæmdaáætlun um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna til fjögurra ára í senn og hafa þá

<sup>47</sup> *Alþingistíðindi 1984-1985 B*, d. 6473 - 6474.

áætlun Jafnréttisráðs til hliðsjónar. Áætlun ráðherrans skyldi senda til jafnréttisnefnda sveitarfélaga og ræða hana á Alþingi. Þar að auki átti ráðherra að leggja fram skýrslu á tveggja ára fresti um stöðu og þróun jafnréttismála.<sup>48</sup>

### 2.3. Skípan Jafnréttisráðs 1985-1990

Með lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla frá 1985 héldu sömu aðilar og höfðu verið tilnefndir samkvæmt lögnum frá 1976 rétti til setu í Jafnréttisráði en Kvenréttindafélag Íslands og Kvenfélagasamband Íslands fengu rétt til að tilnefna hvort sinn fulltrúann. Hæstiréttur tilnefndi áfram formann en sú breyting var gerð að fulltrúi félagsmálaráðherra skyldi vera titlaður varaformaður. Krafa um að formaður ráðsins yrði að vera löglærður var felld niður en bætt var við ákvæði um að auk framkvæmdastjóra skyldi Jafnréttisráð ráða starfsfólk eftir þörfum. Einn starfsmanna skyldi hafa lokið embættisprófi í lögum og skyldi hann annast lögfræðiráðgjöf og önnur lögfræðistörf á vegum ráðsins. Sérstöku ákvæði um ráðgjafarnefnd Jafnréttisráðs var síðan bætt við lögin. Í nefndinni áttu að sitja sjö manns og skyldi hún vinna að sérstökum jafnréttisverkefnum samkvæmt nánari ákvörðun Jafnréttisráðs og skyldi ráðið ákveða hvernig nefndin yrði skipuð.<sup>49</sup>

Í lok árs 1985 var nýtt Jafnréttisráð skipað til tveggja ára í samræmi við breytt lög. Í því sátu:

Ólöf Pétursdóttir formaður

Gerður Steinþórsdóttir skipuð af félagsmálaráðherra

Kristján Þorbergsson tilnefndur af VSÍ

Lára V. Júlíusdóttir tilnefnd af ASÍ

Sigurveig Sigurðardóttir tilnefnd af BSRB

Esther Guðmundsdóttir tilnefnd af Kvenréttindafélagi Íslands

Ingibjörg Magnúsdóttir tilnefnd af Kvenfélagasambandi Íslands

Í lok árs 1987 var skipað í ráðið á ný og þá tóku sæti:

Ásdís J. Rafnar formaður

Árni Gunnarsson skipaður af félagsmálaráðherra

Þórunn Sveinbjörnsdóttir tilnefnd af ASÍ

<sup>48</sup> *Alþingistíðindi* 1984–1985 A, bls. 4032 – 4035. *Alþingistíðindi* 1975 – 1976 A, bls. 2115 – 2116.

<sup>49</sup> *Alþingistíðindi* 1984–1985 A, bls. 4032 – 4035. *Alþingistíðindi* 1975 – 1976 A, bls. 2115 – 2116.

Hrafnhildur Stefánsdóttir tilnefnd af VSÍ

Arndís Steinþórsdóttir tilnefnd af Kvenréttindafélagi Íslands

Sigurveig Sigurðardóttir og Ingibjörg Magnúsdóttir héldu sætum sínum í ráðinu.

Í lok árs 1989 var enn á ný skipað í Jafnréttisráð og þá tók Ragnhildur Benediksdóttir við formennsku og Guðrún Árnadóttir tók við sem fulltrúi Kvenréttindafélags Íslands. Að öðru leyti var skipanin sú sama og hún hafði verið frá 1987 nema að í lok árs 1990 tók Margrét Ríkarðsdóttir við sem fulltrúi BSRB.<sup>50</sup>

Elín Pálsdóttir Flygenring lögfræðingur starfaði sem framkvæmdastjóri fram til 1986 en þá tók við starfinu Elsa S. Þorkelsdóttir lögfræðingur. Á þeim árum sem til umfjöllunar eru í þessum kafla fór að fjölga í starfslíðinu en Fríða Björk Pálsdóttir félagsfræðingur vann við rannsóknir 1985 og þá aðallega við könnun á stöðu íslenskra kvenna. Ólafur Jónsson félagsfræðingur tók við af Fríðu og vann að könnunum og öðrum sérverkefnum en við starfi hans tók síðan Stefanía Traustadóttir. Jóna Margrét Guðnadóttir vann 1985 í hálfu starfi sem ritstjóri bókarinnar *Konur, hvað nú?* Guðrún Ágústsdóttir sem skipulagði þátttöku Íslands á norrænu kvennapingi í Osló 1988 hafði starfsaðstöðu á skrifstofu Jafnréttisráðs á árunum 1987–88 og greiddi Jafnréttisráð hluta launa hennar.<sup>51</sup> Heimild fékkst 1988 til að ráða sérstakan fræðslufulltrúa og var Ragnheiður Harðardóttir félagsfræðingur ráðin en auk fræðslunnar ritstýrði hún fréttabréfi Jafnréttisráðs.<sup>52</sup>

## 2.4. Helstu verkefni Jafnréttisráðs 1985-1990

### 2.4.1. Kærumál og kvartanir

Kærumál vegna ætlaðra brota á lögum um jafnrétti kvenna og karla voru eins og áður eitt helsta verkefni Jafnréttisráðs á þessu tímabili. Eftir sem áður tók ráðið sjálf slík mál fyrir á reglulegum fundum sínum en starfsfólk Jafnréttisráðs sá að mestu leyti um önnur mál sem ekki voru talin kalla á aðkomu ráðsins sjálfs.

Ein algengasta tegund kæra sem barst til ráðsins á tímabilinu var vegna atvinnuauglýsinga þar sem óskað var eftir starfsfólki af tilteknu kyni og auglýsinga, um vöru og þjónustu, sem þóttu vera lítilsvirðandi í garð kvenna og þá oftast með þeim hætti að birta mynd af einni eða fleiri fáklæddum konum.

<sup>50</sup> *Ársskýrsla Jafnréttisráðs 1990*. Reykjavík: Jafnréttisráð, 1991, bls. 7 – 8.

<sup>51</sup> *Skýrsla Jafnréttisráðs árið 1985*, bls. 2 – 3. *Skýrsla Jafnréttisráðs árið 1986*, Reykjavík: Jafnréttisráð, 1987, bls. 2 – 3. *Skýrsla Jafnréttisráðs árið 1987*, Reykjavík: Jafnréttisráð, 1988, bls. 2 – 4.

<sup>52</sup> *Ársskýrsla Jafnréttisráðs 1988*, Reykjavík: Jafnréttisráð 1989, bls. 4.

Atvinnuauklýsingarnar voru ýmist á vegum opinberra stofnana eða einkafyrirtækja en auklýsingarnar sem þóttu lítilsvirðandi voru oftast á vegum einkafyrirtækja en fyrir kom að kærur bærust vegna auklýsinga frá félagasamtökum. Ef Jafnréttisráð taldi auklýsingarnar brjóta í bága við jafnréttislögin var tilmælum, í samræmi við lögin, beint til viðkomandi auklýsanda og um leið þess fjölmiðils sem birti auklýsinguna um að hún bryti í bága við lögin og skyldi tekin úr birtingu. Viðbrögð við tilmælunum voru misjöfn, oft var vel tekið í tilmælin og birtingu hætt en ekki fylgir alltaf sögunni í ársskýrslum hver svör viðkomandi aðila við þessum tilmælum voru. Áfram bárust kvartanir, fyrirspurnir og ábendingar um ýmiss konar reglur og skipulag, á hinum ýmsu fyrirbærum í samfélaginu, sem ekki þóttu bera vott um að jafnréttis væri gætt. Þar má t.d. nefna opinber eyðublöð sem þóttu mismuna kynjunum og eitthvað var um kærur vegna meintrar kynjamismununar í skipulagi íþróttastarfs. Misjafnt var hver viðbrögðin voru við ábendingum og fyrirspurnum ráðsins og í einhverjum tilfellum fengust engin svör sem torveldaði möguleika Jafnréttisráðs til að stuðla að úrlausn í viðkomandi máli. Ábendingar bárust árið 1989 um leikskóla í Hafnarfirði sem aðgreindi kynin hluta úr degi. Jafnréttisráð treysti sér ekki til að skera úr um hvort slíkt væri brot á jafnréttislögum en kom því á framfæri að aðgreining byggði á alhæfingum út frá kyni sem gætu unnið gegn ákvæðum jafnréttislaga. Framkvæmdastjóra Jafnréttisráðs var boðið að heimsækja leikskólann sem hún gerði og var þessa ónefnda leikskóla ekki getið frekar í ársskýrslum.<sup>53</sup> Eins og hafði verið frá upphafi héldu áfram að berast kærur vegna meintrar mismununar á grundvelli kynferðis við stöðuveitingar (í flestum tilfellum frá konum), aðallega hjá hinu opinbera en einnig var kært vegna einkafyrirtækja. Misjafnt var eftir hverju máli fyrir sig hvort að Jafnréttisráð komst að þeirri niðurstöðu að viðkomandi stöðuveiting fæli í sér brot á jafnréttislögum og misjafnt hvort að kærendur fengu úrlausn sinna mála. Ef um ráðningu var að ræða sem bundin var ákveðnum tímamörkum sendi Jafnréttisráð oft frá sér tilmæli um að kærandinn yrði ráðinn eftir að gildandi ráðningartími rynni út. Fæstum þeirra stöðuveitingarmála, þar sem Jafnréttisráð komst að þeirri niðurstöðu að um lögbrot væri að ræða, var vísað til dómstóla og þar hefur væntanlega vilji kæranda ráðið nokkru. Ein kæra sem lögð var fram 1986 vegna skipunar í stöðu lektors í íslenskum bókmenntum við Háskóla Íslands fór fyrir dómstóla að beiðni kæranda. Málinu lauk loks 1990 þegar kæranda var dæmt í vil.<sup>54</sup> Öðru máli vegna ráðningar sparisjóðsstjóra á Norðfirði var vísað til dómstóla 1988 og lauk því með dómssátt.<sup>55</sup> Eins og áður bárust kærur vegna launamismununar bæði frá opinberum starfsmönnum og fólki á almenna vinnumarkaðnum mest frá konum en dæmi voru um að karlar legðu fram slíkar kærur. Hver niðurstaða

---

<sup>53</sup> Ársskýrsla Jafnréttisráðs 1989. Reykjavík: Jafnréttisráð, 1990, bls. 22.

<sup>54</sup> Skýrsla Jafnréttisráðs árið 1986, bls. 3. Ársskýrsla Jafnréttisráðs 1990, bls. 27 - 29.

<sup>55</sup> Ársskýrsla Jafnréttisráðs 1989, bls. 24.

Jafnréttisráðs var í þeim málum var misjafnt og ekki í öllum tilfellum talið um brot á jafnréttislögum að ræða. Reglulega bárust kvartanir vegna ójafnra kynjahlutfalla í opinberum nefndum og ráðum og Jafnréttisráð kom iðulega á framfæri áminningu um að slíkt væri ekki í samræmi við jafnréttislögin. Einnig komu upp við og við kvartanir vegna kynjamismununar í skólakerfinu og þá ekki síst vegna þess að enn voru dæmi um það í grunnskólum að eingöngu drengir fengju kennslu í smíðum. Eftir eina slíka kvörtun 1985 ákvað Jafnréttisráð að taka kennslu í handmennt til sérstakrar skoðunar.<sup>56</sup> Niðurstaðan var að af 202 grunnskólum, þar sem staða handmenntakennslu var könnuð, var 21 enn með hina hefðbundnu kynjaskiptingu, þar af voru fimm grunnskólar í Reykjavíkurborg.<sup>57</sup>

#### 2.4.2. Þátttaka í stefnumótun á sviði jafnréttismála

Vilji fulltrúa í Jafnréttisráði hafði staðið til þess að það yrði áhrifameira við stefnumótun í jafnréttismálum. Í samræmi við ákvæði nýrra jafnréttislaga lauk Jafnréttisráð 1986 í fyrsta sinn við gerð framkvæmdaáætlunar í jafnréttismálum til fjögurra ára sem félagsmálaráðherra átti að taka mið af þegar hann lagði fram sína framkvæmdaáætlun fyrir ríkisstjórn og í kjölfarið til umræðu á Alþingi. Fyrsta framkvæmdaáætlun félagsmálaráðherra í jafnréttismálum tók gildi 1987 og var tilkoma þessara áætlana til marks um að jafnréttismál voru að færast af jaðri stjórnmalanna og verða mikilvægt verkefni stjórnvalda en ekki einkamál Jafnréttisráðs og félagasamtaka. Þessi fyrsta framkvæmdaáætlun Jafnréttisráðs byggði á samræmdum aðgerðum, bæði stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins en áætlunin var fyrst og fremst talin vera áfangi á leið til jafnréttis. Í áætluninni var lögð áhersla á að konur og karlar fengju sömu laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf, hæfileikar og menntun réðu för við ráðningar í ábyrgðarstöður og að hefðbundin kvennastörf yrðu endurmetin til launa í samræmi við ábyrgð og skyldur. Jafnframt vildi Jafnréttisráð að stefnt yrði markvisst að því að auka áhrif kvenna á opinberar ákvarðanir og áhrif þeirra á hinum almenna vinnumarkaði. Áætlun ráðsins kvað á um að stefnt skyldi að því að þjóðfélagið aðlagði sig að þeim breyttu aðstæðum sem fólust í aukinni þátttöku kvenna og að markmiðið skyldi vera að gera konum kleift að fæða börn og ala þau upp, í samvinnu við karla, á þann hátt að það samræmdist atvinnu þeirra.<sup>58</sup> Árið 1986 voru teknir upp reglulegir samráðsfundir milli Jafnréttisráðs og félagsmálaráðuneytisins, sem formaður og framkvæmdastjóri ráðsins sátu

<sup>56</sup> Skýrsla Jafnréttisráðs árið 1985, bls. 5.

<sup>57</sup> Skýrsla Jafnréttisráðs árið 1986, bls. 10.

<sup>58</sup> Skýrsla Jafnréttisráðs árið 1986, bls. 7 – 8.

yfirleitt, þar sem tilgangurinn var að samræma starfið að jafnréttismálum. Töldu fulltrúar í Jafnréttisráði þessa fundi vera afar gagnlega.<sup>59</sup>

### 2.4.3. Umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur

Jafnréttisráð sóttist sem fyrr eftir því að fá til umsagnar lagafrumvörp og þingsályktunartillögur sem vörðuðu jafnréttismál enda þótti það nauðsynlegt til að Jafnréttisráð gæti sinnt því ráðgjafarhlutverki sem því var falið í jafnréttislögum. Þegar þarna var komið sögu í starfsemi ráðsins virðist það hafa þótt sjálfsgðara að leita eftir umsögn þess og ekki var kvartað yfir því lengur í ársskýrslum ráðsins að ekki væri í nægilega miklum mæli leitað eftir umsögn þess. Jafnréttisráði bárust á hverju ári frumvörp, þingsályktunartillögur og annars konar tillögur eða erindi til umsagnar aðallega frá Alþingi, ráðuneytum og Íslandsdeild Norðurlandaráðs. Það sem barst til umsagnar var af ýmsu tagi og ekki rými hér nema til að stikla á stóru um viðfangsefnin og hvað varð úr öllum þeim málum sem Jafnréttisráð fékk til umsagnar er utan sjóndeildarhrings þessarar samantektar. Jafnréttisráð veitti umsögn um norræna þingmannatillögu um sex stunda vinnudag sem Jafnréttisráð taldi að þyrfti að athuga í samhengi við ýmsa þætti samfélagsins. Þingsályktunartillaga um jöfnun skattbyrði hjóna barst ráðinu en í umsögn sinni hvatti það til þess að ekki yrði horfið frá sérsköttun.<sup>60</sup> Í umsögn sinni um frumvarp til laga um rétt foreldris til leyfis frá störfum vegna umönnunar barna taldi ráðið brýnt að þessi réttur yrði tryggður með lögum. Jafnréttisráð lýsti yfir stuðningi yfir þingsályktunartillögu um að gerð yrði úttekt á mismunun gagnvart konum á Íslandi og taldi raunar slíka úttekt samræmast vel því hlutverki þess að fylgjast með þjóðfélagsþróuninni.<sup>61</sup> Í umsögn um drög að reglugerð um fæðingarorlof sagði ráðið það mikilvægt að hafa sterkt ákvæði um skyldu vinnuveitenda til að færa barnshafandi konur til í starfi krefðist heilsa þeirra þess.<sup>62</sup> Í umsögn um frumvarp um ákveðin lágmarkskynjahlutföll í nefndum á vegum ríkisins lagði Jafnréttisráð til að frekar væri farin sú leið að tilnefna eina konu og einn karl í hvert laust sæti. Jafnréttisráð studdi eindregið þingsályktunartillögur um að ráðnir yrðu sérstakir jafnréttisráðgjafar á vegum félagsmálaráðuneytisins og um

---

<sup>59</sup> Skýrsla Jafnréttisráðs árið 1987, bls. 23.

<sup>60</sup> Skýrsla Jafnréttisráðs árið 1985, bls. 6 – 7.

<sup>61</sup> Skýrsla Jafnréttisráðs árið 1986, bls. 6.

<sup>62</sup> Skýrsla Jafnréttisráðs árið 1987, bls. 9 – 10.

sérstakar aðgerðir til að bæta stöðu kvenna í samfélaginu.<sup>63</sup> Þegar farið var að vinna að breytingum á jafnréttislögum undir lok þessa tímabils lagði Jafnréttisráð til að þegar kæmi að kærumálum yrði skipaður umboðsmaður jafnréttismála sem gæti aukið möguleika á sáttum og hraðað málsmeðferð. Ráðið taldi einnig að það gæti orðið jafnréttismálum til framdráttar ef fulltrúar stjórnmalaflokka fengju sæti í Jafnréttisráði. Hins vegar náðist ekki samstaða í ráðinu um að lögfesta ákvæði um að vinnuveitandi yrði að sanna að ekki væri um kynjamismunun við stöðuveitingu að ræða, væri kæra um slíkt lögð fram, en formaðurinn og fulltrúi VSÍ voru á móti því. Í sömu umsögn lýsti Jafnréttisráð sig fylgjandi því að stærstu sveitarfélögum yrði gert skylt að vinna að jafnrétti t.d. með því að skipa jafnréttisnefndir og með ákvæðum um jafnréttismál í lögum sem fjölluðu um starfsemi sveitarfélaga. Í umsögn um tillögur nefndar um breytingar á lögum um Stjórnarráðið lýsti Jafnréttisráð sig andvíggt því að jafnréttismál yrðu færð til dómsmálaráðuneytisins þar sem eitt helsta hlutverk ráðsins var að vinna að jafnrétti á vinnumarkaði og vinnumarkaðsmál áttu, samkvæmt tillögum nefndarinnar, að heyra undir félagsmálaráðuneytið.<sup>64</sup>

#### 2.4.4. Fræðslumál

Jafnréttisráð sinni fræðslumálum á tímabilinu eins og því bar samkvæmt jafnréttislögum. Eftir að skerpt var á ákvæðum laganna um jafnréttisfræðslu í skólum við lagabreytingarnar 1985 með því að taka það fram að menntamálaráðuneytið bæri ábyrgð á framkvæmd ákvæðisins og ætti að hafa um það samráð við Jafnréttisráð var ákveðið að hefja formlegt samstarf milli ráðuneytisins og ráðsins. Upphafið að þeirri samvinnu var fræðslufundur sem haldin var í Námsgagnastofnun 1985 þar sem haldin var sýning á fræðsluefni um jafnrétti og fluttir fyrirlestrar, var þessi dagskrá einkum miðuð að kennurum.<sup>65</sup> Tveimur árum síðar var skipaður starfshópur, sem m.a. framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs átti sæti í, auk fulltrúa kennarasamtaka, sem skyldi starfa að því næstu tvö árin að bæta jafnrétti innan skólakerfisins en hópurinn ræddi þá einna helst um hvernig auka mætti meðvitund kennara um mismunandi stöðu kynjanna innan skólanna.<sup>66</sup> Eins og á árunum 1976-1979 hvíldi framan af þessu tímabili fræðsla í skólum að talsverðu leyti á herðum ráðgjafarnefndar Jafnréttisráðs. Oddrún Kristjánsdóttir tók við formennsku í nefndinni af Magdalenu Schram 1985.<sup>67</sup> Kári Arnórsson tók við formennsku í nefndinni 1987 og frá þeim tíma fór nefndin í auknum mæli að beita sér fyrir

<sup>63</sup> Ársskýrsla Jafnréttisráðs 1988, bls. 16 – 17.

<sup>64</sup> Ársskýrsla Jafnréttisráðs 1989, bls. 17 – 19.

<sup>65</sup> Skýrsla Jafnréttisráðs árið 1985, bls. 8.

<sup>66</sup> Skýrsla Jafnréttisráðs árið 1987, bls. 18.

<sup>67</sup> Skýrsla Jafnréttisráðs árið 1985, bls. 15.



fræðslu til atvinnurekenda um skyldur þeirra gagnvart jafnréttislögum og fræðslu um stöðu kvenna í atvinnulífinu.<sup>68</sup> Vilborg Harðardóttir tók við formennsku í ráðgjafarnefndinni 1988.<sup>69</sup> Árið eftir var hins vegar ráðgjafarnefndin lögð niður vegna kröfu stjórnvalda um lækkun launakostnaðar.<sup>70</sup>

Þegar kom að fræðslu í samfélaginu almennt var framan af þessu tímabili tekið fram í ársskýrslum Jafnréttisráðs að vegna starfsmannaskorts væri ekki að fyrra bragði hægt að bjóða félagasamtökum, opinberum stofnunum og almennum vinnustöðum upp á fræðsluerindi um starfsemi ráðsins og jafnréttismál almennt, en reynt væri eftir fremsta megni að verða við öllum óskum um slíkt. Eftir að heimild fékkst til að ráða fræðslufulltrúa 1988 var gert sérstakt átak í fræðslumálum.<sup>71</sup> Geta starfsmanna Jafnréttisráðs til að flytja fræðsluerindi um starfsemi Jafnréttisráðs og hina ýmsu þætti jafnréttismála fór þar af leiðandi vaxandi og erindi af þessu tagi urðu enn algengari. Skrifstofu jafnréttisráðs bárust einnig reglulega, þetta tímabil, beiðnir um ýmiss konar upplýsingar sem vörðuðu jafnréttismál frá einstaklingum, félagasamtökum og opinberum aðilum, bæði innanlands og utan. Eins og hafði verið frá fyrstu starfsárum Jafnréttisráðs bárust skrifstofu þess óskir um lögfræðilega ráðgjöf varðandi t.d. réttarstöðu við sambúðarslit og umgengnisrétt, ekki síst feðra, við börn. Ráðið hélt áfram að gefa út fréttabréfið *Fréttir* þar sem eins og áður var greint frá starfsemi Jafnréttisráðs og því sem var efst á baugi í jafnréttismálum. Ólíkt því sem hafði verið í upphafi tókst á þessu tímabili að koma fréttabréfinu út tvisvar til þrisvar á ári. Fréttabréfið fékk nýtt nafn, *Vogin*, 1988 og varð efnisríkara.<sup>72</sup> Jafnréttisráð gaf út 1985 ásamt svokallaðri '85 nefnd (sem nánar verður sagt frá hér að neðan) út bókina *Konur hvað nú?* sem var safn greina þar sem fjallað um hvað hefði áunnist í jafnréttismálum á Íslandi á kvennaáratug Sameinuðu þjóðanna sem staðið hafði yfir frá 1975-1985.<sup>73</sup> Árið eftir var ákveðið að skrá og skipuleggja með markvissum hætti bókasafn Jafnréttisráðs og í kjölfarið hefja útlán.<sup>74</sup> Bókasafnið var vel nýtt og eins og hafði verið nánast frá upphafi leituðu nemendur í framhaldsskólum talsvert til starfsmanna Jafnréttisráðs vegna ritgerðasmíða. Jafnréttisráð gaf út meira af fræðsluefni en eingöngu fréttabréfið og eina bók. Þar má nefna til dæmis leiðbeiningarit fyrir atvinnurekendur um gerð jafnréttisáætlana og með umfjöllun um stöðu kvenna á vinnumarkaði. Vegna fyrirspurna erlendis frá var gefin út kynningarbæklingur á ensku um

<sup>68</sup> *Skýrsla Jafnréttisráðs árið 1987*, bls. 19.

<sup>69</sup> *Ársskýrsla Jafnréttisráðs 1988*, bls. 5.

<sup>70</sup> *Ársskýrsla Jafnréttisráðs 1989*, bls. 5.

<sup>71</sup> *Ársskýrsla Jafnréttisráðs 1988*, bls. 6.

<sup>72</sup> *Ársskýrsla Jafnréttisráðs 1988*, bls. 19.

<sup>73</sup> *Skýrsla Jafnréttisráðs árið 1985*, bls. 15 - 16.

<sup>74</sup> *Skýrsla Jafnréttisráðs árið 1986*, bls. 2.

starfsemi Jafnréttisráðs og stöðu jafnréttismála á Íslandi.<sup>75</sup> Jafnréttisráð sneri sér einnig að annars konar fræðslumáta en hinu prentaða orði. Það stóð fyrir gerð myndbandsins „Upp úr hjólförum“ sem var m.a. sýnt í Ríkissjónvarpinu og var ætlað að vekja athygli foreldra og kennara á því hvernig börn væru undirbúin fyrir þátttöku í fjölskyldu- og atvinnulífi. Einnig var, í samvinnu við Menningar- og fræðslusamband alþýðu, Hlín Agnarsdóttir fengin til að semja einþáttunginn „Karlar óskast í kór“ sem ætlað var að auka skilning karla á gildi jafnréttismála fyrir þá sjálfa og var verkið sýnt alls 20 sinnum á ýmsum vinnustöðum.<sup>76</sup>

#### 2.4.5. Samstarf við ýmsa aðila og ráðstefnu- og þinghald

Jafnréttisráð átti samstarf við ýmiss konar félög sem voru áhugasöm um jafnrétti og starfsmenn ráðsins lögðu sig fram við að funda með slíkum félögum reglulega og veita þeim ráðgjöf. Ráðið beitti sér fyrir því, með bréfasendingum til sveitarstjórna, að stofnaðar yrðu jafnréttisnefndir í sem flestum sveitarfélögum en lengst af þessu tímabili voru þær yfirleitt um 20 talsins. Voru nefndir starfandi í flestum stærstu sveitarfélögum. Framan af tímabilinu gátu starfsmenn Jafnréttisráðs aðstoðað jafnréttisnefndirnar að takmörkuðu leyti og lítið fundað með þeim vegna mannfæðar og voru nefndirnar misvirkar í störfum sínum. Sumar þeirra unnu þó að gerð námsefnis um jafnréttismál og aðrar héldu ráðstefnur um jafnréttismál í sinni heimabyggð. Eftir því sem á tímabilið leið og starfsfólki Jafnréttisráðs fjölgaði gáfust auknir möguleikar á fundahöldum með jafnréttisnefndunum og m.a. var lögð áhersla á að veita nefndunum aðstoð og ráðgjöf við gerð jafnréttisáætlana.

Jafnréttisráð tók þátt í starfi ýmissa nefnda og ráða sem störfuðu að jafnréttismálum ásamt því að koma að hvers kyns þing- og ráðstefnuhaldi. Ráðið átti fulltrúa í áðurnefndri 85 nefnd sem gekkst 1985 fyrir ýmsum viðburðum til að vekja athygli á lokum kvennaáratugar Sameinuðu þjóðanna. Þar má nefna til dæmis listahátið kvenna, fund á Þingvöllum til minnst 70 ára afmælis kosningaréttar kvenna og útifund á Lækjartorgi 24. október þar sem aðalefnið voru launakjör kvenna en tæplega 20000 manns sóttu fundinn. Sama ár átti formaður Jafnréttisráðs sæti í sendinefnd Íslands á kvennaráðstefnu SP í Kenýa.<sup>77</sup> Ráðið hélt 1986 ráðstefnu sem bar yfirskriftina „Fjölskyldan og framtíðin“ og þar voru flutt m.a. erindi um húsnæðismál, tæknibreytingar og

<sup>75</sup> *Ársskýrsla Jafnréttisráðs 1990*, bls. 30.

<sup>76</sup> *Ársskýrsla Jafnréttisráðs 1989*, bls. 30 - 32.

<sup>77</sup> *Skýrsla Jafnréttisráðs árið 1985*, bls. 17.

áhrif þeirra á jafnrétti og um togstreitu hjá konum milli heimils og vinnu.<sup>78</sup> Ráðgjafarnefnd Jafnréttisráðs hafði 1988 veg og vanda að 100 manna ráðstefnu um konur og atvinnulíf þar sem m.a. var fjallað um verkaskiptingu milli kynjanna, menntun kvenna og konur í tækni- og iðngreinum. Sama ár vann ráðgjafarnefndin tillögur að því hvernig virkja mætti karla frekar í jafnréttisbaráttunni og boðaði í kjölfarið til fundarins „Jafnrétti kemur körlum við“ í samvinnu við Trésmíðafélag Reykjavíkur en fundurinn var fámennur og vakti litla athygli í fjölmiðlum.<sup>79</sup>

#### 2.4.6. Jafnréttisráð beitir sér í þágu jafnréttis

Jafnréttisráð beitti sér almennt fyrir því að bæta stöðu kvenna í samfélaginu og þannig færa það í átt til aukins jafnréttis. Til að mynda sendi ráðið fyrir sveitarstjórnar- og alþingiskosningar áskoranir til stjórnmalaflokka um að auka hlut kvenna á framboðslistum. Fulltrúar í ráðinu töldu að það ætti a.m.k. að skoða alvarlega að beita ákvæði jafnréttislaga um sérstakar tímabundnar aðgerðir í þágu kvenna og á vegum þess vann starfshópur tillögur að slíkum aðgerðum. Starfshópurinn lagði til við félagsmálaráðherra að við ráðningar hjá hinu opinbera yrði það kyn sem væri í minnihluta í viðkomandi starfsgrein látið ganga fyrir og einnig var lagt til að við skipanir í nefndir á vegum ríkisins yrðu bæði karl og kona tilnefnd í hvert laust sæti.<sup>80</sup> Til að auka hlut kvenna meðal viðmælenda í sjónvarps- og útvarpsfréttum beitti Jafnréttisráð sér fyrir því að komið yrði upp nafnabanka með nöfnum kvenna sem höfðu menntun og fagþekkingu á hinum ýmsu sviðum.<sup>81</sup> Ráðið beindi þeim tilmælum til félagsmálaráðherra að ríkisstofnunum og ráðuneytum með fleiri en 20 starfsmenn yrði gert skylt að vinna jafnréttisáætlun; tilmælin voru samþykkt í ríkisstjórn en misjafnt var hversu vel vinnsla þessara áætlana gekk og oft var leitað til starfsmanna Jafnréttisráðs við áætlunarsmíðina. Mörg sveitarfélög lýstu í kjölfarið áhuga á að gera jafnréttisáætlanir og voru þá jafnréttisnefndirnar virkjaðar í því skyni.<sup>82</sup> Jafnréttisráð beindi einnig tilmælum til þeirra sem skipuðu fulltrúa í opinberar nefndir og ráð að skilja ekki konur útundan. Ef um nefndir var að ræða sem féлага- og hagsmunasamtök tilnefndu fulltrúa í var í svörum við tilmælunum oft vísað í að sá, sem oft var ráðherra, sem hefði hið formlega skipunarvald væri ekki stætt á öðru en að skipa fulltrúa sem tilnefndir væru. Jafnréttisráð beindi tilmælum til fjölmiðla, ekki síst Ríkisútvarpsins, að auka hlut kvenna bæði meðal viðmælenda og starfsmanna.

<sup>78</sup> Skýrsla Jafnréttisráðs árið 1986, bls. 8 - 9.

<sup>79</sup> Ársskýrsla Jafnréttisráðs 1988, bls. 21 - 22.

<sup>80</sup> Skýrsla Jafnréttisráðs árið 1987, bls. 21.

<sup>81</sup> Ársskýrsla Jafnréttisráðs 1988, bls. 25.

<sup>82</sup> Ársskýrsla Jafnréttisráðs 1988, bls. 26.

### 2.4.7. Rannsóknir og kannanir

Þar sem Jafnréttisráð hafði fengið að bæta félagsfræðingi við starfslið sitt gat það í auknum mæli staðið fyrir könnunum og rannsóknum á stöðu jafnréttismála á Íslandi. Í lok maí 1985 var birt könnun þess á stöðu og störfum íslenskra kvenna, sem gerð var í tilefni loka kvennaáratugar Sameinuðu þjóðanna, og hún borin saman við samskonar könnun sem gerð var 1976 á vegum kvennaársnefndar. Svarendur voru á aldrinum 20-60 ára. Helstu breytingar sem höfðu orðið á högum kvenna frá 1976 var að atvinnuþátttaka þeirra hafði aukist verulega. Hlutfall heimavinnandi kvenna var 44,7% 1976 en 15% 1984. Menntun kvenna hafði aukist, hlutfall tekna þeirra af tekjum maka hækkað en aftur á móti var verkaskipting á heimilum enn mjög hefðbundin. Konur sáu frekar um umönnun barna, þrif og matseld en makar frekar um viðhald á húsnæði og umhirðu bifreiðar. Hlutfall kvenna sem töldu jafnrétti ríkja á vinnumarkaði hvað varðaði störf og laun fór jafnframt hækkanði frá 1976 til 1984.<sup>83</sup> Árið eftir var gerð könnun á því hversu mikil vitneskja var í samfélaginu almennt um tilvist og hlutverk Jafnréttisráðs. Niðurstaðan var að 27% svarenda þekktu ekki hvert hlutverk Jafnréttisráðs var, sem ráðið taldi vera of hátt hlutfall, og 26% vissu að það væri opinber stofnun. Bót í máli þótti þó að meirihluti svarenda taldi störf Jafnréttisráðs vera til góðs en talið var brýnt að kynna frekar störf ráðsins og stöðu jafnréttismála. Um þetta leyti hóf starfsfólk Jafnréttisráðs að kanna reglulega kynjahlutföll í nefndum, ráðum og stjórnunum á vegum ríkisins þar sem jafnréttislögin kváðu á um að þessi hlutföll ættu að vera sem jöfnust. Frá 1976 til 1985 hækkaði hlutfall kvenna í þessum nefndum úr 6% í 11% og var þá það lægsta á Norðurlöndum.<sup>84</sup> Sams konar athuganir voru reglulega gerðar á hlutfalli kvenna í ábyrgðarstöðum í ráðuneytum og stofnunum ríkisins. Auk þess var byrjað að kanna reglulega kynjahlutföll í borgarstjórn og bæjarstjórnunum og nefndum og ráðum á þeirra vegum. Sérstök könnun var einnig gerð 1990 um stöðu og viðhorf kvenna sem höfðu verið kjörnar í borgarstjórn og bæjar- og sveitarstjórnir en sérstaka athygli vakti að meirihluti svarenda sagðist ekki ætla að bjóða sig fram til endurkjörs í næstu kosningum.<sup>85</sup> Sama ár var gerð athugun á námsvali kynjanna í iðn- og tækniskólum sem leiddi í ljós að það var enn í nokkuð hefðbundnum skorðum.<sup>86</sup>

Félagsfræðingar Jafnréttisráðs gerðu einnig reglulega úttekt á auglýsingum í fjölmiðlum og einnig hversu oft konur komu fyrir í fréttum ljósvakamiðla og dagblaða en í öllum könnunum var niðurstaðan sú að hlutur kvenna væri

<sup>83</sup> Skýrsla Jafnréttisráðs árið 1985, bls. 9 – 10.

<sup>84</sup> Skýrsla Jafnréttisráðs árið 1986, bls. 9 – 11.

<sup>85</sup> Ársskýrsla Jafnréttisráðs 1990, bls. 30 – 32.

<sup>86</sup> Sama heimild, bls. 37.

nokkuð rýrari en karla. Til að mynda var árið 1985 gerð könnun á því hversu oft íþróttir kvenna komu fyrir á íþróttasíðum dagblaða. Sambærileg könnun hafði verið gerð 1982 og niðurstaðan var að ekkert hafði breyst síðan þá og að hlutfall íþróttafréttanna um konur væri mun lægri en hlutfall kvenna af heildarfjölda skráðra iðkenda innan Íþróttasambands Íslands. Sama ár var gerð úttekt á fjölda kyngreindra atvinnuauglýsinga og var niðurstaðan sú að af 1025 auglýsingum var sérstaklega óskað eftir fólki af tilteknu kyni í 16% tilfella. Tveimur árum síðar var úttektin endurtekin og þá hlutfallið komið niður í 13%.<sup>87</sup>

#### 2.4.8. Alþjóðlegt samstarf

Alþjóðlegt samstarf Jafnréttisráðs fór vaxandi eftir því sem leið á tímabilið. Ráðinu þótti mikilvægt að eiga í góðu alþjóðlegu samstarfi þar sem það þótti ýta undir nýjar hugmyndir um hvernig betur væri hægt að vinna að framgangi jafnréttismála á Íslandi. Ákveðið var 1986 að formaður Jafnréttisráðs yrði fulltrúi Íslands í jafnréttisnefnd Evrópuráðsins og hélst sú skipan næstu árin.<sup>88</sup> Þessi nefnd átti að vera öðrum stofnunum Evrópuráðsins til ráðgjafar í jafnréttismálum en einnig hafa frumkvæði að aðgerðum. Nefndin fékk það m.a. samþykkt á vettvangi Evrópuráðsins að jafnréttismál yrðu færð undir deild mannréttindamála.<sup>89</sup> Norrænt samstarf var þó eftir sem áður hornsteinninn. Jafnréttisráð og starfsfólk þess lögðu áherslu á að eiga gott samband og samstarf við opinber ráð og ráðuneyti á Norðurlöndum sem létu sig jafnréttismál varða. Þær breytingar voru gerðar á þátttöku Íslands í hinu norræna samstarfi 1985 að framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs tók sæti formannsins í jafnréttisnefnd norrænu ráðherranefndarinnar en jafnréttisnefndin var þegar leið á tímabilið almennt kölluð norræna embættismannanefndin um jafnréttismál og ákveðið var að félagsmálaráðuneytið og Jafnréttisráð myndu skiptast á að sitja í nefndinni fyrir Íslands hönd. Þessar nefndir stóðu fyrir margvíslegum verkefnum en eitt það umfangsmesta stóð yfir í nokkur ár og var á íslensku kallað „Brjótum múrana“ (s. Bryt). Verkefnið gekk út á að framkvæma í einu sveitarfélagi í hverju Norðurlandanna fyrir sig aðgerðir sem miðuðu að því að brjóta múra kynjaskiptingar á vinnumarkaði ekki síst með því að auka fjölbreytni í náms- og starfsvali kvenna í gegnum fræðslu í skólum og sérstakan stuðning við stúlkur sem völdu hefðbundin karlafög en einnig var einstökum aðgerðum beint að atvinnulífinu. Á Íslandi varð Akureyri fyrir valinu og var verkefnastjóri ráðinn en formaður Jafnréttisráðs fór fyrir nefnd sem var verkefnastjóranum til ráðgjafar.<sup>90</sup>

<sup>87</sup> Skýrsla Jafnréttisráðs árið 1985, bls. 11 – 12. Skýrsla Jafnréttisráðs árið 1987, bls. 12.

<sup>88</sup> Skýrsla Jafnréttisráðs árið 1986, bls. 15.

<sup>89</sup> Ársskýrsla Jafnréttisráðs 1989, bls. 38.

<sup>90</sup> Skýrsla Jafnréttisráðs árið 1985, bls. 18. Skýrsla Jafnréttisráðs árið 1986, bls. 15 – 17.

Norræna jafnréttisnefndin vann einnig að gerð norrænnar framkvæmdaáætlunar í jafnréttismálum sem gildi til fjögurra ára í senn. Viðamikil verkefni sem var hluti af þeirri áætlun var hið svokallaða jafnlaunaverkefni sem var komið á laggirnar 1990, um það leyti sem að „Brjótum múrana“ var að ljúka, og stóð það yfir næstu árin. Eins og nafnið gefur til kynna gekk það út á að greina kynbundin launamun og vinna gegn honum. Sérstakur verkefnisstjóri var ráðinn í hverju Norðurlandanna og verkefnisstjórn sem hafði yfirumsjón með verkefninu skipuð í hverju landi. Fulltrúar úr hverri verkefnisstjórn sátu síðan í samnorrænni verkefnisstjórn. Formaður Jafnréttisráðs var formaður verkefnisstjórnarinnar hér á landi og sat jafnframt í norrænu verkefnisstjórninni. Fulltrúi Jafnréttisráðs sat í norrænni verkefnisstjórn sem vann að því að gera körlum kleift að nýta sér rétt sinn til fæðingarorlofs og einnig átti ráðið fulltrúa í verkefnisstjórn verkefnis sem snerist um að kanna menntun og framamöguleika kvenna í tölvuiðnaði.<sup>91</sup>

Fulltrúar Jafnréttisráðs, sóttu norrænar ráðstefnur sem vörðuðu jafnréttismál á hverju ári allt þetta tímabil. Í kjölfar norrænna ráðstefna og vinnu starfshópa í Noregi og Svíþjóð sem miðaði að því að virkja karlmenn í jafnréttisbaráttunni ályktaði Jafnréttisráð um að brýnt væri að umræða um þetta efni hæfist á Íslandi.<sup>92</sup> Jafnréttisráð hélt ráðstefnu hér á landi, sem var hluti af verkefnum norrænu framkvæmdaáætlunarinnar, um stöðu kvenna í dreifbýli með sérstakri áherslu á atvinnumál og sóttu 70 gestir frá öllum Norðurlöndunum ráðstefnuna.<sup>93</sup> Ein viðamesta norræna ráðstefnan á þessu tímabili sem Jafnréttisráð kom að var norræna kvennaþingið í Osló 1988. Ráðinn var sérstakur verkefnisstjóri til að skipuleggja þátttöku Íslands og framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs sat í undirbúningsnefnd en lögð var rík áhersla á að kvennasamtök í hverju Norðurlandanna fyrir sig tækju virkan þátt í undirbúningi þingsins. Þingið sóttu 800 íslenskar konur og þegar heim var komið voru haldnir fundir víða um land þar sem farið var yfir það helsta sem rætt var og kom fram á þinginu.<sup>94</sup>

## 2.5. Jafnréttisráð styrkist í sessi en æskir breytinga

Við lok þess tímabils sem fjallað er um í þessum kafla leit Jafnréttisráð og starfslíð þess svo á að umfangsmestu verkefni þess, fyrir utan að taka á móti kærur og kvörtunum vegna meintra brota á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt, væru að vinna að bættri stöðu kvenna, sinna fræðslu um jafnréttismál í bæði skólum og samfélaginu vítt og breitt auk þess sem að farið var í auknum

<sup>91</sup> *Ársskýrsla Jafnréttisráðs 1990*, bls. 46 – 47.

<sup>92</sup> *Skýrsla Jafnréttisráðs árið 1987*, bls. 24 – 25.

<sup>93</sup> *Ársskýrsla Jafnréttisráðs 1990*, bls. 45.

<sup>94</sup> *Ársskýrsla Jafnréttisráðs 1988*, bls. 30.

mæli að einblína á breytta stöðu karla í samfélagi aukins jafnréttis. Í lok ársskýrslu ráðsins fyrir árið 1990 kvað við nokkuð annan tón en í lok fyrstu ársskýrslunni. Jafnréttisráð hafði öðlast aukna getu til að framkvæma kannanir og standa fyrir fræðslu auk þess sem að þátttaka ráðsins í norrænum verkefnum hafði aukist jafnt og þétt. Þessari þróun var lýst sem ánægjulegri því það væri eftir sem áður mikilvægt að Jafnréttisráð hefði raunhæfa möguleika á að sinna því lögboðna hlutverki sínu að vinna að jafnrétti. Aftur á móti var vilji meðlima Jafnréttisráðs nokkuð skýr um að eitt verkefni vildu þau helst losna við. Í ársskýrslu 1990 var tekið fram að fjölgun kæra vegna meintra brota hefði leitt til þess að ráðið gat síður sinnt stefnumótunarhlutverki sínu.<sup>95</sup> Á þessum tímapunkti var frumvarp til breytinga á jafnréttislögum til meðferðar á Alþingi sem snerist m.a. um að losa Jafnréttisráð undan meðferð kærumála. Þessi umræða var ekki ný af nálinni innan Jafnréttisráðs og hafði í fyrri ársskýrslum einnig verið kvartað undan því að of mikið af tíma ráðsins færi í kærumál. Einnig var talið sanngjarnara að þetta hlutverk yrði falið nefnd sem væri ekki skipuð fulltrúum hagsmunasamtaka eins og Jafnréttisráð var. Nýir tímar í sögu Jafnréttisráðs fóru senn í hönd og viðbúið að það hefði enn betri möguleika á að sinna sífjölgaði verkefnum á sviði jafnréttismála. Aftur á móti voru hinir nýju tímar sem við tóku árin 1991 og 1992 undanfari enn stærri breytinga á starfsemi ráðsins og að vissu leyti upphafið að endalokum þess.

---

<sup>95</sup> *Ársskýrsla Jafnréttisráðs 1990*, bls. 51.

## 3. Kæruhlutverki lýkur og vísir að sérstakri stofnun jafnréttismála 1991–1999

### 3.1. Jafnréttisráð tekur ekki lengur við kærum

Veturinn 1988-1989 var félagsmálaráðherra farinn að huga að breytingum á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla frá 1985 og var lagt fram frumvarp á Alþingi sem kvað m.a. á um breytingar á starfsemi Jafnréttisráðs. Frumvarpið náði þó ekki fram að ganga. Samkvæmt því átti að setja á fót kærunefnd jafnréttismála sem skyldi annast kærur vegna meintra brota á lögnum og í stað Jafnréttisráðs hafa almennt eftirlit með því að ákvæðum laganna væri framfylgt. Að öðru leyti skyldu verkefni Jafnréttisráðs vera hin sömu og áður. Ráðgjafarnefndin yrði lögð formlega niður og verkefni hennar flutt endanlega til Jafnréttisráðs. Sömu aðilar skyldu hafa rétt til að tilnefna fulltrúa í ráðið nema að formaður þess yrði skipaður af félagsmálaráðherra en ekki tilnefndur af Hæstarétti eins og áður. Ætlunin var jafnframt að fjölga meðlimum í ráðinu með því að veita þingflokkum tilnefningarrétt. Jafnréttisráð skyldi áfram hafa framkvæmdastjóra og annað starfslíð. Frumvarpið var afrakstur tillagna nefndar sem skipuð var fulltrúum kvannahreyfinga stjórnmalaflokkanna en í vinnu sinni hafði nefndin m.a. haft samráð við formann Jafnréttisráðs. Nefndin taldi eðlilegt að úr því að ætlun væri að létta meðferð kæra af Jafnréttisráði og gera því kleift að sinna betur öðrum verkefnum sínum, svo sem stefnumótun í jafnréttismálum, að gera ráðið tengdara þingflokkum. Ætlunin var að breyta skipunartíma ráðsins úr tveimur árum í að skipa Jafnréttisráð eftir hverjar alþingiskosningar til að ná upp virkara starfi innan ráðsins og ná beinni tengslum milli þess og stjórnvalda á hverju kjörtímabili. Að sama skapi þótti nefndinni eðlilegt að styrkja þessi tengsl með því að félagsmálaráðherra myndi framvegis skipa formann Jafnréttisráðs. Í frumvarpinu var kveðið skýrar á um en í gildandi lögum að jafnréttismál heyrðu undir félagsmálaráðuneytið, að ráðuneytið skyldi halda uppi tengslum og samvinnu við Jafnréttisráð og annast samræmingu jafnréttismála innan stjórnkerfisins. Jafnréttisráð hafði annast framkvæmd laganna en nú var ætlunin að færa þá skyldu yfir á félagsmálaráðherra. Í stað þess að félagsmálaráðherra legði framkvæmdaætlun sína í jafnréttismálum fram til umræðu á Alþingi var ætlunin að leggja áætlunina fram í formi þingsályktunartillögu sem þingið yrði að samþykka.<sup>96</sup> Hugmyndin um að

<sup>96</sup> *Alþingistíðindi* 1988-1989 A, bls. 2929 - 2939.



stjórnvöld yrðu að taka jafnréttismál enn fastari tókum, hafa forystu í þeim málum og að málaflokkurinn ætti að vera mikilvægt viðfangsefni ríkisstjórnarinnar og Alþingis en ekki fyrst og fremst Jafnréttisráðs var á þessum tíma búin að ná fótfestu. Ábyrgð stjórnvalda á jafnréttismálum var aukin með lögunum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla árið 1985 en nú var ætlunin að auka þá ábyrgð enn frekar.

Frumvarp til breytinga á lögunum frá 1985 var lagt aftur fram veturinn 1989-1990. Breytingar á hlutverki, skyldum og skipan Jafnréttisráðs voru þær sömu og í frumvarpinu sem lagt var fram veturinn áður. Eins og í fyrra frumvarpinu var ætlunin að veita heimild til að ráða sérstaka jafnréttisráðgjafa sem áttu að vinna náð með Jafnréttisráði og þá sérstaklega að því að bæta stöðu kvenna.<sup>97</sup> Í umræðum um frumvarpið komu ýmis sjónarmið fram. Hjörleifur Guttormsson fagnaði því að enn skýrara yrði en áður að húsbóndinn framkvæmdavaldsmegin í jafnréttismálum væri félagsmálaráðuneytið. Hjörleifur vildi ganga enn lengra með því að setja upp sérstaka skrifstofu jafnréttismála innan ráðuneytisins. Ragnhildur Helgadóttir lýsti sig andsnúna því að færa meðferð kærumála frá Jafnréttisráði. Hún sagði ráðið hafa unnið sér mikilvægan sess meðal þjóðarinnar, mjög væri litið til úrskurða þess og í þeim fælist mikið aðhald fyrir þá sem málum réðu og skipuðu í stöður. Að hennar mati veikti það stöðu þeirra sem brotið væri á í skilningi jafnréttislaga að færa meðferð kærumála frá ráði sem skipað væri fulltrúum frá aðilum sem oftast ættu hagsmuna að gæta fyrir hönd þeirra sem brotið væri á. Nokkrir þingmenn töldu það óráð að fjölga fulltrúum í Jafnréttisráði með því að bæta við fulltrúum þingflokka og töldu að það myndi hamla starfsemi ráðsins. Félagsmálaráðherra andmælti því sjónarmiði að það veikti Jafnréttisráð að færa meðferð kærumála frá því. Ráðinu væri falið stórt hlutverk við stefnumótun í jafnréttismálum og önnur mikilvæg störf.<sup>98</sup> Í meðförum félagsmálanefndar neðri deildar var ákvæðið um setu fulltrúa þingflokka í Jafnréttisráði felld brott en í staðinn gert ráð fyrir að formaður væntanlegrar kæruneftar jafnréttismála fengi sæti í Jafnréttisráði. Önnur breyting sem félagsmálanefnd gerði á frumvarpinu var að bæta við ákvæði um að halda skyldi jafnréttisþing á a.m.k. þriggja ára fresti. Nefndin leit svo á að félagsmálaráðherra myndi skilgreina hlutverk og skipulag jafnréttisþings nánar í reglugerð en taldi þó eðlilegt að verkefni slíks þings væri að veita ráðgjöf og umsagnir á sviði jafnréttismála fyrir Jafnréttisráð. Félagsmálanefnd taldi jafnframt að jafnréttisþing gæti orðið vettvangur almennra umræðna um jafnréttismál og uppspretta nýrra hugmynda um þau mál.<sup>99</sup> Niðurstaðan varð á endanum sú að frumvarpið náði ekki fram að ganga. Frumvarpið var lagt fram í þriðja sinn veturinn 1990-1991 og þá með þeim

<sup>97</sup> *Alþingistíðindi* 1989-1990 A, bls. 3173 - 3183.

<sup>98</sup> *Alþingistíðindi* 1989-1990 B, d. 5056 - 5088.

<sup>99</sup> *Alþingistíðindi* 1989-1990 A, bls. 4917 - 4918.

breytingum sem gerðar höfðu verið á því í meðförum þingsins veturinn áður. Lög nr. 28 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla voru loks samþykkt á Alþingi í lok mars 1991.

### 3.2. Skyldur og hlutverk Jafnréttisráðs samkvæmt lögum nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna

Með frumvarpinu sem samþykkt var 1991 voru gerðar ýmsar breytingar á jafnréttislögum. Eins og áður sagði var allt sem varðaði kærur vegna meintra brota á lögnum fært til nýrrar kærunefndar jafnréttismála í stað Jafnréttisráðs. Kærunefnd fékk þó rýmri heimildir, t.d. var ákvæði í nýju lögnum um að þegar kært væri vegna stöðuveitinga yrðu atvinnurekendur að sýna fram á að annað en kynferði hefði legið til grundvallar. Fulltrúar í Jafnréttisráði, annarra en VSÍ, og hluti þingmanna höfðu áður lýst þeim vilja að ráðið fengi slíka heimild.

Ákvæðið um jafnréttisfræðslu var mun ítarlegra en í eldri lögum frá 1985. Gæta skyldi þess í öllum þáttum skólasterfs að kynjunum væri ekki mismunað og haga jafnréttisfræðslu á öllum skólastigum með þeim hætti að búa bæði kynin jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu og fjölskyldu- og atvinnulífi. Ákvæði um að við náms- og starfsfræðslu skyldi leitast við að breyta hefðbundnu starfs- og námsvali kynjanna var breytt á þann veg að leitast skyldi við að kynna piltum og stúlkum þau störf sem áður höfðu verið álitin hefðbundin karla- eða kvennastörf. Eins og áður bar menntamálaráðuneytið ábyrgð á framkvæmd þessarar greinar laganna í samráði við Jafnréttisráð.

Jafnréttisnefnda sveitarfélaga hafði lítt verið getið í jafnréttislögnum en nú var skylda fyrir sveitarfélög með fleiri en 500 íbúa að skipa jafnréttisnefnd. Nefndirnar áttu að fylgjast með og hafa frumkvæði að sérstökum tímabundnum aðgerðum til að bæta stöðu kvenna í viðkomandi sveitarfélagi, taka við ábendingum vegna brota á lögnum, vera tengiliðir við ráðuneyti og Jafnréttisráð og vera ráðgefandi fyrir viðkomandi sveitarstjórn í jafnréttismálum.

Einhverjar áherslubreytingar voru gerðar á grunnverkefnum Jafnréttisráðs. Ráðgjafarnefndin var lögð niður eins og áður kom fram. Áður var skylda Jafnréttisráðs að sjá um að ákvæðum 2. - 13. gr. laganna um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla væri framfylgt en nú var ætlast til þess að ráðið myndi vinna að því að framfylgja þessum greinum laganna. Þessi áherslubreyting skýrist væntanlega af því að stjórnvöld áttu í auknum mæli að axla ábyrgð á jafnréttismálum sem birtist einna helst í þeirri breytingu að nú átti félagsmálaráðherra að annast framkvæmd jafnréttislaga í stað Jafnréttisráðs. Þeirri skyldu var bætt á Jafnréttisráð að hafa frumkvæði að sérstökum tímabundnum aðgerðum til að bæta stöðu kvenna. Framkvæmdaáætlunin sem ráðið lagði fram og félagsmálaráðherra skyldi hafa til hliðsjónar við gerð sinnar framkvæmdaáætlunar var núna kölluð stefnumarkandi áætlun, hún skyldi vera eins og áður til fjögurra ára í senn en sú breyting var gerð að áætlunina átti að endurskoða á tveggja ára fresti. Að

fenginni stefnumarkandi áætlun Jafnréttisráðs og tillögum einstakra ráðuneyta átti ráðherra að leggja sína áætlun fyrir Alþingi í formi þingsályktunartillögu og í lögunum var nú kveðið á um að í áætlun ráðherrans skyldu koma fram sundurlíðuð framkvæmdaáform. Annað ákvæði sem breyttist var að í stað þess að hafa samband við jafnréttisnefndir sveitarfélaga skyldi Jafnréttisráð nú hafa samvinnu við þær. Ákvæði var bætt við lögin um að ráðið skyldi fjalla um mál sem ráðherra eða framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs legðu fyrir það og ráðinu bar nú skylda til að halda jafnréttisþing á a.m.k. þriggja ára fresti. Eins og áður kom fram var skylda til að taka við ábendingum um brot á lögunum og rannsaka þau flutt yfir á nýstofnaða kærunefnd jafnréttismála. Félagsmálaráðherra fékk nú heimild til að ráða jafnréttisráðgjafa og skyldi Jafnréttisráð hafa við hann samvinnu um að leiðrétta stöðu kvenna m.a. í stofnunum og fyrirtækjum í samvinnu við starfsmenn og stjórnendur. Að öðru leyti voru verkefni og skyldur Jafnréttisráðs þau sömu og verið höfðu í lögunum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla frá 1985.<sup>100</sup>

### 3.3. Skípan Jafnréttisráðs 1991-1999

Í stað þess að félagsmálaráðherra skipaði í Jafnréttisráð til tveggja ára í senn skyldi ráðherrann framvegis gera það eftir hverjar kosningar til Alþingis. Þar sem ráðið annaðist ekki lengur kærur vegna brota á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla var formaður þess ekki lengur tilnefndur af Hæstarétti heldur skipaður af félagsmálaráðherra án tilnefningar. Hæstiréttur tilnefndi hins vegar formann kærunefndar jafnréttismála sem skyldi jafnframt sitja í Jafnréttisráði. Sömu hagsmuna- og félagasamtök og höfðu rétt til að tilnefna fulltrúa í Jafnréttisráð samkvæmt lögunum frá 1985 héldu þeim rétti. Jafnréttisráð hélt áfram að hafa framkvæmdastjóra og ráða starfsfólk. Eins og áður skyldi meðal þess vera manneskja sem hefði lokið embættisprófi í lögum og annast lögfræðiráðgjöf og önnur lögfræðistörf á vegum Jafnréttisráðs vegna ætlaðra brota á jafnréttislögum. Þar sem lögin kváðu á um að kærunefnd jafnréttismála og Jafnréttisráð deildu skrifstofu og hefðu sameiginlegt starfslið hefur ætluin væntanlega verið sú að lögfræðistörf vegna ætlaðra brota á jafnréttislögum myndu frekar snúa að kærunefndinni en Jafnréttisráði.<sup>101</sup>

Í samræmi við lagabreytingarnar var skipað nýtt Jafnréttisráð eftir alþingiskosningar 1991 og tóku þá sæti eftirfarandi fulltrúar:

Lára V. Júlíusdóttir formaður skipuð af félagsmálaráðherra

Gylfi Arnbjörnsson tilnefndur af ASÍ

<sup>100</sup> *Alþingistíðindi* 1990-1991 A, bls. 3649 - 3653.

<sup>101</sup> *Alþingistíðindi* 1990-1991 A, bls. 3649 - 3653.

Hrafnhildur Stefánsdóttir tilnefnd af VSÍ

Margrét Ríkarðsdóttir tilnefnd af BSRB en Þórveig Þormóðsdóttir tók sæti Margrétar frá 1993–1994

Guðrún Árnadóttir tilnefnd af Kvenréttindafélagi Íslands

Drífa Hjartardóttir tilnefnd af Kvenfélagasambandi Íslands

Ragnhildur Benediktsdóttir formaður kærunefndar jafnréttismála

Eftir alþingiskosningarnar 1995 var skipað á ný í Jafnréttisráð og þá tóku sæti:

Elín R. Líndal formaður

Þórunn Sveinbjörnsdóttir tilnefnd af ASÍ

Þórveig Þormóðsdóttir tilnefnd af BSRB

Ellen Ingvarsdóttir tilnefnd af Kvenréttindafélagi Íslands

Drífa Hjartardóttir, Hrafnhildur Stefánsdóttir og Ragnhildur Benediktsdóttir héldu sætum sínum. Sigurður Tómas Magnússon tók við sæti Ragnhildar í ráðinu þegar hann tók við af henni sem formaður kærunefndar jafnréttismála.

Eftir alþingiskosningar 1999 varð eina breytingin á skipan Jafnréttisráðs sú að Jónína Steingrímsdóttir var tilnefnd af Kvenfélagasambandi Íslands í stað Drífu Hjartardóttur.

Starfslíð Jafnréttisráðs tók einhverjum breytingum á þeim árum sem til umfjöllunar eru í þessum kafla. Elsa S. Þorkeldsdóttir starfaði sem framkvæmdastjóri til ársins 2000, en Birna Hreiðarsdóttir lögfræðingur leysti hana af hluta ársins 1992. Birna tók síðan við starfi framkvæmdastjóra undirbúningsnefndar vegna þátttöku Íslands á norræna Kvennaþinginu 1994. Stefanía Traustadóttir félagsfræðingur hélt áfram störfum sínum við rannsóknir og ýmis önnur verkefni. Ása Richardsdóttir tók við starfi fræðslufulltrúa tímabundið af Ragnheiði Harðardóttur 1991–1992. Ragnheiður lét af störfum 1995 og þá voru ráðin Brynhildur G. Flóvenz í stöðu lögfræðings og Drífa Hrönn Kristjánsdóttir og Ingólfur V. Gíslason í stöðu sérfræðinga. Helga Guðrún Jónasdóttir tók við starfi Drífu 1997. Einnig voru eins og oft áður ráðnir verkefnisstjórar sem störfuðu að tímabundnum verkefnum og voru þá ýmist starfsmenn Jafnréttisráðs eða fengu aðstöðu á skrifstofu þess.<sup>102</sup>

<sup>102</sup> *Ársskýrsla Jafnréttisráðs og kærunefndar jafnréttismála 1991*. Reykjavík: Jafnréttisráð, 1992, bls. 9 – 10.

*Ársskýrsla Jafnréttisráðs og kærunefndar jafnréttismála 1992*. Reykjavík: Jafnréttisráð, 1993, bls. 9.

*Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, Kærunefnd jafnréttismála 1993*, Reykjavík: Skrifstofa jafnréttismála, 1994, bls. 9. *Ársskýrsla Skrifstofa jafnréttismála. Jafnréttisráð, Kærunefnd jafnréttismála*

*1995*. Reykjavík: Skrifstofa jafnréttismála, 1996, bls. 8 – 9. *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð*,

### 3.4. Skipulagsbreytingar á starfsemi Jafnréttisráðs

Eftir lagabreytinguna 1991 og aukna möguleika Jafnréttisráðs til að vinna að stefnumótun, hafa frumkvæði að sérstökum aðgerðum til að bæta stöðu kvenna en einnig karla og veita öflugra fræðslu var óhjákvæmilegt að móta starf ráðsins, að a.m.k. einhverju leyti, upp á nýtt. Fulltrúum í Jafnréttisráði þótti mikilvægt að breyta ímynd ráðsins á þann hátt að í huga fólks væri Jafnréttisráð stofnun þar sem skipulagðar væru markvissar aðgerðir og veitt ráðgjöf um leiðir til að koma á jafnrétti. Í framhaldinu var ákveðið að fela Hagsýslu ríkisins að gera úttekt á starfsemi Jafnréttisráðs. Hagsýslan lagði til að betur yrði skilið á milli hins skipaða Jafnréttisráðs og skrifstofu þess. Skrifstofan væri iðulega nefnd Jafnréttisráð sem skapaði rugling við hið skipaða ráð. Lagt var til að skrifstofan fengi heitið Skrifstofa jafnréttismála til að endurspeglar hið víðfeðma hlutverk hennar. Eðlilegt þótti að Jafnréttisráð mótaði meginlínur um viðfangsefni en að Skrifstofa jafnréttismála annaðist alla framkvæmd og væri á ýmsan hátt í forsvari fyrir málaflokkinn. Jafnréttisráð ákvað í kjölfarið að fylgja tillögum Hagsýslunnar.<sup>103</sup> Skrifstofa jafnréttismála átti framvegis að vera því sem næst sjálfstæð eining og veita bæði Jafnréttisráði og kærunefnd jafnréttismála þjónustu án þess þó að starfsmenn skrifstofunnar væru skilgreindir sem starfsmenn þessara tveggja eininga. Lögum var þó ekki breytt, samkvæmt þeim var Jafnréttisráð enn með framkvæmdastjóra og annað starfsfólk. Aðskilnaðurinn var því ekki hreinn og beinn. Skrifstofa jafnréttismála skilaði ársskýrslum fyrir skrifstofuna sjálfa, Jafnréttisráð og kærunefnd jafnréttismála. Kærunefndin fékk sérstakan kafla í hverri skýrslu en verkum skrifstofunnar og Jafnréttisráðs var alltaf blandað saman í einn kafla þannig að ekki var alltaf algerlega augljóst hvor aðilinn framkvæmdi viðkomandi verk. Þótt framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs ætti eftirleiðis að vera framkvæmdastjóri Skrifstofu jafnréttismála kom enn reglulega fyrir að hún væri kölluð framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs. Ætlunin var einnig að framkvæmd ákvarðana Jafnréttisráðs væri meðal verkefna skrifstofu jafnréttismála. Ekki verður annað séð af ársskýrslum en að starfsfólk Skrifstofu jafnréttismála hafi haldið áfram að senda út bréf í nafni Jafnréttisráðs. Það má því segja að ekki hafi verið um hreinan aðskilnað að ræða og í stað þess að starfa beint undir Jafnréttisráði eins og áður hafi skrifstofan starfað til hliðar við ráðið en í samvinnu við það og enn veitt því þjónustu. Eins og ætlunin var fór starfsemin framvegis að nokkru leyti fram þannig að Jafnréttisráð lagði meginlínurnar og Skrifstofa jafnréttismála sá um hina daglegu starfsemi en hafði einnig frumkvæði að verkefnum auk þess sem skrifstofan yfirtók einnig að miklu leyti alþjóðlegt

*Kærunefnd jafnréttismála 1997*, Reykjavík: Skrifstofa jafnréttismála, 1998, bls. 8 – 9. „Aukin þunga.“ *Vogin* 15, nr. 2 (1999), bls. 1.

<sup>103</sup> *Ársskýrsla Jafnréttisráðs og kærunefndar jafnréttismála 1992*, bls. 7 - 8.

samstarf. Þessar línur voru þó ekki alltaf fullkomlega skýrar og því í raun illmögulegt að gera annað en að fjalla jöfnum höndum um verkefni Skrifstofu jafnréttismála og Jafnréttisráðs á árunum 1991-1999. Því verður hér á eftir fjallað um helstu verkefni Skrifstofu jafnréttismála og Jafnréttisráðs á þessum árum undir nafni Jafnréttisráðs.

Áður en þessar skipulagsbreytingar voru gerðar var Jafnréttisráð yfirleitt skilgreint þannig í ársskýrslum þess að ráðið væri opinber stofnun en að þess misskilnings gætti víða í þjóðfélaginu að það væri ekki stofnun. Sá misskilningur þarf vart að koma á óvart þar sem ekki hefur verið venjan að opinberar stofnanir samanstandi af ráði sem að mestu leyti er skipað fulltrúum hagsmuna- og félagasamtaka sem hafa skrifstofu á sínum snærum. Fyrirnefndum skipulagsbreytingum var ætlað að eyða þessum misskilningi en þar sem ekki var um algeran aðskilnað að ræða og lögum var ekki breytt má segja að það skref að koma á hreinræktaðri stofnun jafnréttismála hafi verið stigið að hluta til. Líklega var óhjákvæmilegt að þetta yrði niðurstaðan þegar ábyrgð á framkvæmd jafnréttislaga væri flutt frá Jafnréttisráði til félagsmálaráðherra og að stjórnvöld tækju meiri ábyrgð á jafnréttismálum. Skipulagsbreytingarnar voru því vísir að því sem síðar varð Jafnréttisstofa.

### 3.5. Helstu verkefni Jafnréttisráðs 1991–1999

#### 3.5.1. Kvartanir vegna brota á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla

Þótt kærúmal vegna meintra brota á lögunum um jafna stöðu og jafnan rétt hefðu átt að berast til kærunefndar jafnréttismála bárust mál Jafnréttisráði áfram, fyrst um sinn. Málín sem ráðinu bárust voru flest almenns eðlis og vörðuðu anda laganna.<sup>104</sup> Ráðinu bárust enn kvartanir vegna auglýsinga sem þóttu brjóta í bága við lögin og eins og áður var afstaða Jafnréttisráðs mismunandi eftir hverju máli. Fyrirspurnir bárust vegna ýmissa reglugerða og eyðublaða og eins og hefði gerst áður í sögu ráðsins bárust kvartanir vegna þess að stúlkum var ekki boðið upp á smíðakennslu í grunnskólum. Erindi bárust einnig vegna skipulagsreglna félagasamtaka sem þóttu mismuna kynjunum. Ein kvörtun barst vegna þess að eitthvað var um að frystihús neituðu að ráða karlmenn í snyrtingu og þökkun en Jafnréttisráð komst að þeirri niðurstöðu að slíkt væri brot á jafnréttislögum. Ráðinu barst eitt erindi frá karlmanni sem spurðist fyrir um lögmati þess að honum var neitað um inngöngu í kvenfélag og eftir samráð við kærunefnd jafnréttismála komst ráðið að þeirri niðurstöðu að þar sem ekkert ákvæði væri um jafnrétti kynjanna í stjórnarskrá, en heimild til að stofna hvers kyns félög í löglegum tilgangi, væri

<sup>104</sup> *Ársskýrsla Jafnréttisráðs og kærunefndar jafnréttismála 1992*, bls. 15.

þetta ekki brot á lögum.<sup>105</sup> Eftir því sem leið á þetta tímabil fór erindum af þessu tagi til Jafnréttisráðs fækkandi en þau hættu þó aldrei alveg að berast. Til að mynda barst ráðinu erindi frá kvenföngum sem kvörtuðu yfir því að aðbúnaður þeirra væri verri en karlfanga. Erindi barst frá fráskildum föður sem vildi meina að lög um umgengnisrétt væru andsnúin rétti fráskilinna feðra. Jafnréttisráð sendi sýslumannsembættum erindi þar sem bent var á að einungis konur kæmu að umgengnismálum og að ráðinu væri kunnugt um dæmi þess að umgengnisréttur væri brotinn auk þess sem karlanefnd Jafnréttisráðs hefði vakið athygli á mikilvægi feðra í uppeldi barna.<sup>106</sup>

### 3.5.2. Þátttaka í stefnumótun og Jafnréttisráð beitir sér í þágu jafnréttis

Samráðsfundir með félagsmálaráðuneytinu fóru reglulega fram og yfirleitt sátu formaður og framkvæmdastjóri þá fyrir hönd Jafnréttisráðs. Á fundunum var stefnan í jafnréttismálum samræmd og tækifæri gafst til að skiptast á upplýsingum. Í ársskýrslum Jafnréttisráðs var því iðulega lýst yfir að fundirnir væru mikilvægir og gagnlegir. Mikilvægi þeirra fór vaxandi eftir því sem umfang starfsemi Jafnréttisráðs og Skrifstofu jafnréttismála jókst og ekki síður þegar Jafnréttisráði var falið að hafa eftirlit með framgangi framkvæmdaáætlunar félagsmálaráðherra í jafnréttismálum ásamt því að leggja tillögur fyrir ráðherra að þeirri áætlun.<sup>107</sup> Eftir því sem leið á tímabilið fór samvinna við alþingismenn vaxandi. Starfsmenn Jafnréttisráðs veittu þingmönnum aðstoð við undirbúning þingmála, mættu á fundi félagsmálanefndar þingsins til að upplýsa þingmenn um stöðu jafnréttismála og með auknum áhuga þingmanna á jafnréttismálum fjölgaði fyrirspurnum til ráðherra um þau mál sem starfsmenn Jafnréttisráðs sáu um að útbúa svör við.

Eftir sem áður vann Jafnréttisráð að því að bæta stöðu Jafnréttismála vítt og breitt í samfélaginu. Sem fyrr voru reglulega sendar áminningar til þeirra sem fóru með skipunarvald í opinberar nefndir og ráð um að gæta að ákvæðum jafnréttislaga um að hafa kynjahlutföll sem jöfnust. Einnig voru sendar, eins og Jafnréttisráð hafði áður gert, reglulegar áskoranir til fjölmiðla um að auka hlut kvenna meðal viðmælenda. Jafnréttisráð hafði undir lok tímabilsins sem fjallað var um í kafla 2fengið félagsmálaráðherra til að koma því á að allar ríkisstofnanir með fleiri en 20 starfsmenn létu gera jafnréttisáætlun. Heimtur voru misjafnar í upphafi tímabilsins, sumir forstöðumenn ríkisstofnana töldu

<sup>105</sup> *Ársskýrsla Jafnréttisráðs og kærunefndar jafnréttismála 1992*, bls. 19. *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1993*, bls. 19 - 20.

<sup>106</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1998*. Reykjavík: Skrifstofa jafnréttismála 1999, bls. 44.

<sup>107</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1994*, Reykjavík: Skrifstofa jafnréttismála 1995, bls. 10.

sér ekki fært að gera slíka áætlun þar sem einfaldlega of fáar konur hefðu nauðsynlega menntun í þeim geira sem viðkomandi stofnun sinni. Flestar stofnanir unnu þó jafnréttisáætlun en margar þeirra sáu sér ekki fært að fylgja áætluninni eftir og alls svöruðu 17 stofnanir ekki bréfum Jafnréttisráðs um þetta viðfangsefni. Að vonum var því velt upp í ársskýrslu Jafnréttisráðs fyrir árið 1991 hver ætti að tryggja að eftir þessum áætlunum væri farið.<sup>108</sup> Eftir að Alþingi samþykkti þingsályktun um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára árið 1993 var Jafnréttisráði falið að hafa framvegis umsjón með því að markmiðum framkvæmdaáætlunarinnar væri náð. Skrifstofa jafnréttismála sendi í kjölfarið bréf til allra ráðuneyta þar sem tilmæli um að gerðar skyldu verkáætlanir í jafnréttismálum voru ítrekuð en aðeins forsætisráðuneytið skilaði umbeðnum upplýsingum. Vegna fjárskorts átti Jafnréttisráð erfitt með að framkvæma ákvæði í áætluninni um að gera reglulegar athuganir á starfskjörum kvenna og karla í þjónustu ríkisins.<sup>109</sup> Jafnréttisráð hélt þó áfram að þrýsta á að ráðuneyti, sem og sveitarfélög og heildarsamtök á vinnumarkaði, gerðu verkáætlun með hliðsjón af ákvæðum framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar.<sup>110</sup> Í ársskýrslu fyrir árið 1994 skrifaði formaður Jafnréttisráðs að það væri umhugsunarefni að þrátt fyrir ákvæði jafnréttislaga sem heimiluðu sérstakar tímabundnar aðgerðir í þágu kvenna bæri ekki mikið á slíkum aðgerðum í þjóðfélaginu. Sagði formaðurinn að bent hefði verið á að heppilegra væri að hafa jafnréttisákvæði í öllum lagabálkum fremur en hafa sérstök jafnréttislög og gera þannig jafnréttismál að órjúfanlegum hluta af öllum þáttum samfélagsins.<sup>111</sup> Framfylgd framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum, skýrslugerð vegna hennar og tillögugerð vegna næstu áætlana urðu það sem eftir lifði tímabilsins reglulegur hluti af starfsemi Jafnréttisráðs og skrifstofu þess. Eftir því sem á leið höfðu hugmyndir um svokallaða samþættingu aukin áhrif á tillögur Jafnréttisráðs að næstu framkvæmdaáætlunum en nánar er sagt frá samþættingu í kafla 3.5.9

Jafnréttisráð sendi frá sér ályktanir um stöðu jafnréttismála og það sem ráðið taldi að betur mætti fara í þeim efnum. Vegna umræðu og ábendinga um auglýsingar nektardansstaða samþykkti Jafnréttisráð sérstaka ályktun árið 1997 þar sem minnt var á ákvæði jafnréttislaga um að sjá til þess að auglýsingar væru ekki öðru hvoru kyninu til lítilsvirðingar. Jafnréttisráð hvatti þó ekki til að auglýsingar nektardansstaða yrðu bannaðar heldur að séð yrði til þess að þessar auglýsingar samrýmdust jafnréttislögum. Ályktunin vakti nokkra athygli í þjóðfélaginu og í kjölfarið hætti *Morgunblaðið* að birta auglýsingar frá

<sup>108</sup> *Ársskýrsla Jafnréttisráðs og kærunefndar jafnréttismála 1991*, bls. 36.

<sup>109</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1993*, bls. 19.

<sup>110</sup> *Ársskýrsla Skrifstofa jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1995*, bls. 21.

<sup>111</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1994*, bls. 7 - 8.



nektardansstöðum.<sup>112</sup> Sama ár átti fulltrúi Jafnréttisráðs sæti í sérstökum starfshóp sem ætlað var að safna upplýsingum um og í kjölfarið vinna tillögur að aðgerðum gegn kynferðisofbeldi sem beindist að fólki með þroskahömlun.<sup>113</sup>

### 3.5.3. Umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur

Jafnréttisráð hélt áfram, í samræmi við ráðgjafarhlutverk sitt, að veita umsagnir um lagafrumvörp, þingsályktunartillögur og önnur stefnumarkandi gögn sem vörðuðu jafnréttismál. Ráðið lagði áherslu á að það fengi fleiri mál til umsagnar en þau sem féllu beint undir hugtakið jafnrétti þar sem gæta þyrfti jafnréttissjónarmiða á fleiri sviðum. Í umsögn um frumvarp til hjúskaparlaga taldi ráðið að rýmka ætti skilyrði fyrir hjónaskilnuðum til samræmis við nútímaviðhorf. Fjármálaráðuneytið óskaði árið 1991 eftir umsögn Jafnréttisráðs um hvort beita ætti sérstökum tímabundnum aðgerðum til að bæta stöðu kvenna, til samræmis við 3. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, og taldi Jafnréttisráð rétt að huga að því.

Áður en samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið tók gildi árið 1993 veitti Jafnréttisráð umsögn um hvort breyta þyrfti jafnréttislögum vegna samningsins en ekki var fullur einhugur innan ráðsins um hvort þörf væri á því. Að ósk jafnréttisnefndar Evrópuráðsins sendi Jafnréttisráð nefndinni hugmyndir að nýjum ákvæðum í félagsáttmála Evrópu sem Ísland var aðili að.<sup>114</sup>

Jafnréttisráð veitti reglulega umsagnir um þær framkvæmdaáætlanir í jafnréttismálum sem félagsmálaráðherra var ætlað að leggja fram, samkvæmt jafnréttislögunum. Árið 1992 óskaði fjármálaráðuneytið aftur eftir umsögn Jafnréttisráðs um hvort tilefni væri til að beita ákvæði laganna um jafna stöðu og jafnan rétt um sérstakar aðgerðir í þágu kvenna. Ráðið taldi þessu ákvæði laganna vera beitt gagnvart ríkinu með þeim framkvæmdaáætlunum sem í gildi væru en taldi brýnt að huga betur að hinum almenna vinnumarkaði.

Í umsögn um þingsályktunartillögu um sveigjanlegan vinnutíma taldi Jafnréttisráð ekki ráðlegt að lögbinda hann þar sem betra væri að semja um slíkt í kjarasamningum. Einkum væru konur sem nýttu sér sveigjanlegan vinnutíma og velti ráðið því upp hvort ekki væri heppilegra að beita öðrum úrræðum til að auðvelda þeim störf sín eins og t.d. að koma á samfelldum skóladegi, bæta aðstæður leikskóla eða stytta vinnutíma.<sup>115</sup>

<sup>112</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1997*, bls. 33 - 35.

<sup>113</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1997*, bls. 35 - 36.

<sup>114</sup> *Ársskýrsla Jafnréttisráðs og kærunefndar jafnréttismála 1991*, bls. 20 - 25.

<sup>115</sup> *Ársskýrsla Jafnréttisráðs og kærunefndar jafnréttismála 1992*, bls. 22 - 25.

Í umsögn um jafnréttisáætlun jafnréttisnefndar Akureyrar hrósaði Jafnréttisráð sérstaklega ákvæðum áætlunarinnar um að sérstakt tillit skyldi tekið til starfsmanna bæjarins með ung börn á brjósti og taldi ráðið vel mögulegt að slík ákvæði gætu breiðst út um samfélagið.

Jafnréttisráð veitti umsagnir um hvort tilskipanir ESB á sviði félagsmála kölluðu á lagabreytingar á Íslandi.<sup>116</sup> Umsagnir um tilskipanir ESB sem tengdust félags- og jafnréttismálum urðu reglulegur þáttur í starfi Jafnréttisráðs eftir því sem Evrópusamvinnunni vatt fram.

Í umsögn um frumvarp um breytingu á stjórnskipunarlögum hvatti Jafnréttisráð til þess að bætt yrði inn í stjórnarskrána sérstöku ákvæði um jafnrétti kynjanna en ráðið taldi að slíkt ákvæði myndi tryggja að öll lagasetning tæki mið af jafnrétti kynjanna og að íslensk stjórnvöld uppfylltu þær skyldur sem þau hefðu tekið á sig á

sviði jafnréttismála m.a. með alþjóðasamningum.<sup>117</sup> Mögulega má segja að það sé til marks um áhrifamátt Jafnréttisráðs að ákvæði um jafnrétti kynjanna var bætt við stjórnarskrána.

Jafnréttisráð var mjög áhugasamt um skipulag fæðingarorlofsmála og hvatti til þess að frumvarp um lengingu fæðingarorlofs yrði samþykkt. Ráðið mælti með samþykkt þingsályktunartillögu um að skipa nefnd til að endurskoða lög og reglugerðir um fæðingarorlof. Sams konar meðmæli fékk þingsályktunartillaga um að skipa nefnd til að gera úttekt á námsskrám og kennslubókum á grunn- og framhaldsskólastigi með tilliti til ákvæða jafnréttislaga um jafnréttisfræðslu.<sup>118</sup> Jafnréttisráð mælti með samþykkt þingsályktunartillögu um að tryggja feðrum ákveðinn lágmarksrétt til fæðingarorlofs. Jafnréttisráð studdi þingsályktunartillögu um opinbera fjölskyldustefnu en ráðið taldi að aðbúnaður og aðstæður fjölskyldna skiptu miklu máli fyrir möguleika kvenna í þjóðfélaginu. Ráðið studdi einnig þingsályktunartillögu um rannsókn á launa- og starfskjörum landsmanna og taldi mikilvægt, til að rannsóknin skilaði árangri, að aðgreina alla þætti rannsóknarinnar eftir kyni og að hún tæki til allra hliða launa og kjara.<sup>119</sup>

Í umsögn um frumvarp til lögreglulaga lagði Jafnréttisráð til breytingar á frumvarpinu til að jafna hlut kynjanna innan lögreglunnar enn frekar og gagnrýndi að í frumvarpinu væri ekki fjallað um valdmörk og skyldur lögreglunnar í málum sem vörðuðu heimilisofbeldi.

---

<sup>116</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1993*, bls. 23.

<sup>117</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1994*, bls. 26 - 28.

<sup>118</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1994*, bls. 30.

<sup>119</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1995*, bls. 26 - 27.

Ráðið studdi þingsályktunartillögu um skípan nefndar sem ætlað var að koma með tillögur að aðgerðum til að sporna gegn kynferðislegri áreitni en Jafnréttisráð vildi að nefndinni yrði m.a. falið að gera tillögu um ákvæði um kynferðislega áreitni sem bætt yrði við jafnréttislög. Félagsmálaráðuneytið óskaði eftir umsögn Jafnréttisráðs um hvort nektardans bryti í bága við jafnréttislög. Ráðið taldi svo ekki vera en gæta þyrfti þess að auglýsingar um dansinn samræmdust lög og huga ætti að réttarstöðu starfsmanna nektardansstaða með t.d. einhvers konar skráningu.<sup>120</sup>

Í umsögn um þingsályktunartillögu um aðgerðir til að draga úr launamun kynjanna lagði Jafnréttisráð til sérstakar aðgerðir í því augnamiði að hækka laun kvennastétta og að unnið yrði að því að almennt yrði fæðingarorlof 12 mánuðir og að feðrum yrði tryggður sjálfstæður réttur til þess. Í umsögn um þingsályktunartillögu um afnám ofbeldis gegn konum studdi Jafnréttisráð eindregið skípan nefndar sem ætlað var að vinna að markvissum aðgerðum í þeim efnum.<sup>121</sup> Í umsögn um þingsályktunartillögu um réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð taldi Jafnréttisráð að ekki ætti að eyða algerlega lagalegum mun á milli vígðrar og óvígðrar sambúðar og styrkja ætti kjarnafjölskylduna með umbótum m.a. á skattalögum og skólastarfi. Að mati Jafnréttisráðs ætti að virða valfrelsi um sambúðarform. Jafnréttisráð mælti með samþykkt þingsályktunartillögu um jafnræði milli kynja við fjárveitingar til æskulýðs- og íþróttamála ekki síst vegna forvarnagildis þessara mála.<sup>122</sup>

### 3.5.4. Samstarf við ýmsa aðila

Jafnréttisráð átti eftir sem áður regluleg samskipti við jafnréttisnefndir sveitarfélaga og einnig við jafnréttisfulltrúa sveitarfélaga en lengst af þessu tímabili voru eingöngu jafnréttisfulltrúar hjá Akureyrarbæ og Reykjavíkurborg. Jafnréttisráð taldi brýnt að vinna að því að styrkja jafnréttisnefndir sveitarfélaga og sjá til þess að staða þeirra væri sem tryggust. Jafnréttisnefndirnar efldust eftir því sem leið á tímabilið 1991–2000. Nefndirnar höfðu í mörg ár verið um 20 talsins en árið 1992 beitti Jafnréttisráð sér fyrir því að þeim yrði fjölgað með því að minna sveitarstjórnir á að sveitarfélögum með fleiri en 500 íbúa bæri nú skylda til að stofna jafnréttisnefnd. Fjölgaði nefndunum við þetta upp í 37. Sama ár var samstarfið við nefndirnar farið að ganga betur en það hafði gert á níunda áratugnum og fundum þeirra og starfsfólks Jafnréttisstofu fjölgaði.<sup>123</sup> Starfsskilyrði jafnréttisnefndanna og krafturinn í starfi þeirra voru þó misjöfn eftir sveitarfélögum. Frá árinu 1993 var landsfundur jafnréttisnefnda haldinn

<sup>120</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1996*, bls. 27.

<sup>121</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1997*, bls. 29 - 32.

<sup>122</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1998*, bls. 39 - 40.

<sup>123</sup> *Ársskýrsla Jafnréttisráðs og kærunefndar jafnréttismála 1992*, bls. 10 - 11.

árlega. Skrifstofa Jafnréttisráðs sá um skipulagningu fundarins af hálfu ráðsins og formaður þess ávarpaði yfirleitt fundinn. Á fyrsta landsfundinum var skorað á sveitarstjórnir, félagsmálaráðherra og Skrifstofu jafnréttismála að styðja betur við starf jafnréttisnefndanna. Þetta sama ár kom út „Gróska“, handbók fyrir jafnréttisnefndir, sem hafði verið í vinnslu hjá Jafnréttisráði í nokkurn tíma.<sup>124</sup> Eftir því sem leið á tímabilið var lögð meiri áhersla innan Jafnréttisráðs á að funda oftár með jafnréttisnefndunum og starf þeirra styrktist almennt. Jafnréttisráð hélt sérstakt námskeið fyrir jafnréttisnefndirnar sem þótti nauðsynlegt þar sem virkni þeirra hafði verið misjöfn sem og þekking nefndarfólks á verksviði þeirra.<sup>125</sup> Um mitt þetta tímabil hafði jafnréttisnefndunum fjölgað í 44 og óöryggi og áhyggjur af verkleysi, sem hafði lengi vel einkennt störf margra nefndanna, voru úr sögunni. Nefndirnar hvöttu Jafnréttisráð í auknum mæli til að beita sér fyrir tímabundnum aðgerðum í þágu kvenna.<sup>126</sup> Þegar málefni grunnskóla voru flutt til sveitarfélaga árið 1996 var það álitid tilvalið tækifæri fyrir jafnréttisnefndirnar að beita sér fyrir aukinni jafnréttisfræðslu fyrir bæði nemendur og starfsfólk grunnskóla.<sup>127</sup> Í lok tímabilsins hafði þó orðið nokkur endurnýjun meðal nefndarfólks og óskuðu mörg þeirra eftir því að Skrifstofa jafnréttisráðs héldi lengri námskeið fyrir nefndirnar. Til að efla starf jafnréttisnefndanna á ný var komið á samstarfshópi milli nefndanna, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Skrifstofu jafnréttisráðs. Þegar samstarf milli jafnréttisnefnda og sveitarfélaganna var aukið urðu jafnréttisáætlanir viðurkenndari þáttur í stefnumótun sveitarfélaga í jafnréttismálum.<sup>128</sup>

Jafnréttisráð átti einnig í samstarfi við ýmis félaga- og hagsmunasamtök. Umræða um kynferðislega áreitni á vinnustöðum fór vaxandi í þjóðfélaginu og í samvinnu við ASÍ, BSRB og VSÍ var gefin út bæklingur um kynferðislega áreitni á vinnustöðum með leiðbeiningum fyrir þolendur og fyrir atvinnurekendur um fyrirbyggjandi aðgerðir og viðbrögð. Skrifstofu jafnréttismála og Vinnueftirlitinu var í kjölfarið falið að kanna kynferðislega áreitni á vinnustöðum en þessi könnun var hluti af framkvæmdaáætlun félagsmálaráðherra sem samþykkt var á Alþingi 1993.<sup>129</sup> Niðurstöður könnunarinnar voru þær að kynferðisleg áreitni væri vissulega til staðar á íslenskum vinnumarkaði, meiri hluti þolenda væri konur og áreitnin hefði áhrif á bæði líkamlega og andlega heilsu.<sup>130</sup> Skrifstofa Jafnréttismála og Vinnueftirlitið efndu í kjölfarið til námsstefnu um

<sup>124</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1993*, bls. 10 – 11.

<sup>125</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1994*, bls. 11.

<sup>126</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1995*, bls. 10.

<sup>127</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1996*, bls. 9 - 10.

<sup>128</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1998*, bls. 14 - 15.

<sup>129</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1995*, bls. 22.

<sup>130</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1998*, bls. 31.

kynferðislega áreitni á vinnustöðum.<sup>131</sup> Eitt af síðustu verkefnum sem Jafnréttisráð kom að á því tímabili sem hér er til umfjöllunar var samningur við jafnréttisnefnd Háskóla Íslands um sérstakt átaksverkefni til að auka hlut kvenna í forystustörfum í samfélaginu og stuðla að fjölbreyttara náms- og starfsvali kynjanna. Að verkefninu komu einnig fjögur ráðuneyti, Félag íslenskra framhaldsskóla og Stúdentaráð Háskóla Íslands. Ætlunin var að jafna kynjaskiptingu í hefðbundnum karlafögum, eins og t.d. tölvunar- og verkfræði, og hefðbundnum kvennafögum eins og hjúkrunarfræði. Einnig var ætlunin að bjóða kvenkyns nemendum á lokaári í háskólanámi upp á sérstök námskeið til undirbúnings fyrir forystustörf í atvinnulífinu.<sup>132</sup>

Að frumkvæði Jafnréttisráðs var fulltrúum stjórnmalaflokka og kvennahreyfinga boðið til samstarfs um aukinn hlut kvenna á framboðslistum vegna sveitarstjórnarkosninganna vorið 1998. Formaður Jafnréttisráðs tók sæti í samstarfshóp um verkefnið. Hópurinn vildi auka hlut kvenna í sveitarstjórnnum ekki síst vegna þess að hlutfall kvenna af fjölda sveitarstjórnarfulltrúa á landinu hafði ekki aukist í kosningunum 1994. Átakið fékk heitið „Sterkari saman“ í samræmi við megináherslur hópsins sem voru þær að konur og karlar væru sterkari saman. Byrjað var á því að kanna hlut kvenna í nefndum sveitarfélaga á kjörtímabilinu 1994–1998 sem leiddi í ljós að 43% nefnda voru ekki skipaðar neinni konu og nefndum sem voru eingöngu skipaðar konum hafði fjölgað á kjörtímabilinu 1994–1998.<sup>133</sup> Starfshópurinn lauk störfum með skýrslu til Jafnréttisráðs og í kjölfarið skipaði ríkisstjórnin nefnd, með fulltrúum frá þingflokkum, Jafnréttisráði og kvennasamtökum, sem ætlað var að vinna að jafnari hlut kvenna í stjórnmalum. Sérstakur verkefnisstjóri var ráðinn og hafði aðsetur á Skrifstofu Jafnréttisráðs.<sup>134</sup>

### 3.5.5. Fræðslumál

Í samræmi við ákvæði laganna um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla frá 1991um ábyrgð menntamálaráðuneytisins á jafnréttisfræðslu í skólum skipaði menntamálaráðherra 1992 starfshóp sem koma átti með tillögur um hvernig ætti að koma á jafnri stöðu kynjanna í skólum landsins. Eftir að starfshópurinn skilaði skýrslu sinni var skipuð framkvæmdanefnd um málið sem átti þó nokkurt samstarf við Jafnréttisráð.<sup>135</sup> Þegar leið á tímabilið 1991–2000 var skipaður samráðshópur um jafna stöðu kynja í skólum og átti Stefanía Traustadóttir

<sup>131</sup> „Hvernig má koma í veg fyrir kynferðislega áreitni á vinnustöðum? Fyrirhuguð námsstefna Skrifstofu jafnréttismála og Vinnueftirlits ríkisins.“ *Vogin* 15, nr. 1 (1999) bls. 2 - 3.

<sup>132</sup> „Tímamótasamstarf.“ *Vogin* 16, nr. 1 (2000), bls. 1 - 2.

<sup>133</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1997*, bls. 17 - 19.

<sup>134</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1998*, bls. 7.

<sup>135</sup> *Ársskýrsla Jafnréttisráðs og kærunefndar jafnréttismála 1992*, bls. 12.

félagsfræðingur Jafnréttisráðs sæti í hópnum. Hópurinn vann helst að ráðgjöf um könnun á framkvæmd og skipulagi jafnréttisfræðslu í skólum og kom að gerð tillögu um gerð handbókar fyrir jafnréttiskennslu á öllum skólastigum.<sup>136</sup> Árið 1993 var ákveðið að Skrifstofa jafnréttismála og ráðuneytið myndu hefja samvinnu um gerð fræðsluefnis fyrir skóla og atvinnulíf um nám og störf út frá mismunandi stöðu kynjanna.<sup>137</sup> Árið 1997 hófst tilraunakennsla í framhaldsskólum með efnið sem bar titilinn „Einu sinni voru strákur og stelpa“ og samanstóð af hefti fyrir kennara, hefti fyrir nemendur og myndum á glærum.<sup>138</sup> Árið 1998 var starfsmaður Jafnréttisráðs skipaður af menntamálaráðuneytinu í nefnd fagfólks í uppeldis- og kennslumálum sem ætlað var að gera tillögur um hvaða uppeldis- og kennsluaðferðum skyldi beita í grunnskólum til að mæta betur mismunandi þörfum drengja og stúlkna. Nefndinni var einnig ætlað að gera tillögur um breytingar á kennaranámi til að ná þessu markmiði. Einnig var komið á samstarfsnefnd menntamálaráðuneytisins og Skrifstofu jafnréttismála um konur og fjölmiðla en sú nefndaskípan var hluti af framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum og endurspeglaði umræðu sem átti hafði sér stað bæði í Bandaríkjunum og Evrópu um þau kynhlutverk sem fjölmiðlar endurspegluðu.<sup>139</sup>

Fræðsluhlutverk Jafnréttisráðs var almennt eins og áður einna helst rækt með flutningi erinda, m.a. um störf ráðsins og ýmsa anga jafnréttismála, á fundum félagasamtaka, ráðstefnum og á vinnustöðum. Einnig fór vaxandi að fræðsluerindi væru haldin í skólum. Auk erinda veitti starfsfólk Jafnréttisráðs, eins og það hafði gert frá upphafi, fræðslu með því að svara hinum ýmsu fyrirspurnum og erindum sem bárust. Starfsfólk veitti bæði fræðslu samkvæmt óskum og vann að upplýsingagjöf að eigin frumkvæði m.a. með greinaskrifum í dagblöð og tímarit og tók þátt í umræðum í útvarpi og sjónvarpi. Eftir því sem leið á tímabilið sem til umfjöllunar er í þessum kafla jókst eftirspurn eftir fræðslu og ráðgjöf starfsfólks Jafnréttisráðs og skýrðist það einna helst af aukinni umræðu um jafnréttismál í samfélaginu almennt en þá staðreynd vildi Jafnréttisráð þakka þeim aukna krafti sem lagður hafði verið í vinnu að jafnrétti kynjanna.<sup>140</sup> *Vogin*, fréttabréf Jafnréttisráðs, kom út allt þetta tímabil og útlán úr bókasafni Jafnréttisráðs héldu áfram. Sú breyting var þó gerð á útgáfu *Vogarinnar* frá 1993–1995 að hún varð hluti af riti Kvenréttindafélags Íslands *19. júní* en frá 1995 varð *Vogin* aftur sjálfstætt fréttabréf.<sup>141</sup> Að beiðni

<sup>136</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1997*, bls. 12.

<sup>137</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1993*, bls. 12.

<sup>138</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1996*, bls. 11. *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1997*, bls. 12.

<sup>139</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1998*, bls. 16, 22 - 23.

<sup>140</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1997*, bls. 7.

<sup>141</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1993*, bls. 13. *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1995*, bls. 13.

Iðntæknistofnunar tók fulltrúi Jafnréttisráðs sæti í starfshóp sem samdi handbókina *Peningarnir og lífið* sem var ætluð konum og fjallaði um fjármál og félagsleg réttindi, þar á meðal hjúskaparmál, sparnað og lánamál. Markmiðið með handbókinni var að konur ættu sem greiðastan aðgang að upplýsingum um þessi mál og um leið var ætlunin að hvetja konur til að láta til sín taka á félagslegum vettvangi.<sup>142</sup> Í tilefni af 20 ára afmæli fyrstu jafnréttislaganna árið 1996, gaf Jafnréttisráð út bækling þar sem framgangur kvenna á sviði stjórn mála og atvinnulífs var tíundaður.<sup>143</sup> Þegar svokölluð samþætting fór að hafa meiri áhrif á starfsemi Jafnréttisráðs sendi ráðið frá sér fræðsluefni um hvernig flétta mætti kynjuð sjónarhorn inn í alla stefnumótun samfélagsins.<sup>144</sup> Eftir því sem leið á tímabilið var lögð aukin áhersla á fræðslu til atvinnurekenda bæði á almenna vinnumarkaðnum og til forstöðumanna ríkisstofnana. Skrifstofa jafnréttismála leitaði eftir samvinnu við samtök atvinnurekenda um fræðslu á grunni nýrra áherslna á sviði kynjajafnréttis, til að mynda umræðu um arðsemi aukins sveigjanleika í fyrirtækjastjórnun, en á vettvangi ESB var aukinn sveigjanleiki í samskiptum atvinnu- og fjölskyldulífs talinn geta gert evrópsk fyrirtæki samkeppnishæfari og talinn ein helsta forsenda þess að staða kynjanna á vinnumarkaði yrði jafnari. Formlegt erindi var sent VSÍ um samstarf á þessum grunni en ekki var orðið við óskum Jafnréttisráðs um þetta samstarf.<sup>145</sup> Tímamót urðu í upplýsingamiðlun Jafnréttisráðs árið 1998 þegar vefsíðan jafnretti.is var opnuð en þar var að finna upplýsingar um starfsemi Jafnréttisráðs, kærunefndar jafnréttismála og Skrifstofu Jafnréttismála.<sup>146</sup>

### 3.5.6. Rannsóknir og kannanir

Starfsfólk Jafnréttisráðs hélt áfram að gera kannanir og vinna að ýmsum samantektum á stöðu jafnréttismála. Hluti af þeirri vinnu var að taka saman upplýsingar vegna þeirrar skýrslu sem félagsmálaráðherra flutti Alþingi annað hvert ár um stöðu jafnréttismála. Félagfræðingur ráðsins vann t.d. skýrsluna sem lögð var fram árið 1991 þar sem m.a. kom fram að misjafnlega gengi að koma á jafnrétti milli kynjanna, enn var talsverður kynbundinn launamunur til staðar en hlutfall kvenna hafði almennt aukist meðal nemenda á háskólastigi. Í iðn- og tæknigreinum og iðnámi almennt hallaði enn talsvert á konur. Sama ár var hlutur kvenna á framboðslistum kannaður sem leiddi í ljós að hlutfall kvenna á framboðslistum fyrir nýliðnar alþingiskosningar hafði verið hærra en hlutfall kvenna sem náð höfðu kjöri í kosningunum. Einnig hélt starfsfólk

<sup>142</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1996*, bls. 12.

<sup>143</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1996*, bls. 28.

<sup>144</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1997*, bls. 37.

<sup>145</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1998*, bls. 32 - 33.

<sup>146</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1998*, bls. 48.

Jafnréttisráðs áfram að greina innihald auglýsinga í blöðum og tímarita og hversu vel þær samræmdust ákvæðum jafnréttislaga. Í athugun sem gerð var 1991 kom í ljós að tiltölulega fáar auglýsingar þóttu vera niðrandi í garð kvenna og þar með brotlegar við löginn og komu auglýsingar sem hannaðar voru erlendis betur út en þær sem voru hannaðar af Íslendingum. Þetta sama ár var aukið við nafnabanka Jafnréttisráðs.<sup>147</sup> Áfram voru gerðar reglulegar kannanir um stöðu kvenna í sveitarstjórnnum og í einni slíkri, árið 1992, kom m.a. fram að í 28,4% sveitarstjórna sæti engin kona og eins og fyrri kannanir höfðu gefið til kynna var kynjaskipting í nefndum sveitarfélaga enn nokkuð hefðbundin að því leyti að konur sátu frekar í nefndum sem höfðu með velferðar- og félagsmál að gera.<sup>148</sup> Hlutur kvenna í nefndum og ráðum á vegum ríkisins var áfram kannaður reglulega en á árabílinu 1983–1994 hækkaði hlutfallið úr 6% í 20%.<sup>149</sup> Í framkvæmdáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum árið 1993 var sett inn ákvæði um að heildarhlutfall kvenna í nefndum á vegum hvers ráðuneytis yrði 30% árið 1997. Í ársskýrslu Jafnréttisráðs fyrir árið 1996 kom fram að langt væri í land með að ná þessu hlutfalli nema í heilbrigðisráðuneytinu.<sup>150</sup> Árið 1994 var tekin saman skýrsla um lög og reglur um greiðslu fæðingarorlofs og var niðurstaðan að hjá ríkinu hallaði á feður. Í kjölfarið var þeim tilmælum beint til fjármálaráðherra að tryggja rétt feðra meðal starfsmanna ríkisins til slíkra greiðslna.<sup>151</sup> Einnig var hlutur kvenna meðal viðmælenda í fréttum fjölmiðla kannaður reglulega en Jafnréttisráð taldi mikilvægt að raddir kvenna heyrðust oftari í þjóðfélagsumræðunni og sendi ráðið oft áskoranir til fjölmiðla um að auka hlut kvenna. Síðasta könnunin sem Jafnréttisráð gerði, á því tímabili sem hér um ræðir, á kynjaskiptingu í fjölmiðlum leiddi í ljós að enn hallaði talsvert á konur en 70% þeirra sem birtust í sjónvarpi voru karlar og þegar leitað var eftir ummælum í dagblöðum voru 87% viðmælenda karlar.<sup>152</sup> Árið 1998 var gerður samningur við Gallup um kannanir á viðhorfi almennings til ýmissa þátta jafnréttismála. Fyrsta könnunin var gerð þetta sama ár um viðhorf fólks til aukinnar þátttöku kvenna í stjórnámálum. Af þeim sem tóku afstöðu vildu 92,5% auka hlut kvenna í stjórnámálum og fólk í eldri aldurshópum var jákvæðara en yngra fólk fyrir því að ráðist yrði í sérstakt átak í þessum efnum. Alls voru 3,5% andvíg því að auka hlut kvenna í stjórnámálum og hluti þeirra sem tóku þessa afstöðu töldu að konur ættu frekar að einbeita sér að heimilisstörfum.<sup>153</sup> Árið eftir var gerð könnun um hvort fólk liti svo á að atvinnurekendur tækju tillit til þarfa fjölskyldufólks. Alls 51% þátttakenda leit svo á að lítið tillit væri tekið til

<sup>147</sup> *Ársskýrsla Jafnréttisráðs og kærunefndar jafnréttismála 1991*, bls. 29 - 35.

<sup>148</sup> *Ársskýrsla Jafnréttisráðs og kærunefndar jafnréttismála 1992*, bls. 32 - 35.

<sup>149</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1994*, bls. 22.

<sup>150</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1996*, bls. 19 - 20.

<sup>151</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1994*, bls. 24.

<sup>152</sup> „Kynin í íslenskum fjölmiðlum.“ *Vogin* 16, nr. 1 (2000), bls. 4.

<sup>153</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1998*, bls. 18.



þarfa fjölskyldufólks og 90% töldu að stjórnvöld ættu að gera ráðstafanir til að gera fólki betur kleift að sinna fjölskyldulífi samhliða atvinnu. Meiri hluti þátttakenda vildi stytta vinnutíma eða gera hann sveigjanlegri.<sup>154</sup>

### 3.5.7. Ráðstefnu- og þinghald

Jafnréttisráð stóð fyrir og tók þátt í ýmsum ráðstefnum og fundum innanlands eins og það hafði gert frá upphafi. Á þessu tímabili bar hæst jafnréttisþing sem ráðinu bar að standa að eftir breytingu á jafnréttislögum árið 1991. Þingið var haldið í fyrsta sinn árið 1993 og var ætlað að vera stjórnvöldum og Jafnréttisráði til ráðgjafar auk þess að vera vettvangur almennrar umræðu og uppspretta nýrra hugmynda. Fulltrúar ýmissa hagsmunasamtaka voru boðaðir á undirbúningsfundi fyrir þingið og var það stefna Jafnréttisráðs að jafnréttisþing yrði meira en enn ein ráðstefnan um jafnréttismál. Á þinginu var fjallað um helstu svið jafnréttisumræðunnar m.a. vinnumarkaðinn, stjórnsmál, aðstæður fjölskyldna og nýjar sem og gamlar leiðir í jafnréttisbaráttunni. Fulltrúar kvennasamtaka, aðila vinnumarkaðarins, stjórnsmálaflokka og ýmissa hagsmunasamtaka ávörpuðu þingið og var það ósk Jafnréttisráðs að fá skoðanir sem víðast að. Jafnréttisþing samþykkti áskorun til Jafnréttisráðs um að standa fyrir átaki til að auka hlut kvenna í öruggu sæti á framboðslistum stjórnsmálaflokka fyrir alþingiskosningar 1995. Jafnréttisráð hóf í kjölfarið samstarf við Kvenréttindafélag Íslands um átakið og sendi bréf til allra stjórnsmálaflokka þar sem athygli var vakin á markmiðum jafnréttislaga um aukinn hlut kvenna. Að þessu fyrsta Jafnréttisþingi loknu var gefin út skýrsla með erindum sem flutt voru og ályktunum sem voru samþykktar.<sup>155</sup> Árið eftir hélt samstarf Jafnréttisráðs og Kvenréttindafélagsins um að auka hlut kvenna á framboðslistum áfram með 100 manna fundi og í kjölfarið var ákveðið að hefja útgáfu á póstkortum með hvatningarorðum til kvenna.<sup>156</sup> Í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna árið 1994 hélt Jafnréttisráð fjölmennan hádegisfund og ræddi formaður ráðsins m.a. um þá tilhneigingu, sem hefði ekki verið kveðin niður gagnstætt því sem talið var, að ýta konum út af vinnumarkaði til að tryggja körlum atvinnu.<sup>157</sup>

Jafnréttisþing var haldið í annað sinn árið 1996 og að undirbúningi þingsins komu, auk fulltrúa Jafnréttisráðs, fulltrúar stjórnsmálaflokka og hagsmunasamtaka námsmanna. Á þinginu hélt sænski hagfræðingurinn Anita Harriman fyrirlestur um kynbundinn launamun og leiðir til að draga úr honum. Fjallað var um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum sem samþykkt var á

<sup>154</sup> „Mikill meirihluti þjóðarinnar vill bæta stöðu fjölskyldufólks.“ *Vogin* 15, nr. 1 (1999) bls. 4.

<sup>155</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1993*, bls. 13, 17.

<sup>156</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1994*, bls. 14 - 15.

<sup>157</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1994*, bls. 34.

kvennaráðstefnu SP árið 1995 og þá möguleika sem í henni fælust. Á þinginu var jafnframt flutt dagskrá, sem unnin var af fulltrúum stjórnmalaflokka og námsmannahreyfinga, um breytt kynhlutverk og kynjaímyndir og um þýðingu jafnréttisumræðunnar fyrir þá kynslóð sem var að vaxa úr grasi.<sup>158</sup>

### 3.5.8. Karlanefnd Jafnréttisráðs

Í lok níunda áratugarins fór umræða vaxandi innan Jafnréttisráðs um hvernig virkja mætti karla betur í jafnréttisbaráttunni og hvetja þá og gera þeim kleift að taka virkari þátt í heimilsskörfum, auka skilning þeirra á gildi aukins jafnréttis fyrir þá sjálfa og að auki hvernig greina ætti og ræða um stöðu karla í breyttu samfélagi. Þetta starf hélt áfram á árunum 1991–2000. Félagsmálaráðherra skipaði sérstaka karlanefnd sem skilaði skýrslu árið 1993 sem Jafnréttisráð fékk til umsagnar. Í skýrslunni var lagt til að skipaður yrði sérstakur ráðgjafahópur karla svo að tryggt væri að sjónarmiða þeirra væri betur gætt innan Jafnréttisráðs. Ráðið svaraði því til að undirbúningur að skipan slíks hóps væri þegar hafin.<sup>159</sup> Í byrjun árs 1994 tók til starfa sérstök karlanefnd Jafnréttisráðs. Í upphafi sátu í nefndinni tveir karlar og tvær konur en formaður hennar var Sigurður Svavarsson. Nefndin hóf starf sitt á því að beina sjónum að heimilisofbeldi með sérstakri ráðstefnu um viðfangsefnið. Ráðstefnan vakti mikla athygli og þótti vekja upp umræðu um ímynd karlmennsku og ábyrgð karla. Í kjölfarið lýsti nefndin því yfir að brýnt væri að koma á fót meðferðarúrræði fyrir karla sem beittu ofbeldi á heimilum.<sup>160</sup> Karlanefndin hratt af stað átaki, undir sama heiti og ráðstefnan, þar sem m.a. staðið var fyrir umræðu í fjölmiðlum um ofbeldi karla, auglýsingaherferð hrundið af stað, haldin sýning á teikningum sem tengdust viðfangsefninu og í samvinnu við félag félagsfræðikennara staðið fyrir útgáfu bókarinnar *Ofbeldi* sem dreift var í framhaldsskóla. Karlanefndin skipulagði þátttöku Íslands í norrænni ráðstefnu um stöðu norrænna karla í heimi aukins jafnréttis og taldi þá ráðstefnu hafa varpað fram í dagsljósið mikilvægum hliðum jafnréttismála sem legið hefðu í þagnargildi. Ráðstefnan var haldin á vegum norrænu ráðherranefndarinnar sem lagði áherslu á að haldið yrði áfram að vinna með málefnið og að ráðstefnan yrði ekki einangrað fyrirbæri. Formaður karlanefndar var skipaður formaður norrænnar nefndar sem ætlað var að fylgja ráðstefnunni eftir. Nefndin lauk skörfum sínum með því að móta framkvæmdaáætlun þar sem m.a. var lagt til að rannsaka t.d. áhrif hjónaskilnaða á karla og drengi og ofbeldi karla og nefndin skilaði einnig af sér ítarlegri greinargerð þar sem farið var yfir þróun karlafræða og vikið að helstu vandamálum í þeim efnunum. Framkvæmdaáætlunin var í

<sup>158</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1996*, bls. 16 - 17.

<sup>159</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1993*, bls. 24 - 25.

<sup>160</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1994*, bls. 19 - 20.

kjölfarið samþykkt af ráðherrum Norðurlandanna í jafnréttismálum.

Karlanefndin hvatti til þess að lögum um fæðingarorlof yrði breytt á þann hátt að karlar hefðu aukna möguleika á að nýta sér það en formaður Jafnréttisráðs var einmitt skipuð í nefnd sem átti að endurskoða lög um fæðingarorlof.<sup>161</sup>

Nokkuð var um að karlanefnd tæki við fyrirspurnum frá feðrum sem töldu sig órétti beitta í forræðismálum og birti karlanefnd í kjölfarið greinargerðina „Sameiginlegt forræði verði regla“.<sup>162</sup>

Karlanefndinni virðist hafa tekist að stuðla að aukinni þátttöku karla í umræðunni um jafnréttismál en í ársskýrslu Jafnréttisráðs fyrir árið 1996 tók formaður jafnréttisráðs það sérstaklega fram að karlar væru farnir að taka meiri þátt í umræðunni, ekki síst í hinni auknu umræðu um fæðingarorlof feðra. Upphaflega var ætlunin að karlanefndin starfaði í tvö ár en skipunartími hennar var framlengdur út það tímabil sem til umfjöllunar er hér og eftir það áttu eingöngu karlar sæti í henni. Nefndinni var ætlað að halda áfram að starfa að málum sem vörðuðu heimilisofbeldi og fæðingarorlof en einnig taka saman upplýsingar um möguleika karla til fullrar þátttöku í fjölskyldu- og atvinnulífi og viðhorf þeirra til jafnréttismála. Karlanefndin átti auk þess að vera Jafnréttisráði til ráðgjafar um málefni sem snertu stöðu karla og halda jafnframt áfram að virkja karla til þátttöku í umræðu um jafnréttismál. Nefndarmenn voru mjög sýnilegir í fjölmiðlum, fluttu erindi á fundum og ráðstefnum, rituðu greinar um heimilisofbeldi og þrýstu á um aukinn rétt feðra til fæðingarorlofs. Þessi sýnileiki skilaði sér smám saman og árið 1996 var óskað eftir umsögn karlanefndar um þingsályktunartillögu um fæðingarorlof.<sup>163</sup> Árið eftir veitti karlanefndin umsögn um fleiri þingsályktunartillögur m.a. um stöðu drengja í grunnskólum og hélt nefndin, í samvinnu við menntamálaráðuneytið, ráðstefnuna „Strákar í skóla“. Sama ár gaf Jafnréttisráð út bókina *Karlmenn eru bara karlmenn*, könnun sem Ingólfur V. Gíslason, sérstakur starfsmaður karlanefndar, gerði á viðhorfum og væntingum íslenskra karla, á aldrinum 20–35 ára, m.a. til jafnréttis og hvað þeir litu á sem eitt helsta einkenni karlmennsku.<sup>164</sup> Ólafur Stephensen tók við formennsku í karlanefndinni 1998 og sama ár tókst nefndinni að koma á laggirnar, eftir að hafa þrýst á um það í nokkur ár, hópmeðferð fyrir karla sem beitt höfðu ofbeldi á heimilum. Nefndin hélt ráðstefnu um tengsl atvinnu- og fjölskyldulífs til að koma af stað aukinni umræðu um viðfangsefnið.<sup>165</sup>

<sup>161</sup> Ársskýrsla Skrifstofa jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1995, bls. 15 – 16, 32. Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1996, bls. 14. Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1997, bls. 14.

<sup>162</sup> Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1997, bls. 14 – 15.

<sup>163</sup> Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1996, bls. 7, 13 – 15.

<sup>164</sup> Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1997, bls. 15 – 16, 36 – 37.

<sup>165</sup> Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1998, bls. 20 – 21.

### 3.5.9. Alþjóðlegt samstarf

Alþjóðlegt samstarf Jafnréttisráðs hélt áfram að vaxa. Innan Jafnréttisráðs var það talið mikilvægt, ekki síst til að fá nýjar hugmyndir um hvernig best væri að standa að jafnréttismálum. Í auknum mæli var Skrifstofu jafnréttismála falið að vinna drög að skýrslum um framkvæmd þeirra alþjóðasamninga sem Ísland átti aðild að, t.d. félagssáttmála Evrópu og samnings Sameinuðu þjóðanna um afnám mismununar gagnvart konum.<sup>166</sup> Nefnd sem hafði eftirlit með framfylgd þessa samnings SP kannaði stöðu mála á Íslandi 1996 og sat þá m.a. framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs fyrir svörum. Nefndin lýsti yfir ánægju með að ákvæði um jafnrétti hefði verið bætt inn í stjórnarskrána og átak stjórnvalda gegn heimilisofbeldi m.a. með störfum karlanefndar. Nefndin gagnrýndi hins vegar skort á kyngreindum hagtölum, lýsti áhyggjum af kynbundnum launamun og hvatti til að ríkisstjórnin léti taka saman kyngreind gögn um þarfir í heilbrigðismálum. Auk þess mæltist nefndin til þess að grundvallarreglur samningsins yrðu að fullu lögleiddar á Íslandi og að mikilvægt væri að gera áætlun um fræðslu fyrir dómara um efni samningsins. Eftir samráð milli Skrifstofu jafnréttismála og Dómarafélagsins var ákveðið að halda námskeið um mannréttindi fyrir dómara þar sem efni samningsins skyldi vera hluti af námsefninu.<sup>167</sup> Formaður Jafnréttisráðs tók sæti í undirbúningsnefnd vegna þátttöku Íslands í kvennaráðstefnu SP í Peking árið 1995 og starfsfólk Skrifstofu jafnréttismála aðstoðaði við gerð skýrslu íslenskra stjórnvalda vegna ráðstefnunnar.<sup>168</sup> Formaðurinn sat ráðstefnuna en ákveðið var að þýða ekki áætlunina sem samþykkt var á ráðstefnunni á íslensku heldur birta hluta úr henni í bæklingum og í fréttabréfi Jafnréttisráðs skuldbindingar sem íslensk stjórnvöld gengust undir.<sup>169</sup> Starfsmaður Skrifstofu jafnréttismála átti sæti í nefnd sem hafði umsjón með þátttöku Íslands í ári fjölskyldunnar, sem haldið var á vegum SP, en í tilefni þess var gefin út bókin „*Fjölskyldan, uppspretta lífsgilda*“.<sup>170</sup>

Norrænt samstarf, sem var eftir sem áður hryggjarstykkið í alþjóðasamstarfinu, hélt áfram með ýmsum ráðstefnum og verkefnum. Eitt viðamesta norræna verkefnið sem stóð yfir þetta tímabil var jafnlaunaverkefnið sem hófst 1990 og áður var minnst á en að því starfaði sérstök verkefnisstjórn, sem formaður Jafnréttisráðs átti aðild að, og ráðinn var sérstakur verkefnisstjóri, Hildur Jónsdóttir, sem starfaði við verkefnið fram til 1992. Verkefnisstjórn og

<sup>166</sup> *Ársskýrsla Jafnréttisráðs og kærunefndar jafnréttismála 1992*, bls. 28.

<sup>167</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1996*, bls. 7, 21.

<sup>168</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1994*, bls. 21.

<sup>169</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1995*, bls. 18.

<sup>170</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1994*, bls. 22.

verkefnisstjóri höfðu síðan samráð við samnorræna verkefnisstjórn og verkefnisstjóra í öðrum norrænum ríkjum. Eftir að verkefnisstjórnin lét af störfum var verkefnið alfarið falið Jafnréttisráði og starfsfólki þess. Í upphafi verkefnisins batt Jafnréttisráð miklar vonir við það og sagði það vera í fyrsta sinn sem íslensk stjórnvöld gripu til raunverulegra aðgerða til að leiðrétta launamisrétti. Með verkefninu var ætlunin að fjalla um kynbundinn launamun í sem víðustum skilningi og benda á leiðir til að draga úr honum. Helstu leiðir sem fara átti voru að afla nýrra upplýsinga um launamun kynjanna, greina opinbera upplýsingaöflun um laun og leggja til umbætur á því sviði, efla almenna umræðu um launamál og miðla upplýsingum um þau og að auki greina möguleikana á að ná fram launajafnrétti kynjanna með gildandi jafnréttislöggjöf. Verkefnisstjórnin hér á landi lagði m.a. áherslu á að auka virðingu fyrir jafnréttislögunum svo að farið væri eftir þeim í auknum mæli við gerð kjarasamninga. Á vegum jafnlaunaverkefnisins var settur á fót starfshópur sem setja átti fram tillögur til úrbóta á sviði opinberrar upplýsingaöflunar um launatölfræði og þróa nýjar aðferðir við úrvinnslu svo greina mætti launamun betur. Tölfræðihópurinn skilaði af sér þremur skýrslum með tillögum til úrbóta á sviði upplýsingaöflunar og vann samantekt úr ýmsum skýrslum og könnunum um stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Jafnréttisráð samdi við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands um að stofnunin myndi, í samvinnu við tölfræðihópinn, gera rannsókn á launamyndun og kynbundnum launamun í fjórum ríkisstofnunum og fjórum einkafyrirtækjum. Rannsókninni lauk árið 1995 og niðurstöður hennar voru þær að til staðar væri 11% launamunur milli kvenna og karla sem eingöngu væri hægt að skýra út frá kynferði og einnig að menntun skilaði sér almennt frekar í hærri launum til karla en kvenna. Vöktu þessar niðurstöður talsverða athygli og höfðu áhrif á að launamunur kynjanna var talsvert í umræðunni fyrir alþingiskosningarnar 1995. Rannsóknin vakti athygli utan landsteinanna og voru helstu niðurstöður teknar saman í bækling á ensku. Á vegum verkefnisins voru birtar auglýsingar í dagblöðum og ljósvakamiðlum þar sem þekktir grínistar fluttu bábiljur um kynbundinn launamun og vöktu auglýsingarnar mikla athygli. Gefið var út leiðbeiningarrit um hvernig fara ætti að því að kæra launamisrétti, jafnframt komu út kynningarrit um hvernig nota mætti svokallað starfsmat til að minnka launamun og var þessum ritum sérstaklega beint að þeim sem sömdu um kaup og kjör á vinnumarkaði. Eitt þessara rita bar titilinn „Launjöfnun. Ný viðhorf – nýjar leiðir“. Í kjölfar launarannsóknar Félagsvísindastofnunar var skipaður starfshópur, sem m.a. framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs sat í, sem ætlað var að gera tillögur um hvernig nýta mætti starfsmat til að draga úr kynbundnum launamun. Sett var á fót tilraunaverkefni um gerð kynhlutlauss starfsmats. Verkefnið fór fram í samvinnu við Ríkisspítalana, Hitaveitu Reykjavíkur og Félagsmálastofnun Reykjavíkur. Sjónvarpsþátturinn „Til færri fiska metnar“ var gerður og sýndur í samvinnu við Ríkissjónvarpið. Haldnir voru kynningarfundir um verkefnið víða um land. Á vegum jafnlaunaverkefnisins voru síðan haldin reglulega samnorræn málþing sem sótt voru af starfsfólki Jafnréttisráðs. Á vegum verkefnisins komu út nokkrar

bækur, sumar þeirra á íslensku, aðrar á Norðurlandamálunum og hluti sumra bókana var á ensku.<sup>171</sup>

Eins og verið hafði starfaði framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs áfram í norrænu embættismannanefndinni um jafnréttismál og vann m.a. innan hennar að gerð og í kjölfarið framfylgd norrænnar framkvæmdaáætlunar um jafnréttismál. Á árunum 1989–1993 var í áætluninni lögð sérstök áhersla á hlut kvenna í efnahagsþróun og samspil fjölskyldu og atvinnulífs. Í áætluninni sem samþykkt var fyrir árin 1995–2000 var lögð áhersla á að þróa sameiginlega lífssýn Norðurlandþjóða og sameiginlega stefnu þeirra í evrópsku og öðru alþjóðlegu samstarfi. Í áætluninni var einnig stefnt að því að jafnréttissjónarmiða skyldi gætt í auknum mæli í stefnumótun á mismunandi sviðum í þjóðfélögum Norðurlanda en slíkar hugmyndir urðu sífellt ríkari þáttur í áherslum í starfi Jafnréttisráðs. Önnur norræn verkefni sem héldu áfram á þessu tímabili voru verkefnið um leiðir til að gera feðrum auðveldara að nýta rétt til fæðingarorlofs eða koma í auknum mæli að umönnun barna og verkefni sem snerist um að kanna menntun og framamöguleika kvenna í tölvuiðnaði. Starfsfólk Jafnréttisráðs átti sæti í verkefnisstjórnnum beggja þessara verkefna.<sup>172</sup>

Eins og áður var talsvert um að fulltrúar Jafnréttisráðs tækju þátt í hvers kyns norrænum þingum og ráðstefnum um hinar ýmsu hliðar jafnréttismála. Ein sú viðamesta var vestnorrænt kvennaþing sem haldið var árið 1992 á Egilsstöðum með þátttöku 330 kvenna frá Íslandi, Grænlandi og Færeyjum. Jafnréttisráð átti fulltrúa í undirbúningsnefnd þingsins og verkefnisstjóri þingsins, Guðrún Ágústsdóttir, var með starfsaðstöðu á skrifstofu Jafnréttisráðs.<sup>173</sup> Enn umfangsmeira var þó norræna kvennaþingið, Nordisk Forum, sem haldið var í annað sinn 1994, í Finnlandi. Á þinginu kynnti Jafnréttisráð starfsemi sína og fluttar voru bráðabirgðaniðurstöður launakönnunarinnar sem gerð var á vegum jafnlaunaverkefnisins og vöktu niðurstöðurnar nokkra athygli á þinginu. Undirbúningsnefnd vegna þátttöku Íslands í þinginu, ásamt starfsmanni sem vann að undibúningnum, hafði aðstöðu á skrifstofu Jafnréttisráðs. Þingið var vel kynnt hér á landi og sóttu 1300 íslenskar konur það, sem var nokkuð svipað fjöldi danskra þátttakenda og fleiri en komu frá Noregi. Sagt var að áberandi

<sup>171</sup> *Ársskýrsla Jafnréttisráðs og kærunefndar jafnréttismála 1991*, bls. 40, 56. *Ársskýrsla Jafnréttisráðs og kærunefndar jafnréttismála 1992*, bls. 9, 39 - 40. *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1993*, bls. 15 - 16. *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1994*, bls. 16 - 19. *Ársskýrsla Skrifstofa jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1995*, bls. 14, 34. *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1996*, bls. 28. *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1998*, bls. 27.

<sup>172</sup> *Ársskýrsla Jafnréttisráðs og kærunefndar jafnréttismála 1991*, bls. 41 - 43. *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1996*, bls. 31.

<sup>173</sup> *Ársskýrsla Jafnréttisráðs og kærunefndar jafnréttismála 1992*, bls. 38.

hefði verið hversu mikið framlag íslenskra kvenna til viðburða á þinginu var.<sup>174</sup> Skrifstofa Jafnréttisráðs kom einnig að skipulagningu ráðstefnu Norrænu ráðherranefndarinnar um Konur og atvinnu- og efnahagsmál sem haldin var í Reykjavík 1997.<sup>175</sup>

Formaður Jafnréttisráðs hélt áfram að starfa innan jafnréttisnefndar Evrópuráðsins og stóð sú nefnd fyrir ýmsum verkefnum. Til dæmis beindi nefndin sjónum sínum að konum og vændi, jafnrétti og menntun, heimilisofbeldi, afbökun fjölmiðla á ímynd kvenna og stóð fyrir ráðstefnum um m.a. stöðu kvenna í Austur-Evrópu og um mannréttindi á þeirri öld sem senn fór í hönd.<sup>176</sup> Nefndin lagði aukna áherslu á að tengja jafnréttismál öllum málum sem voru til umfjöllunar hjá Evrópuráðinu.<sup>177</sup> Framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs tók sæti formanns í nefndinni árið 1996 en það ár hélt nefndin m.a. ráðstefnu um hlutverk frjálsra félagasamtaka í að koma á jafnrétti kynjanna<sup>178</sup> Fulltrúar jafnréttisnefndarinnar áttu sæti í sérfræðingahópi sem ætlað var vinna að því að samþætta jafnréttissjónarmið allri stefnumótun á vegum Evrópuráðsins og á vegum jafnréttisnefndarinnar var skipaður sérfræðingahópur sem ætlað var að vinna að sértækum aðgerðum til að koma á jafnrétti. Nefndin hélt einnig sérstaka ráðstefnu um hvernig tryggja mætti frelsi einstaklingsins til að ráða eigin líkama.<sup>179</sup> Eftir því sem leið á tíunda áratuginn lagði nefndin í auknum mæli sérstaka áherslu á jafnrétti sem forsendu raunverulegs lýðræðis og baráttuna gegn kynbundnu ofbeldi. Sérfræðingahópur nefndarinnar gaf út skýrslu árið 1998 um rétt sérhvers einstaklings til að ráða líkama sínum þegar kom að barneignum og kynhneigð. Engin athugasemd barst frá Íslandi við skýrsluna en athugasemdir bárust frá mörgum ríkjum og ljóst þótti að engin samstaða væri um þetta meðal aðildarríkja Evrópuráðsins.<sup>180</sup>

Mikilvægi og umfang samstarfs á vettvangi EFTA og ESB fór sívaxandi bæði í aðdraganda og eftir að Ísland gerðist aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Áður en samningurinn tók gildi fór framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs m.a. á fund sérfræðinganeftdar EFTA í jafnréttismálum og í beinu framhaldi á sameiginlegan fund EFTA og ESB (sem þá hét enn EB) um jafnréttismál þar sem rætt var um aukið samstarf í jafnréttismálum.<sup>181</sup> Eftir að samningurinn tók gildi var skrifstofa Jafnréttisráðs gerð að tengilið Íslands við

<sup>174</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1994*, bls. 35 - 38.

<sup>175</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1997*, bls. 24.

<sup>176</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1993*, bls. 28. *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1995*, bls. 33.

<sup>177</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1994*, bls. 36.

<sup>178</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1996*, bls. 35.

<sup>179</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1997*, bls. 44 - 45.

<sup>180</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1998*, bls. 54 - 56.

<sup>181</sup> *Ársskýrsla Jafnréttisráðs og kæruneftdar jafnréttismála 1992*, bls. 29.

EFTA í jafnréttismálum.<sup>182</sup> Framkvæmdastjóri skrifstofunnar var skipuð í sérfræðinganefnd EFTA um jafnréttismál sem ætlað var að fjalla um drög að tilskipunum ESB sem vörðuðu málaflökkinn.<sup>183</sup> Skrifstofu Jafnréttisráðs var falið að hafa umsjón með hlut Íslands í ráðgjafarnefnd ESB um jafnréttismál eftir að EFTA-ríkin fengu aðild að henni og einnig var skrifstofunni falin umsjón með aðild Íslands að framkvæmdaáætlun ESB í jafnréttismálum, eftir að sú aðild var veitt.<sup>184</sup> Fulltrúi skrifstofu Jafnréttisráðs tók sæti í sérstakri framkvæmdanefnd sem ætlað var að tryggja framgang áætlunarinnar með tilliti til mismunandi tungumála og menningar. Framkvæmdastjóri skrifstofunnar tók sæti í nefnd sem var framkvæmdastjórn ESB til ráðgjafar í jafnréttismálum. Þegar leið á tíunda áratuginn var aukinn áhersla lögð á samþættingu í framkvæmdaáætlun ESB, að fleiri aðilar en frjáls félagasamtök öxluðu ábyrgð í jafnréttismálum og samvinnun fjölskyldu og atvinnulífs.<sup>185</sup> Starfsfólk Jafnréttisráðs sótti þar að auki ýmsar ráðstefnur á vegum ESB um jafnréttismál. Starfsfólkið tók einnig þátt í alþjóðlegri ráðstefnu um konur og lýðræði sem haldin var í Reykjavík 1999. Á ráðstefnunni kom m.a. framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs að tillögu um að styrkja fræðslu um kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna til bæði opinberra aðila og félagasamtaka í Eystrasaltsríkjunum og Rússlandi. Stefanía Traustadóttir kynnti á ráðstefnunni úttekt á hlutdeild kvenna í völdum á Íslandi og lögð var fram tillaga á vegum Skrifstofu Jafnréttisráðs um að gerð yrði alþjóðleg könnun á þróun þátttöku kvenna í opinberri ákvarðanatöku. Á ráðstefnunni kynnti jafnframt Ingólfur V. Gíslason störf karlanefndar Jafnréttisráðs, viðfangsefni hennar og þá hugmyndafræði sem hún starfaði eftir.<sup>186</sup>

Jafnréttisráð gerðist stofnaðili að Mannréttindaskrifstofu Íslands árið 1994 og fulltrúi þess tók sæti í stjórn hennar. Hlutverk skrifstofunnar var m.a. að safna upplýsingum um stöðu mannréttindamála hér á landi og miðla þeim t.d. með ráðstefnuhaldi. Skrifstofan átti aðild að norrænu samtari á sviði mannréttindamála og hafði veg og vanda að norrænu mannréttindaráðstefnunni þegar hún var haldin hér á landi árið 1995 en á ráðstefnunni var viðfangsefnið m.a. jafnrétti karla og kvenna.<sup>187</sup> Mannréttindaskrifstofan hélt málstofur um m.a. tjáningarfrelsi og samning SP gegn pyntingum og einnig opinn fund með Jose Ramos-Horta, handhafa friðarverðlauna Nóbels. Aðild Jafnréttisráðs að Mannréttindaskrifstofu Íslands var liður í þeirri viðleitni að leggja áherslu á mannréttindi kvenna.<sup>188</sup>

<sup>182</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1994*, bls. 37.

<sup>183</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1995*, bls. 33.

<sup>184</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1996*, bls. 36.

<sup>185</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1998*, bls. 57 - 59.

<sup>186</sup> „Ráðstefnan „Konur og lýðræði á árpúsundamótum.““ *Vogin* 15, nr. 2 (1999), bls. 3 - 4.

<sup>187</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1995*, bls. 21.

<sup>188</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1997*, bls. 13.



Nokkuð var um að erlendir gestir heimsæktu Skrifstofu jafnréttismála til að kynna sér störf hennar og Jafnréttisráðs auk stöðu jafnréttismála á Íslandi. Til að mynda kynnti fulltrúi Evrópuráðsins sér atvinnulíf kvenna á Íslandi með sérstöku tilliti til þátttöku karla og kvenna í heimilisstörfum og sendiherra Nígeríu gagnvart Íslandi var afar áhugasöm um stöðu jafnréttismála hér á landi.<sup>189</sup> Sérstakur kynningarfundur var haldinn fyrir evrópska blaðamenn um jafnréttismál og þar fjallaði m.a. formaður Jafnréttisráðs um stöðu kvenna á Íslandi.<sup>190</sup>

### 3.5.10. Samþætting

Þegar líða fór á tímabilið 1991–1999 fór sú hugmynd að jafnréttissjónarmiða skyldi gætt við stefnumótun og ákvarðanatöku á sem flestum sviðum að hasla sér aukinn völl á alþjóðavettvangi og í kjölfarið hafa áhrif á alþjóðasamvinnu á sviði jafnréttismála. Farið var í auknum mæli að beita aðferð sem á Íslensku var kölluð „samþætting“ (e. mainstreaming) og snerist um að gæta þess að líta ekki á jafnréttismál sem sérstakan afmarkaðan málaflokk heldur hafa það að markmiði að samtvinna þau allri áætlanagerð. Starfsemi Jafnréttisráðs fór ekki varhluta af þessum hugmyndum. Árið 1997 hratt ráðið af stað hér á landi norrænu samþættingarverkefni sem var hluti af samstarfsáætlun Norðurlanda í jafnréttismálum fyrir árin 1995–2000. Þetta verkefni tók til stefnumótunar í málefnum ungs fólks, nánar til tekið íþróttá- og tómsundamála og atvinnumála. Markmiðið með verkefninu var að leita leiða til að jafnréttissjónarmiða yrði gætt við alla stefnumótun og ákvarðanatöku í þessum málaflokkum. Verkefnið var skipulagt þannig að ráðinn var sérstakur verkefnisstjóri fyrir öll Norðurlöndin en tengiliður skipaður í hverju landi. Skrifstofa jafnréttismála tók hlutverkið að sér hér á landi og skipulagði verkefnið í samvinnu við verkefnisstjóra íþróttá- og tómsundamála hjá Akureyrarbæ og og Reykjavíkurborg. Þessi tvö sveitarfélög urðu fyrir valinu vegna þess að þau þóttu hafa skapað sér sérstöðu með markvissu og skipulögðu starfi að jafnréttismálum. Áherslur verkefnisins sneru að samskiptum íþróttafélaga og sveitarstjórna og skipulagi og starfsemi félagsmiðstöðva fyrir ungt fólk. Hluti af verkefninu var að koma á skipulagðri fræðslu um samþættingu fyrir kjörna fulltrúa í sveitarstjórnnum og starfsfólk sveitarfélaga en markmiðið með fræðslunni var að þjálfra þátttakendur í að tileinka sér vinnubrögð samþættingar bæði við stefnumótun og framkvæmd stefnu í íþróttá- og tómsundamálum ungs fólks. Lokaafurð verkefnisins var

<sup>189</sup> *Ársskýrsla Jafnréttisráðs og kærunefndar jafnréttismála 1992*, bls. 31.

<sup>190</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1993*, bls. 25.

skýrslan „Mainstreaming. Samþætting jafnréttismála í störfum ÍTR og ÍTA“.<sup>191</sup> Samþætting fór um svipað leyti að hafa víðtækari áhrif á starfsemi Jafnréttisráðs og sama ár og norræna samþættingarverkefnið hófst lagði Jafnréttisráð til að í næstu framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum yrði stefnt því að öll stefnumótun og ákvarðanir á vegum ríkisins tækju mið af jafnrétti og að öll áætlunin yrði byggð á því að jafnréttismál væru mál samfélagsins í heild og snertu alla málaflokka.<sup>192</sup> Ný framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum var samþykkt á Alþingi 1998 og tillaga Jafnréttisráðs um samþættingu var tekin inn í áætlunina. Í áætluninni var lögð aukin áhersla á sameiginleg verkefni ríkisstjórnarinnar allrar en ekki eingöngu verkefni einstakra ráðuneyta þar sem slíkt þótti nauðsynlegt til að auka á samþættinguna.<sup>193</sup> Samþætting varð einnig hluti af framkvæmdaáætlun ESB í jafnréttismálum sem efldi án efa enn frekar áhrif hennar á starf Jafnréttisráðs.<sup>194</sup>

### 3.6. Viðurkenning Jafnréttisráðs 1992-1999

Árið 1992 ákvað Jafnréttisráð að veita árlega viðurkenningu fyrir framtak sem þótti vera í anda jafnréttis og stuðla að framgangi þess. Á því tímabili sem um ræðir fengu eftirtaldir aðilar viðurkenninguna:

**1992:** Akureyrarbær fyrir markvisst jafnréttisstarf síðustu 10 ár með skípan jafnréttisnefndar sem hafði alltaf verið mjög virk. Fyrir að skipa jafnréttisfulltrúa fyrst allra sveitarfélaga og standa að ýmsum málum til að færa bæinn í jafnréttisátt t.d. með því að koma á sveigjanlegum vinnutíma á þeim starfsstöðvum bæjarins þar sem slíkt var mögulegt.<sup>195</sup>

**1993:** Íþróttasamband Íslands vegna starfa umbótanefndar fyrir íþróttir kvenna.<sup>196</sup>

**1994:** Hans Petersen hf. m.a. fyrir starfsmannastefnu þar sem sérstaklega var tekið tillit til starfsmanna sem áttu fjölskyldu.<sup>197</sup>

**1995:** Stúdentaráð Háskóla Íslands fyrir að vinna að því fá ungt fólk til að taka virkan þátt í umræðunni um jafnan rétt karla og kvenna.<sup>198</sup>

<sup>191</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1997*, bls. 20 - 21. *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1998*, bls. 24 - 26.

<sup>192</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1997*, bls. 23.

<sup>193</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1998*, bls. 29 - 30.

<sup>194</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1997*, bls. 27.

<sup>195</sup> *Ársskýrsla Jafnréttisráðs og kærunefndar jafnréttismála 1992*, bls. 12 - 13.

<sup>196</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1993*, bls. 16.

<sup>197</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1994*, bls. 21.

<sup>198</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1995*, bls. 18.

**1996:** Íslenska álfélagið hf. fyrir samvinnu við verkalýðsfélög um aukið jafnrétti í starfsemi fyrirtækisins.<sup>199</sup>

**1997:** Hjallastefnan fyrir að m.a. vinna gegn hefðarhelgaðri einokun kynjanna á ákveðnum verkefnum og leikjum.<sup>200</sup>

**1998:** Reykjavíkurborg fyrir margvíslegar aðgerðir í þágu jafnréttis.<sup>201</sup>

**1999:** Eimskip hf. fyrir m.a. að auka markvisst hlut kvenna í stjórnunar- og ábyrgðarstöðum.<sup>202</sup>

### 3.7. Umræða um algeran aðskilnað milli Jafnréttisráðs og Skrifstofu jafnréttismála

Í ársskýrslu Jafnréttisráðs fyrir árið 1997 voru endurteknaðar fyrri yfirlýsingar þess um að nauðsynlegt væri að endurskoða jafnréttislög og þá lögfesta aðskilnaðinn milli ráðsins og Skrifstofu jafnréttismála.<sup>203</sup> Formaður og framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs tóku í kjölfarið sæti í nefnd sem ætlað var að endurskoða löggin um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla frá 1991. Nefndin lagði til að Skrifstofa jafnréttismála yrði gerð að sérstakri stofnun sem myndi heyra undir félagsmálaráðuneyti og fá skilgreind verkefni. Þannig yrðu verkefni sem falin væru Jafnréttisráði, sem skipað væri fulltrúum hagsmunasamtaka og aðilum vinnumarkaðarins, falin opinberri stofnun. Þetta taldi nefndin vera eðlilega þróun í ljósi þess að stjórnvöld hefðu í auknum mæli skuldbundið sig til að sinna ákveðnum verkefnum í jafnréttismálum og því væri rétt að leggja til að jafnréttisstofnun stjórnvalda heyrði beint undir ráðuneyti en ekki stjórnað af fjölskiptaðri nefnd.<sup>204</sup>

Um það leyti sem farið var að hilla undir þessar breytingar lýsti formaður Jafnréttisráðs því yfir að tekist hefði að virkja bæði karla og ungt fólk til meiri þátttöku í umræðunni um jafnréttismál. Almennt væri meiri vilji til að beita markvissum aðgerðum og jafnréttisnefndir sveitarfélaga væru farnar að óska eftir meiri áhrifum. Formaðurinn sagði ánægjuþefni að karlar hefðu fengið aukinn rétt til fæðingarorlofs og að eðlilegt væri að þeir tjáðu sig um jafnréttismál og óskuðu eftir auknum möguleikum til að umgangast börn sín. Bætti formaðurinn því við að í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum blésu

<sup>199</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1996*, bls. 16.

<sup>200</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1997*, bls. 19 - 20.

<sup>201</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1998*, bls. 28.

<sup>202</sup> „Eimskip fær viðurkenningu Jafnréttisráðs.“ *DV*, 29. október 1999, bls. 13.

<sup>203</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1997*, bls. 7.

<sup>204</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1998*, bls. 11.

ferskir vindar og að hún væri til marks um að litið væri á jafnrétti kynjanna sem alvöruverkefni sem stjórnvöld ættu að hafa forystu um.<sup>205</sup>

Þegar hyllti undir aldarfjórðungs starfsafmæli Jafnréttisráðs var staða jafnréttismála því betri en fyrstu árin þegar kvartað var yfir því að ráðið væri varla fært um að sinna hlutverki sínu og að stjórnvöld litu á jafnréttismál sem einkamál Jafnréttisráðs. Nú var öldin hins vegar önnur. Starfsemi Jafnréttisráðs hafði eflst og orðið sífellt umfangsmeiri auk þess sem jafnréttismál voru ekki lengur jaðarmál í þjóðfélaginu. Með aukinni ábyrgð stjórnvalda á jafnréttismálum og æ meira ríkjandi viðhorfi um að jafnréttismál ættu að koma við sögu á sem flestum sviðum þjóðfélagsins var sú breyting líklega óhjákvæmileg að verkefni Jafnréttisráðs væru að miklu leyti flutt yfir til opinberrar stofnunar sem heyrði beint undir ráðuneyti jafnréttismála. Þótt Jafnréttisráð væri oft kallað opinber stofnun verður að teljast hæpið að hægt hafi verið að skilgreina ráðið á þann hátt. Sú hugmynd var enda orðin nokkuð viðtekin undir lok 20. aldar að Jafnréttisráð ætti ekki að vera framlenging af stjórnvöldum. Helstu rökin t.d. fyrir aðild Jafnréttisráðs að Mannréttindaskrifstofu Íslands var sú að aðildin ætti að undirstrika að Jafnréttisráð væri og ætti að vera óháð stjórnvöldum.<sup>206</sup>

Við aldamót var því ljóst að fram undan væru mestu breytingar á starfsemi Jafnréttisráðs frá upphafi. Ætlunin var að Jafnréttisráð hefði enn hlutverki að gegna en spurningin sem blasti líklega við á þessum tímapunkti var hvernig ráðinu gengi að uppfylla þetta nýja hlutverk og hver staða þess væri í breyttu umhverfi.

---

<sup>205</sup> Elín R. Líndal. „Að afloknum fjórum árum.“ *Vogin* 15, nr. 1 (1999), bls. 4.

<sup>206</sup> *Ársskýrsla Skrifstofu jafnréttismála. Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála 1998*, bls. 17.

## 4. Verkefnum og skyldum fækkar. Ráðgjöf verður aðalhlutverkið 2000–2007

### 4.1. Jafnréttisstofa tekur við og breytt stefna í málum Jafnréttisráðs

Félagsmálaráðherra, Páll Pétursson, lagði fram frumvarp til jafnréttislaga á Alþingi veturinn 1998–1999. Í frumvarpinu var lagt til að mörg verkefni sem höfðu á verið könnu Jafnréttisráðs, samkvæmt lögunum um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna frá 1991, flyttust formlega yfir til Skrifstofu Jafnréttismála sem væri aðskilin Jafnréttisráði. Þær breytingar átti að gera á skípan Jafnréttisráðs að félagsmálaráðherra skipaði formann ráðsins og Kvenréttindafélag Íslands og Kvenfélagasamband Íslands héldu rétti sínum til að tilnefna hvort sinn fulltrúann í ráðið en í stað aðila vinnumarkaðarins var ætlunin að Háskóli Íslands fengi fulltrúa og þrjá fulltrúa átti að kjósa á jafnréttisþingi. Formaður kærunefndar átti ekki lengur að eiga sæti í Jafnréttisráði. Starfsfólk Skrifstofu jafnréttismála yrði samkvæmt lögum ekki lengur starfsmenn Jafnréttisráðs. Í frumvarpinu var lagt til að ráðið fengi heimild til að ráða starfsmann. Hlutverk Jafnréttisráðs, samkvæmt frumvarpinu, átti að vera að stuðla að jafnrétti á öllum sviðum samfélagsins og fjalla um hvaðeina sem laut að jafnréttismálum. Ráðið átti að undirbúa jafnréttisþing og leggja fyrir það skýrslu um störf sín. Þá átti Jafnréttisráð að setja reglur um kjörgengi og seturétt á þinginu en í stað þess að ráðið boðaði til þingsins var ætlunin að félagsmálaráðherra boðaði til þess. Jafnréttisráð átti áfram að vinna tillögu að stefnumarkandi áætlun í jafnréttismálum en sú breyting átti að verða að tillögurnar skyldi leggja fyrir jafnréttisþing til umfjöllunar áður en þær væru sendar félagsmálaráðherra. Eins og áður átti félagsmálaráðherra að taka tillögur Jafnréttisráðs með í reikninginn áður en hann legði sína áætlun fyrir Alþingi. Jafnréttisráð átti að geta haft frumkvæði að sérstökum tímabundnum aðgerðum og vera stjórnvöldum, stofnunum og félagasamtökum til ráðgjafar. Aðrar skyldur átti Jafnréttisráð ekki að hafa.

Auk fyrrnefndra röksemda fyrir þessum breytingum, um að stjórnvöld hefðu tekið á sig auknar skyldur í jafnréttismálum, voru breytingarnar rökstuddar í greinargerð með frumvarpinu með því að ekki hefði miðað nægilega mikið í jafnréttisátt á ýmsum mikilvægum sviðum samfélagsins. Sú staðreynd styddi það að Skrifstofa jafnréttismála ætti að heyra undir félagsmálaráðuneytið og vera skilin frá Jafnréttisráði. Ráðið ætti alfarið að vera vettvangur hagsmunasamtaka og þeirra sem vildu leggja sitt af mörkum við stefnumótun og ráðgjöf í jafnréttismálum. Kvenfélagasambandið og Kvenréttindafélagið skyldu halda sínum fulltrúum í ráðinu þar sem eftir sem áður þótti mikilvægt að hugmyndir þeirra sem létu sig jafnréttismál sérstaklega varða kæmst til skila

og nýttust málaflokknum til framdráttar og að þessi samtök hefðu í áratugi verið ötulust við að halda umræðunni lifandi. Háskóli Íslands skyldi fá tilnefningarrétt í ráðið þar sem Rannsóknarstofa í kynjafræðum, sem starfaði innan hans, hefði lagt mikið af mörkum við rannsóknir sem hefðu skilað mikilsverðum upplýsingum um líf og starf kynjanna í samfélaginu. Jafnframt þótti líklegt að það myndi hvetja fólk til dáða í jafnréttismálum að Jafnréttisþing skyldi kjósa þrjá fulltrúa í Jafnréttisráð. Rökin fyrir þeirri skípan voru einnig þau að með kosningu fulltrúa í Jafnréttisráð á Jafnréttisþingi gætu aðilar úr ólíkum hópum samfélagsins orðið virkir þátttakendur í stefnumótun jafnréttismála og þar með stuðlað að því að jafnréttisumræðan yrði opnari og öðlaðist viðurkenningu á fleiri sviðum samfélagsins.<sup>207</sup>

Í umræðum um frumvarpið á þingi lýsti m.a. Kristín Ástgeirsdóttir þingkona því yfir að ánægjuefni væri að ASÍ og VSÍ myndu ekki lengur eiga aðild að Jafnréttisráði þar sem hún hafði ekki orðið vör við að þessi samtök hefðu lagt jafnréttisbaráttunni mikið lið með setu sinni í ráðinu. Hjörleifur Guttormsson lýsti efasemdum um að nægilega vel yrði búið að Jafnréttisráði svo það gæti rækt það nýja hlutverk sem því var ætlað með frumvarpinu. Guðný Guðbjörnsdóttir tók undir með Kristínu að það væri til bóta að ASÍ og VSÍ vikju úr Jafnréttisráði þar sem það væri hennar tilfinning að fulltrúar þessara samtaka hefðu stöðvað framgang góðra mála í ráðinu. Rannveig Guðmundsdóttir var á öndverðum meiði a.m.k. hvað varðaði samtök launþega þar sem hún taldi mikilvægt að gott samráð væri við þau og að þau ynnu á sama hátt og Alþingi og Jafnréttisráð að jafnrétti.<sup>208</sup> Niðurstaðan varð á endanum sú að frumvarpið náði ekki fram að ganga.

Frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla var aftur lagt fram á næsta þingi, veturinn 1999–2000. Eins og áður var ætlunin að flytja mörg verkefna Jafnréttisráðs til Skrifstofu jafnréttismála og skilja þar á milli. Sú breyting var hins vegar gerð á skípan Jafnréttisráðs, frá frumvarpinu veturinn áður, að ASÍ og BSRB héldu sínum fulltrúum í Jafnréttisráði og Samtök atvinnulífsins (SA) tækju sæti VSÍ. Kvenfélagasambandið og Kvenréttindafélagið hefðu sameiginlegan fulltrúa en Háskóli Íslands fengi fulltrúa eins og lagt var til í fyrra frumvarpinu, jafnframt fengi fjármálaráðuneytið fulltrúa en eins og áður fékk formaður Kærufndar jafnréttismála ekki lengur sæti í ráðinu. Eftir sem áður skyldi félagsmálaráðherra skipa formann Jafnréttisráðs án tilnefningar. Í frumvarpinu var lagt til að tilnefningaraðilar skyldu tilnefna eina konu og einn karl til setu í ráðinu og gæta skyldi þess að kynjahlutföll í Jafnréttisráði yrðu sem jöfnust. Jafnréttisráð átti ekki lengur að hafa leyfi samkvæmt lögum til að ráða sér starfsfólk en samkvæmt frumvarpinu gæti félagsmálaráðherra kveðið nánar á um starfsmanna- og skrifstofuhald ráðsins í reglugerð. Samkvæmt nýja

<sup>207</sup> *Alþingistíðindi* 1998–1999 A, bls. 3252 – 3275.

<sup>208</sup> *Alþingistíðindi* 1998–1999 B, d. 3825 – 3878.

frumvarpinu var hlutverk Jafnréttisráðs að stuðla markvisst að jafnri stöðu og jöfnum rétti kvenna og karla á vinnumarkaðinum og vera stjórnvöldum til ráðgjafar um jafnréttismál í vinnumarkaðsmálum. Jafnréttisráði var ekki ætluð önnur verkefni. Í greinargerð með frumvarpinu var ekki gerðgrein fyrir hvers vegna þessar breytingar voru lagðar til en tilhögunin á skipan og starfi Jafnréttisráðs sögð eiga sér fyrirmynd í frumvarpi til nýrra jafnréttislaga í Danmörku. Fjármálaráðuneytinu var bætt við sem tilnefningaraðila í ljósi þess hversu stór atvinnurekandi það var. Það verkefni að beina sjónum að stöðu karla og kvenna á vinnumarkaði var sagt mikilvægt, brýnt og lykilþáttur í frekara jafnrétti kynjanna á öðrum sviðum samfélagsins.<sup>209</sup>

Í umræðum á þingi um þetta nýja frumvarpi tók m.a. Guðrún Ögmundsdóttir til máls og benti á að víða á Norðurlöndum væri verið að leggja niður Jafnréttisráð og einblínt fremur á samstarf við grasrótahreyfingar sem kæmu að þessum málum. Hún gerði ekki athugasemdir við að aðilar vinnumarkaðarins ættu áfram fulltrúa í Jafnréttisráði en hún taldi að ef Jafnréttisráð ætti ekki að deyja út væri mjög mikilvægt það gæti haft ákveðið frumkvæði að tímabundnum aðgerðum. Guðrún sagði að ráðið yrði að fá meira hlutverk og lagði til að því yrði áfram falið að gera framkvæmdaáætlun ekki síst til að samræma störf jafnréttisráðgjafa og jafnréttisfulltrúa ráðuneyta sem falin voru ákveðin hlutverk í frumvarpinu. Líkt og Guðrún gerði Ásta Möller athugasemd við að eingöngu fulltrúi BSRB sæti í ráðinu af hálfu samtaka opinberra starfsmanna og lagði til að a.m.k. að BHM fengi tilnefningarrétt. Auk þess gerði Ásta athugasemd við að fulltrúum kvennasamataka í ráðinu væri fækkað. Hún taldi þó að Jafnréttisráð, eins og það var skipað samkvæmt frumvarpinu, hefði möguleika á að veita gagnrýnið aðhald og fleyta málum áfram ef vel væri á málum haldið. Þeir aðilar sem skipa ættu ráðið bæru tiltekna ábyrgð og hefðu ákveðna þekkingu á málaflokknum sem gæti nýst til að skapa umræður og aðhald varðandi jafnréttismál. Ásta taldi einnig varhugavert að ekkert væri kveðið á um jafnréttisþing í frumvarpinu. Steingrímur J. Sigfússon taldi tímabært að koma á sérstakri stofnun jafnréttismála en taldi að þessar breytingar mættu ekki veikja stöðu Jafnréttisráðs. Drífa Hjartardóttir taldi vel koma til greina að fleiri félagasamtök fengju sæti í Jafnréttisráði til að auka breiddina í starfi þess. Þótt einhverjir þingmenn teldu breytingarnar á hlutverki Jafnréttisráðs veikja ráðið var þingmönnum almennt tíðrætt um hvernig skipa ætti í ráðið. Félagsmálaráðherra svaraði því til að það væri nánast smekksatriði hverjir ættu sæti í ráðinu en taldi að til að tryggja skilvirkni yrði að gæta þess að ráðið væri ekki of fjölmennt.<sup>210</sup>

Félagsmálanefnd gerði þær breytingatillögur á frumvarpinu að Kvenfélagasambandið og Kvenréttindafélagið myndu áfram eighvort sinn

<sup>209</sup> *Alþingistíðindi* 1999-2000 A, bls. 2527-2546.

<sup>210</sup> *Alþingistíðindi* 1999-2000 B, d. 3256 - 3284, 3308 - 3310.

fulltrúann í Jafnréttisráði og að Samband íslenskra sveitarfélaga fengi fulltrúa í ráðinu þar sem áfram var gert ráð fyrir að jafnréttisnefndir sveitarfélaga væru starfandi. Félagsmálanefnd taldi þessa fjölgun í ráðinu til bóta þar sem það myndi tryggja að sjónarmið fleiri aðila ættu greiðan aðgang að Jafnréttisráði. Nefndin lagði til að skerpt yrði á hlutverki Jafnréttisráðs í vinnumarkaðsmálum og að kveðið væri á um að ráðið skyldi gera tillögur til félagsmálaráðherra á því sviði. Einnig lagði nefndin til að Jafnréttisráð hefði heimild til að gera tillögur um úrbætur í jafnréttismálum á öðrum sviðum samfélagsins.<sup>211</sup>

Arnbjörg Sveinsdóttir mælti fyrir nefndarálitinu og sagði m.a. að nefndinni hefði þótt eðlilegt að veita Jafnréttisráði rétt til að koma með tillögur í vinnumarkaðsmálum sem og á öðrum sviðum samfélagsins til að það gæti verið uppspretta nýrra hugmynda. Guðrún Ögmundsdóttir og Kristján Möller lögðu til að BHM fengi fulltrúa í Jafnréttisráði sem og hin nýja stofnun í jafnréttismálum, Jafnréttisstofa, til að styrkja tengingar milli hennar og ráðsins. Lögðu þau einnig til að Jafnréttisráði yrði gert skylt að standa fyrir málþingum og annarri opinni umræðu um jafnréttismál í samstarfi við Jafnréttisstofu og jafnréttisnefndir sveitarfélagana í stað Jafnréttisþings. Sú umræða hafði komið fram í nefndinni að konum hefði ekki þótt Jafnréttisþing þjóna tilgangi sínum. Guðrún og Kristján töldu þó mikilvægt að Jafnréttisráð gæti kallað saman málstofur eða annað slíkt einkum til að tengja saman alla þá þræði sem fram kæmu í frumvarpinu. Steingrímur J. Sigfússon lýsti sig samþykkan breytingartillögum félagsmálanefndar og taldi sérstaklega mikilvægt að Samband íslenskra sveitarfélaga fengi fulltrúa í Jafnréttisráði í samræmi við hlutverk sveitarfélaganna sem vinnuveitenda. Hann endurtók vangaveltur sínar um hvort Jafnréttisráð myndi halda vægi sínu til lengri tíma litið þegar verksvið þess væri fyrst og fremst takmarkað við vinnumarkaðshluta jafnréttismála. Arnbjörg Sveinsdóttir taldi heppilegast úr því að Jafnréttisþing hefði ekki skilað tilætluðum árangri að þeir aðilar sem ættu aðild að Jafnréttisráði héldu málþing og stæðu fyrir tillögugerð í eigin ranni sem gæti skapað umræðu sem hægt væri að færa yfir í Jafnréttisráð. Hún var ósammála því að verksvið Jafnréttisráðs væri léttvægt eftir þá útvíkkun á hlutverki þess, miðað við upphaflega gerð frumvarpsins, sem félagsmálanefnd hefði lagt til.<sup>212</sup> Frumvarpið var á endanum samþykkt með þessum breytingartillögum meiri hluta félagsmálanefndar.

#### 4.2. Hlutverk Jafnréttisráðs samkvæmt lögum nr. 96/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla

Eftir stóð þá að samkvæmt nýjum lögum nr. 96/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla var hinn nýju stofnun jafnréttismála, Jafnréttisstofu

<sup>211</sup> *Alþingistíðindi* 1999-2000 A, bls. 5411 - 5417.

<sup>212</sup> *Alþingistíðindi* 1999-2000 B, d. 6250 - 6263.



(stofnunin fékk það nafn í meðförum félagsmálanefndar), falin þau verkefni sem Jafnréttisráði höfðu verið falin samkvæmt lögum frá 1991. Helsta undantekningin var sú að í ákvæðum laganna um jafnréttisfræðslu í skólum var þess ekki getið að menntamálaráðuneytið ætti að hafa samráð við Jafnréttisstofu, gangstætt því sem raunin var með Jafnréttisráð. Ekki var sérstaklega kveðið á um að Jafnréttisstofa þyrfti að hafa á sínum snærum löglærðan starfsmann eins og raunin var með Jafnréttisráð. Ýmsar orðalags- og áherslubreytingar voru gerðar á kjarnaverkefnum Jafnréttisstofu miðað þáð sem verið hafði hjá Jafnréttisráði. Jafnréttisstofa átti að koma tillögum að aðgerðum í jafnréttismálum á framfæri við félagsmálaráðherra og Jafnréttisráð en ekki móta stefnu í jafnréttismálum og hafa frumkvæði að sérstökum tímabundnum aðgerðum til að bæta stöðu kvenna eins og Jafnréttisráð átti að gera samkvæmt lögum frá 1991. Sérstök ákvæði um að stuðla að góðri samvinnu við aðila vinnumarkaðarins og önnur félagasamtök og um sérstakar rannsóknir voru felld brott, enda var í raun um tvíverknað að ræða miðað við skyldurnar til að veita ráðgjöf og fylgjast með þjóðfélagsþróuninni. Helstu verkefni sem Jafnréttisstofa átti að hafa með höndum, sem Jafnréttisráð hafði ekki haft, var að auka virkni í jafnréttismálum m.a. með aukinni aðild karla að jafnréttisstarfi, en starf karlanefndar Jafnréttisráðs hafði án efa talsverð áhrif á að slíku ákvæði var bætt inn í lög. Auk þess hafði Jafnréttisstofa heimild til að höfða mál, við ákveðin skilyrði, til viðurkenningar á rétti kæranda á grundvelli álitsgerða kærunefndar jafnréttismála en í lögum frá 1991 hafði Jafnréttisráð engar heimildir til málshöfðunar. Eins og áður kom fram var Jafnréttisráði ekki lengur falið að halda Jafnréttisþing og því verkefni var ekki bætt á Jafnréttisstofu.

Samkvæmt nýju lögum voru verkefni Jafnréttisráðs að stuðla að jafnri stöðu og jöfnum rétti karla og kvenna á vinnumarkaði og gera tillögur til félagsmálaráðherra á því sviði. Jafnréttisráð var stjórnvöldum til ráðgjafar um jafnréttismál í vinnumarkaðsmálum og gat einnig gert tillögur um úrbætur í jafnréttismálum á öðrum sviðum samfélagsins.<sup>213</sup>

#### 4.3. Staðan og framhald starfseminnar við tímamót

Hér er ekki markmiðið að greina til hlítar árangurinn af starfi Jafnréttisráðs frá upphafi til þeirra tímamóta sem urðu í sögu þess við lagabreytingarnar árið 2000. Ljóst er þó að á þessum tíma eflist starfsemin og jafnréttismál urðu fyrirferðarmeiri í þjóðfélagsumræðunni, auk þess að verða æ mikilvægari þáttur í opinberri stefnumótun. Þótt ýmislegt hefði áunnist í jafnréttismálum á starfstíma Jafnréttisráðs var þó ljóst við þessi tímamót að enn var ýmislegt óunnið. Elsa S. Þorkelsdóttir, framkvæmdastjóri Skrifstofu jafnréttismála (sem samkvæmt lögum frá 1991 var skrifstofa Jafnréttisráðs) fór yfir stöðuna í

<sup>213</sup> *Alþingistíðindi* 1990-1991 A, bls. 3649 - 3653. *Alþingistíðindi* 1999-2000 A, bls. 5635 - 5642.

viðtali við tímaritið *Veru* í tilefni af lagabreytingunum. Í viðtalinu fór Elsa yfir það sem hefði áunnist með störfum Jafnréttisráðs en nefndi ýmislegt sem betur mætti fara í jafnréttismálum m.a. að auka þyrfti hlut kvenna enn frekar í stjórnámálum, að á Íslandi væri ekki rekin heildstæð fjölskyldupólitík sem yrði til þess að stór hluti fjölskylduábyrgðar lenti á konum og hún vísaði í skýrslu á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar þar sem niðurstaðan var að Ísland stæði næstverst allra Norðurlandanna með tilliti til hlutar kvenna á þingi og stöðu og styrks jafnréttismála innan stjórnkerfisins. Framkvæmdastjórinn var ekki sátt við að til stæði að staðsetja Jafnréttisstofu utan höfuðborgarsvæðisins og taldi að nær hefði verið að styrkja starfið sem unnið hefði verið á Skrifstofu jafnréttismála með því t.d. að opna útibú á Akureyri í stað þess að loka skrifstofunni í Reykjavík og byrja upp á nýtt.<sup>214</sup> Jafnréttisnefnd Reykjavíkurborgar sendi frá sér ályktun þar sem nefndin lýsti því m.a. yfir að við endurskipulagningu stofnana á sviði jafnréttismála væri mikilvægt að sú reynsla og þekking sem til staðar væri yrði lögð til grundvallar áframhaldandi starfi en ekki kastað á glæ. Á Skrifstofu jafnréttismála hefði safnast þekking og reynsla sem nefndin sagði einstaka hér á landi og brýnt væri að nýta til áframhaldandi vinnu við að jafna stöðu kynjanna. Nefndin sagði að engin rök hefðu verið færð fyrir því að markmiðum jafnréttislaga væri betur náð með því að staðsetja Jafnréttisstofu utan höfuðborgarsvæðisins, þvert á móti sagði nefndin að svo virtist sem að það gæti skaðað þá uppbyggingu sem þegar hefði átt sér stað.<sup>215</sup> Eftir að ákveðið var að Jafnréttisstofa yrði staðsett á Akureyri lýsti Ragnhildur Vigfúsdóttir, fyrrverandi jafnréttisfulltrúi Akureyrarbæjar, því yfir að hún teldi engar faglegar forsendur fyrir því að Jafnréttisstofa yrði staðsett á Akureyri. Hún sagði Háskólann á Akureyri, sem félagsmálaráðherra benti á sem mögulegan samstarfsaðila fyrir Jafnréttisstofu, lítt hafa sinnt rannsóknum á sviði jafnréttismála. Hún gat ekki séð að Jafnréttisstofa gæti sinnt sínu hlutverki frá Akureyri og væri því best sett í Reykjavík.<sup>216</sup> Uppistaðan í gagnrýni þeirra sem andmæltu því að Jafnréttisstofa yrði staðsett utan Reykjavíkur var á þessum nótum, að það starf sem unnið hefði verið á Skrifstofu jafnréttismála yrði fyrir skaða og myndi ekki nýtast sem skyldi þegar Jafnréttisstofa tæki til starfa. Segja má að talið hafi verið að ekki yrði nægileg samfella við flutningana og að ekki yrði tryggt að sú starfsemi sem farið hafði fram á Skrifstofu jafnréttismála gæti haldið áfram eins og lítið eða ekkert hefði í skorist þegar skrifstofunni var breytt í Jafnréttisstofu. Það ýtti án efa undir þessa gagnrýni að enginn starfsmanna Skrifstofu jafnréttismála hafði hug á að flytja með Jafnréttisstofu og halda störfum sínum áfram.<sup>217</sup> Sigrún Stefánsdóttir formaður jafnréttisnefndar

<sup>214</sup> „Ómakleg gagnrýni félagsmálaráðherra.“ *Vera* 19, nr. 4 (2000), bls. 30 - 36.

<sup>215</sup> „Skora á ráðherra að hætta við flutning Jafnréttisráðs.“ *Morgunblaðið B. Sunnudagur*, 11. júní 2000, bls. B 17.

<sup>216</sup> „Spurt og svarað.“ *Dagur*, 27. júní 2000, bls. 6.

<sup>217</sup> „Enginn starfsmaður flytur með.“ *Morgunblaðið*, 17. júní 2000, bls. 9.

Akureyrarbæjar lýsti yfir ánægju með flutningana og nefndi að þar sem á Akureyri byggi fullt af hæfu fólki ætti ekki að vera vandkvæðum bundið að manna stofnunina.<sup>218</sup> Þorsteinn Gunnarsson, rektor Háskólans á Akureyri, sagði skólann vera reiðubúinn til samstarfs við Jafnréttisstofu um kennslu, rannsóknir og endurmenntun á sviði jafnréttismála.<sup>219</sup> Hver áhrif þess að Jafnréttisstofu var komið fyrir á Akureyri urðu á það starf að jafnréttismálum sem unnið hafði verið fram að því er ekki eitt af viðfangsefnum þessarar samantektar en þó bendir þessi umræða til þess að flutningarnir hafi, a.m.k. að einhverju leyti, skapað ákveðið rof í jafnréttisstarfi við þá breytingu sem gerð var á starfsemi Jafnréttisráðs og Skrifstofu jafnréttismála með lagabreytingunum árið 2000. Hver áhrifin, ef þau voru þá nokkur, urðu á framgang jafnréttismála skal þó ósagt látið.

#### 4.4. Skípan Jafnréttisráðs 2000-2007

Eins og áður kom fram fengu Háskóli Íslands, fjármálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga fulltrúa í Jafnréttisráði við breytingarnar á jafnréttislögum árið 2000 en formaður kærunefndar jafnréttismála vék úr ráðinu. Eftir sem áður skipaði félagsmálaráðherra í ráðið eftir hverjar alþingiskosningar en eftir lagabreytingarnar bar tilnefningaraðilum skylda til að tilnefna einn karl og eina konu og gæta þess að kynjahlutföll í ráðinu væru sem jöfnust.

Eftir lagabreytingarnar skipaði félagsmálaráðherra á ný í Jafnréttisráð og þá tóku sæti eftirtaldir fulltrúar:

Elín R. Líndal formaður skipuð án tilnefningar

Guðni Elísson tilnefndur af HÍ

Gunnar Páll Pálsson tilnefndur af ASÍ

Helga V. Rósantsdóttir tilnefnd af Kvenfélagasambandi Íslands

Sigrún Stefánsdóttir tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Sigurður Jóhannesson tilnefndur af SA

Þorbjörg Inga Jónsdóttir tilnefnd af Kvenréttindafélagi Íslands

Þórhallur Vilhjálmsson tilnefndur af fjármálaráðuneytinu

---

<sup>218</sup> „Spurt og svarað.“ *Dagur*, 27. júní 2000, bls. 6.

<sup>219</sup> „Reiðubúinn til samstarfs við Jafnréttisstofu“ *Morgunblaðið*, 28. júní 2000, bls. 15.

Þórveig Þormóðsdóttir tilnefnd af BSRB.<sup>220</sup>

Þórunn Sveinbjörnsdóttir tók sæti Gunnars Páls árið 2002 og sama ár tók Kristín Þorsteinsdóttir við af Helgu V. Rósantsdóttur.<sup>221</sup>

Eftir alþingiskosningar árið 2003 skipaði félagsmálaráðherra á ný í Jafnréttisráð og þá voru eftirtaldir aðilar nýir fulltrúar:

Fanný Gunnarsdóttir formaður

Gústaf Adolf Skúlason tilnefndur af SA

Ísleifur Tómasson tilnefndur af ASÍ

Steinunn Valdís Óskarsdóttir tilnefnd af Sambandi Íslenskra sveitarfélaga.

Aðrir fulltrúar héldu sætum sínum í ráðinu.<sup>222</sup> Anna Kristinsdóttir tók sæti Steinunnar Valdísar árið 2005.<sup>223</sup>

Skipað var á ný í Jafnréttisráð eftir alþingiskosningar árið 2007 og þá tóku eftirtaldir fulltrúar sæti:

Hildur Jónsdóttir formaður, tilnefnd af félagsmálaráðherra

Maríanna Traustadóttir tilnefnd af ASÍ

Þórveig Þormóðsdóttir tilnefnd af BSRB

Björn Rögnvaldsson tilnefndur af fjármálaráðuneytinu

Ólafur Pétur Pálsson tilnefndur af Háskóla Íslands

Una María Óskarsdóttir tilnefnd af Kvenfélagasambandi Íslands

Þorbjörg I. Jónsdóttir tilnefnd af Kvenréttindafélagi Íslands

Svandís Svavarsdóttir tilnefnd af Sambandi Íslenskra sveitarfélaga

Hörður Vilberg tilnefndur af SA

Ingólfur V. Gíslason starfsmaður Jafnréttisstofu var gerður að starfsmanni Jafnréttisráðs í 30% starfi frá og með árinu 2002.<sup>224</sup>

#### 4.5. Helstu verkefni Jafnréttisráðs 2000-2007

---

<sup>220</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Ársskýrsla Jafnréttisráðs 2001.

<sup>221</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Ársskýrsla Jafnréttisráðs fyrir 2002.

<sup>222</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Skýrsla um störf Jafnréttisráðs frá ágúst 2003 til maí 2004.

<sup>223</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Skýrsla um störf Jafnréttisráðs frá júní 2005 til júní 2006.

<sup>224</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Ársskýrsla Jafnréttisráðs fyrir 2002.

Eitt fyrsta verkefni sem Jafnréttisráð stóð fyrir í sínu nýja starfsumhverfi var að láta taka saman þær kannanir sem gerðar höfðu verið á kynbundnum launamun hér á landi og tók Ingólfur V. Gíslason verkið að sér. Niðurstöður samantektarinnar vöktu talsverða athygli í fjölmiðlum en í ljós kom að á þáverandi hraða myndu líða 114 ár þar til konur og karlar bæru hið sama úr bótum fyrir launavinnu. Í kjölfarið hófust viðræður við Kjararannsóknarnefnd og Hagstofuna um nýjar aðferðir við rannsóknir þessara aðila til að fylgjast betur með kynbundnum launamun. Niðurstaðan varð hins vegar sú að slíkt reyndist of flókið og því lá beinast við að nýta tölur sem Þjóðhagsstofnun vann upp úr skattframtölum.<sup>225</sup>

Í upphafi þessa tímabils setti Jafnréttisráð sér það markmið að beita sér fyrir ýmiss konar rannsóknum sem vörðuðu verksvið þess. Þegar reglugerð um störf Jafnréttisráðs var sett af félagsmálaráðherra í byrjun árs 2003 var sett inn ákvæði um að ráðið ætti að afla upplýsinga og standa fyrir sjálfstæðum rannsóknum og athugunum á stöðu kvenna og karla á íslenskum vinnumarkaði.<sup>226</sup> Ráðið taldi strax í upphafi þessa tímabils sem hér um ræðir að ráðast yrði í rannsókn á áhrifum nýlegrar löggjafar um fæðingarorlof á stöðu kynjanna á íslenskum vinnumarkaði en lítið varð úr því fyrst um sinn. Jafnréttisráð taldi einnig mikilvægt að ráðist yrði í gerð líkans sem sýndi stöðu og þarfir fólks á vinnumarkaði miðað við kyn og aldur. Ákveðið var að leita samstarfs við Samtök atvinnulífsins um könnun á viðhorfi almennings til kvenna sem stjórnenda.<sup>227</sup>

Í samvinnu við nefnd forsætisráðuneytisins um efnahagsleg völd kvenna stóð Jafnréttisráð árið 2002 fyrir könnun á launamun kynjanna. Niðurstöðurnar fengu mikla fjölmiðlaumfjöllun og sýndu þær m.a. að 7,5–11% af launamun milli karla og kvenna skýrðust af því að hjónaband og barneignir höfðu önnur áhrif á laun kvenna og karla.<sup>228</sup> Til að geta fylgst með nýtingu karla og kvenna á fæðingarorlofi og meta áhrif löggjafarinnar á stöðu kynjanna á vinnumarkaði fékk Jafnréttisráð send mánaðarleg yfirlit um umsóknir í fæðingarorlofssjóð. Þetta þótti ráðinu takmarkað, ekki hafði fengist fé til að framkvæma rannsókn en Jafnréttisstofa átti aðild að tveimur evrópskum rannsóknum um afmarkaða þætti þessa viðfangsefnis.<sup>229</sup> Í samvinnu við Háskólann á Akureyri stóð Jafnréttisráð fyrir könnun á möguleikum karla og kvenna til að sinna börnum í skiptiaðstöðu í söluskálum við hringveginn. Könnunin leiddi m.a. í ljós að af þeim söluskálum sem buðu upp á slíka aðstöðu var í einum skála aðstaða bæði

<sup>225</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Ársskýrsla Jafnréttisráðs 2001.

<sup>226</sup> Reglugerð um störf Jafnréttisráðs og skrifstofuhald. Reglugerð.is. Sótt 20. ágúst 2021.  
<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/felagsmalaraduneyti/nr/1786>.

<sup>227</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Ársskýrsla Jafnréttisráðs 2001.

<sup>228</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Ársskýrsla Jafnréttisráðs fyrir 2002.

<sup>229</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Ársskýrsla Jafnréttisráðs fyrir 2002.

á karla- og kvennasnyrtingu en í fjórum skálum var aðstaðan með öðrum hætti. Af öðrum skálum sem buðu upp á skiptiaðstöðu var hún annaðhvort á kvennasnyrtingu eða snyrtingu fyrir fatlaða. Alls buðu 48% skálanna ekki upp á neina skiptiaðstöðu.<sup>230</sup> Jafnréttisráð átti aðild að könnunum á vegum félagsmálaráðuneytisins annars vegar á áhrifum fæðingarorlofslagana og hins vegar á launamyndun og kynbundnum launamun. Ráðið fékk Gallup til að framkvæma könnun á ástæðum þess að fólk skipti um starf og hvort einhver kynjamunur væri þar á. Niðurstöðurnar voru þær að karlmenn gáfu oftar upp laun sem ástæðu þess að þeir skiptu um vinnu en konur vísuðu oftar í fjölskylduábyrgð.<sup>231</sup>

Jafnréttisráð taldi mikilvægt að starf þess yrði sýnilegt og það hóf þegar í upphafi þessa tímabils miðlun upplýsinga um verksvið sitt. Á heimasíðu ráðsins var árið 2001 settur upp vefur þar sem fyrirtæki sem komið höfðu á fót fjölskylduvænni starfsmannastefnu kynntu hvernig til tókst.<sup>232</sup> Í tilefni af 30 ára afmæli setningar jafnréttis laga á Íslandi árið 2006 höfðu Jafnréttisráð og Jafnréttisstofa samstarf um póstkortasendingu.<sup>233</sup>

Fundur og ráðstefnur voru eins og áður reglulegur hluti af starfi Jafnréttisráðs. Í upphafi þessa tímabils fundaði ráðið með félagsmálaráðherra sem óskaði eftir samstarfi við ráðið um að vinna gegn kynbundnum launamun og lýstu fulltrúar Jafnréttisráðs yfir fullum vilja til slíks samstarfs. Síðar sama ár stóð Jafnréttisráð fyrir fundi með Jafnréttisstofu, nefnd forsætisráðuneytisins um efnahagsleg völd kvenna, nefnd um hlut kvenna við opinbera stefnumótun og jafnréttisfulltrúum ráðuneytanna. Jafnréttisráð tók þátt í, ásamt félagsmálaráðuneytinu, Jafnréttisstofu og Vinnumálastofnun, að skipuleggja málþing um kynbundinn launamun á Íslandi sem haldið var árið 2002.<sup>234</sup> Ári síðar kom ráðið að undirbúningi fundar sem bar yfirskriftina „Hvernig aukum við jafnrétti á vinnumarkaði?“. Samstarf við félagsmálaráðuneytið hélt áfram með því að formaður ráðsins sótti fundi í ráðuneytinu til að m.a. kynna starf Jafnréttisráðs fyrir gestum frá Færeyjum, að undirbúa fund norrænna jafnréttis- og vinnuáráðherra og einnig fundi í tengslum við norrænt samstarf á sviði launajafnréttis. Jafnréttisráð leitaði einnig sérstaklega eftir samstarfi við ráðuneytið og Jafnréttisstofu um leiðir til að bæta úr skorti á samanburðarhæfum upplýsingum um launakjör karla og kvenna.<sup>235</sup> Í kjölfarið var formaður Jafnréttisráðs skipað í nefnd á vegum ráðuneytisins sem hafði það að markmiði að móta hugmyndir að vottunarkerfi jafnra launa. Um svipað leyti

<sup>230</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Skýrsla um störf Jafnréttisráðs frá júní 2005 til júní 2006.

<sup>231</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Skýrsla um störf Jafnréttisráðs frá júní 2005 til júní 2006.

<sup>232</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Ársskýrsla Jafnréttisráðs 2001.

<sup>233</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Skýrsla um störf Jafnréttisráðs frá júní 2005 til júní 2006.

<sup>234</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Ársskýrsla Jafnréttisráðs 2001.

<sup>235</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Skýrsla um störf Jafnréttisráðs frá ágúst 2003 til maí 2004.

var fulltrúi Jafnréttisráðs skipaður í starfshóp félagsmálaráðuneytisins vegna lánatryggingasjóðs kvenna. Jafnréttisráð tilnefndi síðan Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands sem fulltrúa sinn í vinnuhóp á vegum fjármálaráðherra í tengslum við kjarasamninga opinberra stofnana. Um sama leyti voru teknir upp á ný reglugerðir samráðsfundir milli Jafnréttisráðs og félagsmálaráðuneytisins auk þess sem Jafnréttisstofa var með á fundunum.<sup>236</sup> Á fundunum fékk ráðið m.a. tækifæri til að kynna sér helstu stefnumál ráðuneytisins á sviði jafnréttismála. Árið 2007 var fulltrúi úr Jafnréttisráði skipaður í ráðgjafahóp félagsmálaráðherra vegna aðgerða til að draga úr launamun kynjanna.<sup>237</sup> Haustið 2005 stóð ráðið fyrir málþingi um launajafnrétti. Danski fræðimaðurinn Byrial Björst flutti þar erindi um lagalega þróun og forsendur hugmyndarinnar um jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Auk Björst flutti m.a. formaður Jafnréttisráðs fyrirlestur og félagsmálaráðherra ávarpaði þingið. Var málþingið afar vel sótt og fékk mikla fjölmiðlaathygli.<sup>238</sup> Í mars árið 2006 kom Jafnréttisráð að fundi sem bar yfirskriftina „Konur og hnattvæðing-er heimurinn eitt atvinnusvæði?“<sup>239</sup>

Í reglugerð sem félagsmálaráðherra setti um störf Jafnréttisráðs í byrjun árs 2003, í samræmi við ákvæði jafnréttislaga, var því verkefni bætt á Jafnréttisráð að veita umsögn um þingsályktunartillögu um áætlun í jafnréttismálum áður en félagsmálaráðherra legði hana fyrir Alþingi.<sup>240</sup> Eftir að nýtt Jafnréttisráð tók til starfa eftir alþingiskosningar árið 2003 vann það umsögn um drög að jafnréttisáætlun og kom á framfæri hugmyndum og tillögum til félagsmálaráðherra og Jafnréttisstofu.<sup>241</sup> Jafnréttisráð sendi einnig Alþingi umsagnir um frumvarp til laga um hlutafélög og þingsályktunartillögu um skípan opinberrar nefndar til að vinna gegn kynbundnum launamun.<sup>242</sup> Ráðið sendi Alþingi einnig umsögn um þingsályktunartillögu um aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnnum. Síðustu umsögnina á því tímabili sem hér um ræðir veitti Jafnréttisráð um frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna þar sem m.a. fjallað um breytingar á samsetningu og ábyrgð Jafnréttisráðs.<sup>243</sup>

Fulltrúar í Jafnréttisráði kynntu sér hvers kyns skýrslur, rannsóknir og annað upplýsingaefni sem varðaði jafnrétti bæði á vinnumarkaði og í víðara samhengi auk þess að kynna sér jafnréttisáætlanir fyrirtækja, stofnana og félagasamtaka.

<sup>236</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Skýrsla um störf Jafnréttisráðs frá júní 2005 til júní 2006.

<sup>237</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Ársskýrsla Jafnréttisráðs 2007-2008.

<sup>238</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Skýrsla um störf Jafnréttisráðs frá júní 2005 til júní 2006.

<sup>239</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Skýrsla um störf Jafnréttisráðs frá júní 2005 til júní 2006.

<sup>240</sup> Reglugerð um störf Jafnréttisráðs og skrifstofuhald. Reglugerð.is. Sótt 20. ágúst 2021  
<https://www.reglugerð.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/felagsmalaraduneyti/nr/1786>.

<sup>241</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Skýrsla um störf Jafnréttisráðs frá ágúst 2003 til maí 2004.

<sup>242</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Skýrsla um störf Jafnréttisráðs frá júní 2005 til júní 2006.

<sup>243</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Ársskýrsla Jafnréttisráðs 2007-2008.

Nokkuð var um að fulltrúar í ráðinu sæktu á eigin vegum ýmiss konar fundi, málþing og ráðstefnur um jafnréttismál og upplýstu síðan aðra fulltrúa í Jafnréttisráði um það sem þar kom fram.

Jafnréttisráð átti eins og áður samstarf við ýmsa aðila. Jafnréttisráð átti fulltrúa í framkvæmdanefnd árs fatlaðra sem halda átti árið 2003.<sup>244</sup> Jafnréttisráð samþykkti boð Reykjavíkurborgar um að taka þátt í Hollvinafélagi hins gullna jafnvægis sem var afsprengi verkefnis sem ráðið hafði tekið þátt í sem snerist um að auðvelda samþættingu atvinnu- og fjölskyldulífs. Verkefnið hafði þótt takast vel og vilji stóð til þess að viðhalda reynslunni af því. Þess vegna var stofnað hollvinafélag þar sem hver þátttakandi lagði til fjármagn til að viðhalda heimasíðu verkefnisins og halda starfinu áfram með ráðstefnum, morgunverðarfundum og spjallrásum.<sup>245</sup> Formaður Jafnréttisráðs tók þátt í undirbúningi ráðstefnu á vegum hollvinafélagsins og sótti ráðstefnuna sem fulltrúi ráðsins.<sup>246</sup> Á árunum 2005 og 2006 var komið á samstarfi Jafnréttisráðs, Jafnréttisstofu, Háskólans á Bifröst, SA og Félags kvenna í atvinnurekstri um að þróa jafnréttiskennitölu sem ætlað var að meta árlega árangur fyrirtækja í jafnréttismálum og breytingar frá ári til árs.<sup>247</sup> Jafnréttisráð tók einnig upp þann sið að bjóða reglulega gestum frá fyrirtækjum og stofnunum á fundi sína til að ræða jafnréttismál.

Jafnréttisráð átti einnig í nokkru samstarfi við Jafnréttisstofu og á árinu 2002 var gerður formlegur samtarfssamningur til eins árs þar sem samið var um að Jafnréttisstofa sæi um undirbúning funda Jafnréttisráðs, héldi utan um fjármál, skjalavörslu, útgáfumál og sæi um heimasíðu ráðsins. Auk þess lagði Jafnréttisstofa ráðinu til einn starfsmann í 30% starfi.<sup>248</sup> Framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu sat einnig reglulega fundi ráðsins. Samstarfið hélt áfram í þessu formi þar til lagaákvæðum um Jafnréttisráð var breytt 2008.

Þótt Jafnréttisráði væri ekki ætlað að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi með sama hætti og áður var starf ráðsins þó alls ekki laust við alþjóðlega snertifleti. Árið 2001 kom ráðið að, í samvinnu við Rannsóknarstofu Háskóla Íslands í kvennafræðum, umsókn um styrk sem ESB veitti vegna rannsóknarverkefnisins „Towards a Closing of the Gender Pay Gap“ sem Ísland, Noregur og nokkur önnur Evrópulönd stóðu fyrir.<sup>249</sup> Rannsóknin fólst fyrst og fremst í athugun á launamyndun meðal fiskvinnslufólks, grunnskólakennara og verkfræðinga. Verkefninu lauk formlega með ráðstefnu í Osló, niðurstöðuskýrslum í hverju

<sup>244</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Ársskýrsla Jafnréttisráðs 2001.

<sup>245</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Ársskýrsla Jafnréttisráðs fyrir 2002.

<sup>246</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Skýrsla um störf Jafnréttisráðs frá ágúst 2003 til maí 2004.

<sup>247</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Skýrsla um störf Jafnréttisráðs frá júní 2005 til júní 2006.

<sup>248</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Ársskýrsla Jafnréttisráðs fyrir 2002.

<sup>249</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Ársskýrsla Jafnréttisráðs 2001.



landanna fyrir sig sem og skýrslu fyrir verkefnið í heild. Í kjölfar kynningar á niðurstöðum verkefnisins hér á landi sköpuðust miklar fjölmiðlaumræður um launamun kynjanna. Hluti umræðunnar snerist um erfiðleika við að afla áreiðanlegra tölfræðigagna og í kjölfarið var sett af stað vinna til að leita leiða til að tryggja að góð og upplýsandi tölfræði um laun karla og kvenna væri alltaf aðgengileg.<sup>250</sup> Eitthvað var um að fulltrúar í Jafnréttisráði sæktu alþjóðlegar ráðstefnur um jafnréttismál en þó var það ekki eins algengt og áður. Til að mynda sótti einn fulltrúi ráðstefnu um konur og lýðræði í Rússlandi og formaðurinn sótti fund „The Women’s National Commission“ í Bretlandi og gerði síðan ráðinu grein fyrir megináherslum í Evrópu varðandi jafnrétti kynja.<sup>251</sup>

Eitt af síðustu verkefnum Jafnréttisráðs á þessu tímabili var að senda frá sér ályktun vegna kjarasamninga þar sem hvatt var til þess að kjör kvenna í almannabjónustu yrðu endurmetin.<sup>252</sup>

#### 4.6. Viðurkenning Jafnréttisráðs 2000-2007

Jafnréttisráð hélt áfram að veita viðurkenningu aðilum sem þóttu hafa lagt sérstaklega drjúgan skerf til jafnréttis karla og kvenna. Á árunum 2000–2007 fengu eftirtaldir aðilar viðurkenninguna:

**2000:** Auður Eir Vilhjálmsdóttir fyrir brautryðjendastörf á sviði kvennaguðfræði. Bjarnfríður Leósdóttir fyrir störf að verkalýðsmálum kvenna. Helga Kress fyrir rannsóknir á fornbókmenntum út frá sjónarhóli kvenna. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir fyrir stjórnmalastörf og að vera fyrirmynd fyrir aðrar konur á því sviði. Svava Jakobsdóttir fyrir innleiðingu femínískra bókmennta á Íslandi. Vigdís Finnbogadóttir fyrir að vera sú íslenska kona sem mesta viðurkenningu hafði hlotið fyrir störf sín á heimsvísu og vera þannig íslenskum konum fyrirmynd.<sup>253</sup>

**2001:** Verslunarmannafélag Reykjavíkur fyrir m.a. að setja sér jafnréttisstefnu og fylgja henni eftir með markvissum hætti.<sup>254</sup>

**2002:** Orkuveita Reykjavíkur fyrir m.a. að setja sér skýra jafnréttisstefnu með mælanlegum markmiðum og skipa jafnréttisnefnd sem hafði umboð til að framfylgja áætluninni.<sup>255</sup> Auk þess fékk tímaritið *Vera* sérstaka fjölmiðlaviðurkenningu.<sup>256</sup>

<sup>250</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Ársskýrsla Jafnréttisráðs fyrir 2002.

<sup>251</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Skýrsla um störf Jafnréttisráðs frá júní 2005 til júní 2006.

<sup>252</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Ársskýrsla Jafnréttisráðs 2007-2008.

<sup>253</sup> „Veitt viðurkenning fyrir brautryðjendastörf.“ *Morgunblaðið*, 25. október 2000, bls. 2.

<sup>254</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Ársskýrsla Jafnréttisráðs 2001.

<sup>255</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Ársskýrsla Jafnréttisráðs fyrir 2002.

<sup>256</sup> „Kallar eftir hugarfarsbreytingu.“ *Morgunblaðið*, 28. október 2005, bls. 4.

**2003:** Kvenréttindafélag Íslands fyrir viðtæk áhrif á samfélagsþróunina og mótun velferðarþjóðfélagsins frá stofnun, 1907, og hafa allt frá upphafi haldið fána jafnréttis á lofti.<sup>257</sup>

**2004:** Guðfríður Lilja Grétarsdóttir fyrir m.a. að vinna ötullega að eflingu skákiðkunar kvenna og stúlkna.<sup>258</sup>

**2005:** Háskóli Íslands fyrir að kjósa konu til embættis rektors í fyrsta sinn. Auk þess fékk tímaritið Frjáls verslun sérstaka fjölmiðlaviðurkenningu fyrir umfjöllun um konur í íslensku atvinnulífi.<sup>259</sup>

**2006:** Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis fyrir að leggja sérstaka áherslu á skýra jafnlaunastefnu.<sup>260</sup>

**2007:** Menntaskólinn í Kópavogi fyrir skýra og virka jafnréttisstefnu gagnvart nemendum og starfsfólki.<sup>261</sup>

#### 4.7. Vilji til að auka hlutverk Jafnréttisráðs á ný

Eftir að hlutverki Jafnréttisráðs var breytt með lagabreytingum árið 2000 og skyldum þess fækkaði minnkaði umfang ársskýrslna ráðsins til muna. Skýrslurnar fóru úr því að vera allt upp í 60 blaðsíður með nokkuð ítarlegum lýsingum á verkefnum þess yfir í 3–6 síður með stuttum minnispunktum um hvað ráðið tók sér fyrir hendur. Ólíkt hinum ítarlegri og eldri skýrslum er í ársskýrslum árána 2000–2007 ekki að finna mat Jafnréttisráðs á stöðu jafnréttismála almennt og ekki heldur mat þess á eigin stöðu og hlutverki. Í þeim fundargerðum Jafnréttisráðs sem borist hafa frá Jafnréttisstofu vegna gerðar þessarar samantektar er sömuleiðis ekki að finna neinar slíkar hugleiðingar. Í umsögn Jafnréttisráðs um frumvarp til breytinga á lögum um jafna stöðu karla og kvenna, sem lagt var fram á Alþingi veturinn 2007–2008, er lýst yfir ánægju með að samkvæmt frumvarpinu væri ætlunin að veita ráðinu aukið hlutverk. Í umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands og Kvenfélagasamband Íslands um frumvarpið var einnig lýst yfir ánægju með þá fyrirætlun að Jafnréttisráði væri ætlað að vinna að jafnrétti á fleiri sviðum en vinnumarkaðnum. Í umsögn Jafnréttisstofu um frumvarpið kom fram að nefndin sem samdi það hafi lagt til að Jafnréttisráð yrði vettvangur breiðrar umræðu og tillagna í jafnréttismálum. Í umsögninni sagði einnig að nefndin hefði lagt til að frjáls félagasamtök og sérfræðiþekking fengju aukið vægi í ráðinu og það yrði faglegur ráðgjafi félagsmálaráðherra og Jafnréttisstofu varðandi

<sup>257</sup> „Kvenréttindafélag Íslands valið“ *Fréttablaðið*, 26. október 2003, bls. 8.

<sup>258</sup> „Guðfríður Lilja Grétarsdóttir fær jafnréttisviðurkenningu.“ *Morgunblaðið*, 27. október 2004, bls. 6.

<sup>259</sup> „Kallar eftir hugarfarsbreytingu.“ *Morgunblaðið*, 28. október 2005, bls. 4.

<sup>260</sup> „Efast ekki um hagkvæmni stefunnar.“ *Fréttablaðið. Markaðurinn*, 1. nóvember 2006, bls. 11.

<sup>261</sup> „Skýr jafnréttisstefna í MK.“ *Morgunblaðið*, 25. október 2007, bls. 2.

stefnumótun. Bæði Jafnréttisstofa og Kvenfélagasambandið töldu raunar að ákvæðin um hlutverk Jafnréttisráðs yrðu að vera skýrari. Jafnréttisstofa velti upp þeirri spurningu hvort ekki væri þörf á því að styrkja Jafnréttisráð enn frekar en ætluð væri með frumvarpinu. Önnur samtök og stofnanir sem skiluðu inn umsögn um frumvarpið létu sig lítt varða hvert hlutverk Jafnréttisráðs ætti að vera og í þeim umsögnum þar sem eitthvað var fjallað um þau ákvæði frumvarpsins sem lutu að Jafnréttisráði snerust athugasemdir eingöngu um hvaða aðilar ættu að hafa rétt til að tilnefna fulltrúa í ráðið.<sup>262</sup>

Þegar hér var komið sögu stóð því greinilega vilji til þess, innan Jafnréttisráðs og nokkurra aðila til viðbótar sem létu sig jafnréttismál í víðu samhengi sérstaklega varða, að Jafnréttisráð hefði meira hlutverki að gegna en lögin frá árinu 2000 kváðu á um. Þessir aðilar virðast hafa talið að sá stakur sem Jafnréttisráði var sniðinn veitti ráðinu of takmarkað vægi til að það hefði einhver veruleg áhrif á stöðu jafnréttismála í þjóðfélaginu. Jafnréttisráð virtist skipta aðra aðila sem tjáðu sig um efni frumvarpsins takmörkuðu máli og þá aðallega hvernig það var skipað. Það er því óhætt að segja að veturinn 2007–2008 hafi tilverugrundvöllur Jafnréttisráðs verið farinn að veikjast nokkuð og leit að tilgangi þess hafin.

---

<sup>262</sup> Öll erindi í 142. máli: jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla (heildarlög). 135. löggjafarþing. Alþingi. Sótt 20. ágúst 2021. <https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalin/erindi/?ltg=135&mnr=142>.

## 5. Ráðgjafarhlutverk og samstarf við Jafnréttisstofu aukið en Jafnréttisráð rennur sitt skeið 2008–2020

### 5.1. Jafnréttisráði ætlað ráðgjafarhlutverk á fleiri sviðum jafnréttismála

Í frumvarpi til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sem, Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra lagði fram á þingi veturinn 2007–2008 var lagt til að Jafnréttisráð skyldi starfa í nánnum tengslum við Jafnréttisstofu og vera framkvæmdastjóra stofunnar og félagsmálaráðherra til ráðgjafar við faglega stefnumótun í málum sem tengdust jafnrétti kynjanna. Sérstaka áherslu skyldi leggja á að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði og samþættingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Jafnréttisþing átti að endurvekja og þar skyldi Jafnréttisráð hafa nokkru hlutverki að gegna. Ráðið skyldi undirbúa þingið í samráði við félagsmálaráðherra og leggja fyrir það skýrslu um störf sín. Ætlunin var að Jafnréttisráð myndi gera tillögur til félagsmálaráðherra að viðfangsefnum jafnréttisþings, taka saman umræður þingsins og afhenda þá samantekt ráðherra og þar að auki boða til þingsins alþingismenn, fulltrúa opinberra stofnana, fulltrúa aðila vinnumarkaðarins og frjálsra félagasamtaka sem höfðu jafnréttismál á stefnuskrá. Þar að auki var Jafnréttisráði ætlað að leggja fram tillögur til félagsmálaráðherra sem nýta átti við gerð framkvæmdaáætlunar í jafnréttismálum. Þegar kom að skípan ráðsins var lagt til í frumvarpinu að eftir sem áður skyldi félagsmálaráðherra skipa formann án tilnefningar en samtök launafólks skyldu tilnefna sameiginlega tvo fulltrúa, samtök atvinnurekenda tilnefndu tvo fulltrúa, Femínistafélag Íslands, Kvenfélagasamband Íslands og Kvenréttindafélag Íslands fengju sameiginlegan fulltrúa, Samtök um kvennaathvarf og Stígamót skyldu deila fulltrúa og loks var ætlunin að Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum fengju einn fulltrúa í Jafnréttisráði.

Eins og fram kom í lok fjórða kafla vöktu ákvæði um breytta skípan Jafnréttisráðs deilur. Í greinargerð með frumvarpinu voru þessar breytingar rökstuddar með því að þar sem ætlunin væri að styrkja tengsl Jafnréttisráðs og Jafnréttisstofu og að ráðið væri félagsmálaráðherra og framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu til ráðgjafar við faglega stefnumótun í jafnréttismálum væri mikilvægt að fulltrúar í Jafnréttisráði endurspegluðu þekkingu á mörgum sviðum jafnréttismála án þess að fulltrúum yrði beinlínis fjölgað. Þess vegna var lagt til að aðilar sem störfuðu á svipuðum vettvangi tilnefndu sameiginlega fulltrúa í ráðið. Sérstaklega mikilvægt þótti að Samtök um kvennaathvarf og Stígamót ættu sameiginlegan fulltrúa í ráðinu þar sem eitt af markmiðum frumvarpsins var að vinna gegn kynbundnu ofbeldi. Rannsóknastofa í kvenna-

og kynjafræðum skyldi fá sæti þar sem mikilvægt þótti að fræðasamfélagið ætti fulltrúa í Jafnréttisráði og Rannsóknastofan hefði mikla reynslu af rannsóknum á þessu fræðasviði.<sup>263</sup>

Í fyrstu umræðu um frumvarpið sagði félagsmálaráðherra að ákveðið hefði verið að leggja til að skipa Jafnréttisráð á þennan hátt til að koma í veg fyrir að fulltrúum yrði fjölgað um of sem talið var að gæti hamlað skilvirkni í störfum ráðsins. Ráðherrann taldi frumvarpið skerpa betur á hlutverki Jafnréttisráðs og tengslum þess við Jafnréttisstofu. Þingmönnum var ekki tíðrætt í fyrstu umræðu um þau ákvæði frumvarpsins sem sneru að Jafnréttisráði en ein athugasemd var gerð við að Samband íslenskra sveitarfélaga ætti ekki lengur að hafa rétt til að tilnefna fulltrúa í ráðið og tók félagsmálaráðherra undir þá athugasemd.<sup>264</sup> Félagsmálanefnd þingsins lagði til Sambandið héldi tilnefningarréttinum og væri þar með virkur þátttakandi í stefnumótun stjórnvalda í jafnréttismálum þar sem sveitarfélögin önnuðust rekstur leik- og grunnskóla í landinu, sem og frístundastarfs, og að þýðingarmikið væri að á þeim vettvangi færi fram markviss fræðsla um jafnrétti kynjanna. Nefndin lagði einnig til að Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum fengi ekki fulltrúa í Jafnréttisráði þar sem fleiri en einn aðili sinnti rannsóknum á þessu fræðasviði og því væri ekki rétt að taka einn aðila fram yfir annan. Benti nefndin á að Jafnréttisráð gæti alltaf óskað sérstaklega eftir sérfræðiaðstoð. Lagt var til að Félag um foreldrajafnrétti fengi sæti Rannsóknastofunnar. Félagsmálanefnd lagði einnig til að Femínistafélagið, Kvenréttindafélagið og Kvenfélagasambandið fengju að tilnefna sameiginlega tvo fulltrúa en ekki einn eins og frumvarpið kvað á um. Nefndin lagði alls til að fulltrúar í Jafnréttisráði yrðu 10 en ekki átta eins og ætlunin var með frumvarpinu. Var þessu ætlað að tryggja ákveðið jafnvægi.<sup>265</sup>

Guðbjartur Hannesson hóf aðra umræðu um frumvarpið með því að mæla fyrir nefndarálitinu og sagði talsverðar umræður hafa orðið í félagsmálanefnd um skípan Jafnréttisráðs. Sumir nefndarmenn hefðu viljað að ráðið yrði opið fyrir öllum félögum sem óskuðu eftir þátttöku og hafa þá framkvæmdastjórn yfir ráðinu en aðrir hefðu viljað halda fjölda fulltrúa í svipaðri tölu og frumvarpið gerði ráð fyrir. Það sjónarmið hefði komið fram í nefndinni að þær hreyfingar sem hefðu barist fyrst og fremst fyrir jafnrétti hefðu verið kvennahreyfingar og til að skapa mótvægi þar við væri lagt til að Félag um foreldrajafnrétti fengi sæti í Jafnréttisráði. Nefndi Guðbjartur ekki að staða og hlutverk Jafnréttisráðs hefði verið rædd meðal nefndarmanna. Í umræðum í kjölfarið sagði Ögmundur Jónasson að ef litið væri á hlutverk Jafnréttisráðs væri það fyrst og fremst vettvangur til umræðu og ráðgjafar um stefnumótun. Á þeim vettvangi taldi Ögmundur til góðs að virkja sem flesta sem létu sig jafnréttismál varða.

<sup>263</sup> *Alþingistíðindi* 2007-2008 A, bls. 991 - 1018.

<sup>264</sup> *Alþingistíðindi* 2007-2008 B, d. 985 - 989.

<sup>265</sup> *Alþingistíðindi* 2007-2008 A, bls. 2901 - 2904.

Jafnréttisþing gegndi þessu hlutverki vissulega að auki en með útvíkkun Jafnréttisráðs væri hægt að beina fleiri sjónarmiðum í gegnum ráðið til ráðherra og Jafnréttisstofu. Ögmundur taldi einnig að með því að veita stofnunum og samtökum aðild að Jafnréttisráði væri hægt að styrkja og efla jafnréttisumræðu innan þeirra. Þess vegna vildi hann fjölga fulltrúum í Jafnréttisráði en sættist á þá málamiðlun sem varð í félagsmálanefnd. Pétur Blöndal lýsti undrun sinni á þeirri áherslu sem lögð væri á hverjir skipuðu Jafnréttisráð og spurði hvort það skipti svo miklu máli að markmið frumvarpsins hyrfu í skuggann. Guðbjartur Hannesson svaraði því til að verið væri að breyta hlutverki Jafnréttisráðs töluvert, það ætti að starfa í nánnum tengslum við Jafnréttisstofu en það væri Jafnréttisþing sem ætlað væri að kalla sem flesta aðila til umræðu um jafnréttismál.<sup>266</sup>

Frumvarpið fór aftur fyrir félagsmálanefnd og var eftir ítarlegar umræður sátt um að draga þá tillögu til baka að Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands myndi ekki lengur eiga fulltrúa í Jafnréttisráði en að halda að öðru leyti ákvæðum um Jafnréttisráð óbreyttum.<sup>267</sup> Við þriðju umræðu lýsti Ármann Kr. Ólafsson því yfir að hann hefði litið svo á að Rannsóknastofan ætti að meta störf Jafnréttisráðs og Jafnréttisstofu og þá gengi varla að hún ætti sæti í ráðinu en hins vegar hefði sér verið tjáð að það væri ekki hlutverk Rannsóknastofunnar og því væri hann ekki mótfallinn því að hún fengi sæti í ráðinu. Kolbrún Halldórsdóttir taldi mikilvægt að Rannsóknastofan ætti sæti í ráðinu til að það hefði sem greiðastan aðgang að þeirri þekkingu sem til staðar væri hjá Rannsóknastofunni og gæti nýtt þá þekkingu við það ráðgjafarhlutverk sem ráðinu væri ætlað. Kolbrún taldi einnig að Kvenréttindafélag Íslands, Femínistafélag Íslands, Kvenfélagasamband Íslands, Samtök um kvennaathvarf og Stígamót ættu að fá hvert sinn fulltrúa í Jafnréttisráði en hún sættist á þá málamiðlun sem gerð var í félagsmálanefnd um fjölda fulltrúa í ráðinu. Kristinn H. Gunnarsson vildi helst ekki hafa fleiri en sjö fulltrúa í Jafnréttisráði til að tryggja skilvirki í starfi þess en var þó tilbúinn að samþykkja þá málamiðlun sem gerð var. Kristinn taldi þó umræðuna um frumvarpið snúast fullmikið um hverjir sætu í Jafnréttisráði og að of mikið væri gert úr mikilvægi ráðsins þar sem það væri fyrst og fremst ráðgefandi. Taldi Kristinn að þingmenn ættu frekar að einblína á þátt Jafnréttisstofu þar sem að þar lægju völdin og sagði hann að verkefni stofnunarinnar væru pólitísk og ættu þess vegna fremur að vera á hendi Jafnréttisráðs. Bætti hann því þó við að þegar frumvarpið væri svona langt komið í þinginu myndi hann ekki gera tilraun til að ná slíkum breytingum fram. Kolbrún Halldórsdóttir var á öndverðum meiði um mikilvægi Jafnréttisráðs og sagði það mikilvægt fyrir vísýni Jafnréttisstofu að hafa öflugan fulltrúa í Jafnréttisráði sér við hlið og það væri eftirsóknarvert að eiga þar sæti, fyrir þau

<sup>266</sup> *Alþingistíðindi* 2007-2008 B, d. 3581 - 3627.

<sup>267</sup> *Alþingistíðindi* 2007-2008 A, bls. 3423 - 3424.

sem vildu taka þátt í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna. Undir lok 3. umræðu endurtók Pétur Blöndal gagnrýni sína á hversu mikil áhersla hefði verið lögð á hvaða aðilar væru tilnefndir í Jafnréttisráð og taldi skipan þess engu máli skipta fyrir jafnrétti og að sín vegna mættu sitja 100 manns í ráðinu. Lög nr. 10 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla voru samþykkt samhljóða í lok febrúar 2008.<sup>268</sup>

## 5.2. Verkefni og skyldur Jafnréttisráðs samkvæmt lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla

Eftir stóð að hlutverki Jafnréttisráðs var breytt frá því sem var samkvæmt lögnum frá 2000, að stuðla fyrst og fremst að jafnrétti á vinnumarkaði og gera tillögur um aðgerðir á því sviði, yfir í að vera félagsmálaráðherra og framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu til ráðgjafar við faglega stefnumótun í jafnréttismálum. Samkvæmt lögnum frá árinu 2000 gat Jafnréttisráð gert tillögur um úrbætur á öðrum sviðum en vinnumarkaðsmálum svo að skerpt var á því hlutverki ráðsins að veita ráðgjöf í jafnréttismálum á öllum sviðum samfélagsins. Eftir sem áður átti ráðið þó að leggja sérstaka áherslu á jafnrétti á vinnumarkaði en einnig samþættingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Eins og kom fram í fjórða kafla átti Jafnréttisráð í nokkru samstarfi við Jafnréttisstofu en nú fékk þetta samstarf stoð í lögum og kveðið var á um að það ætti að vera náði. Því verkefni var bætt við á ný að Jafnréttisráð skyldi vera meðal þeirra sem ættu að koma tillögum á framfæri við félagsmálaráðherra við gerð framkvæmdaáætlunar í jafnréttismálum. Þeirri skyldu hafði verið létt af ráðinu með lögnum frá árinu 2000 en með reglugerðinni sem sett var um störf þess árið 2003 var Jafnréttisráði falið að veita umsögn um áætlunina. Aðrar skyldur sem bætt var á Jafnréttisráð með lögum sneru að Jafnréttisþingi. Jafnréttisráð skyldi undirbúa þingið í samráði við félagsmálaráðherra sem skyldi boða til þess. Ráðið átti að leggja skýrslu um störf sín fyrir þingið, taka saman umræður á þinginu og koma samantektinni til ráðherra og boða sérstaklega til þingsins alþingismenn, fulltrúa stofnana ríkis og sveitarfélaga, fulltrúa aðila vinnumarkaðarins sem og fulltrúa frjálsra félagasamtaka sem höfðu jafnréttismál á stefnuskrá sinni. Að auki gat Jafnréttisráð gert tillögur til ráðherra um önnur viðfangsefni Jafnréttisþings en þau sem sérstaklega var kveðið á um í lögnum.<sup>269</sup>

<sup>268</sup> *Alþingistíðindi* 2007-2008 B, d. 4857 - 4870, 4993 - 4994.

<sup>269</sup> *Alþingistíðindi* 2007-2008 A, bls. 3868-3874.

### 5.3. Skípan Jafnréttisráðs 2008-2020

Eftir hinar miklu umræður á þingi sem urðu um skípan Jafnréttisráðs stóð eftir að eins og áður skyldi félagsmálaráðherra skipa í ráðið eftir hverjar alþingiskosningar. Ráðherra skipaði sem fyrr formann ráðsins en samtök launafólks fengu tvo fulltrúa og samtök atvinnurekenda tvo fulltrúa. Femínistafélag Íslands, Kvenréttindafélag Íslands og Kvenfélagasamband Íslands fengu að tilnefna tvo fulltrúa sameiginlega. Stígamót og Samtök um kvennaathvarf fengu sameiginlegan fulltrúa og loks fengu Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum, Félag um foreldrajafrétti og Samband íslenskra sveitarfélaga hvert sinn fulltrúann.<sup>270</sup>

Í samræmi við lagabreytingarnar árið 2008 var skipað á ný í Jafnréttisráð og tóku þá eftirtalin sæti:

Hildur Jónsdóttir, formaður, skipuð án tilnefningar  
 Marianna Traustadóttir og Halldóra Friðjónsdóttir, tilnefndar af ASÍ, Bandalagi Háskólamanna(BHM) og BSRB  
 Hörður Vilberg og Björn Rögnvaldsson, tilnefndir af fjármálaráðuneytinu og SA  
 Una María Óskarsdóttir og Þorbjörg Inga Jónsdóttir, tilnefndar af Femínistafélagi Íslands, Kvenfélagasambandi Íslands og Kvenréttindafélagi Íslands  
 Guðrún Jónsdóttir, tilnefnd af Samtökum um kvennaathvarf og Stígamótum  
 Arnar Gíslason, tilnefndur af Rannsóknarstofu í kvenna- og kynjafræðum  
 Lúðvík Börkur Jónsson, tilnefndur af Félagi um foreldrajafrétti  
 Svandís Svavarsdóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga<sup>271</sup>

Eftir alþingiskosningar voruð 2009 var nýtt Jafnréttisráð skipað og þá tóku sæti:

Þórhildur Þorleifsdóttir, formaður, skipuð án tilnefningar  
 Guðlaug Kristjánsdóttir, tilnefnd af ASÍ, BHM og BSRB  
 Silja Bára Ómarsdóttir, tilnefnd af Femínistafélagi Íslands, Kvenfélagasambandi Íslands og Kvenréttindafélagi Íslands  
 Ingólfur Ásgeir Jóhannesson tilnefndur af Rannsóknarstofu í kvenna- og kynjafræðum

Ellý Erlingsdóttir tilnefnd af Sambandi ísl. sveitarfélaga

Þorbjörg Inga Jónsdóttir, Halldóra Friðjónsdóttir, Arnar Gíslason og Svandís Svavarsdóttir viku úr ráðinu og 2010 tók Heimir Hilmarsson sæti Félags um foreldrajafrétti í stað Lúðvíks Barkar Jónssonar. Sama ár tók Þorleifur

<sup>270</sup> *Alþingistíðindi 2007-2008 A*, bls. 3873.

<sup>271</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu, Ársskýrsla Jafnréttisráðs 2008.



Gunnlaugsson við af Ellý Erlingsdóttur.<sup>272</sup> Sigbrúður Guðmundsdóttir tók sæti Guðrúnar Jónsdóttur 2011.<sup>273</sup> Kristín Ólafsdóttir tók sæti Silju Báru Ómarsdóttur 2012 og sama ár tók Kolbeinn Stefánsson sæti Ingólfs Ásgeirs Jóhannessonar.<sup>274</sup>

Skipað var í Jafnréttisráð enn á ný eftir alþingiskosningar 2013 og þá tóku sæti:

Fanný Gunnarsdóttir, formaður, skipuð án tilnefningar

Marianna Traustadóttir og Elín Björg Jónsdóttir, tilnefndar af ASÍ, BHM og BSRB  
Pétur Reimarsson og Einar Mar Þórðarson, tilnefndir af fjármálaráðuneytinu og SA

Guðrún Jónsdóttir, tilnefnd af Samtökum um kvennaathvarf og Stígamótum

Kristinn Schram, tilnefndur af Rannsóknarstofu í kvenna- og kynjafræðum

Karvel Aðalsteinn Jónsson, tilnefndur af Félagi um foreldrajafrétti

Steinunn Stefánsdóttir og Guðni Rúnar Jónasson, tilnefnd af Femínistafélagi Íslands, Kvenfélagasambandi Íslands og Kvenréttindafélagi Íslands

Anna Guðrún Björnsdóttir tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.<sup>275</sup>

Vorið 2016 tók Fríða Rós Valdimarsdóttir sæti Steinunnar Stefánsdóttur.<sup>276</sup>

Eftir alþingiskosningar 2016 var skipað á ný í Jafnréttisráð, vorið 2017, og þá tóku sæti:

Magnús Geir Þórðarson, formaður, skipaður án tilnefningar

Marianna Traustadóttir og Þórunn Sveinbjarnardóttir, tilnefndar af ASÍ, BHM og BSRB

Pétur Reimarsson og Einar Mar Þórðarson, tilnefndir af fjármálaráðuneytinu og SA

Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir, tilnefnd af Samtökum um kvennaathvarf og Stígamótum

Kristín I. Pálsdóttir, tilnefnd af Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum

Hróðmar Dofri Hermannsson, tilnefndur af Félagi um foreldrajafrétti

<sup>272</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu, Skýrsla um störf Jafnréttisráðs 2010.

<sup>273</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Skýrsla um störf Jafnréttisráðs 2011.

<sup>274</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Skýrsla Jafnréttisráðs 2012-2013.

<sup>275</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Ársskýrsla Jafnréttisráðs frá hausti 2013 til vors 2014.

<sup>276</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Ársskýrsla Jafnréttisráðs 2015-2016.

Guðrún Þórðardóttir og Tatjana Latinovic, tilnefndar af Femínistafélagi Íslands, Kvenfélagasambandi Íslands og Kvenréttindafélagi Íslands

Anna Guðrún Björnsdóttir tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.<sup>277</sup>

Þar sem alþingiskosningar fóru fram árið 2017 þurfti að skipa aftur í Jafnréttisráð og var það gert í byrjun árs 2018. Þá tóku sæti:

Árelía Eydís Guðmundsdóttir, formaður, skipuð án tilnefningar

Sigbrúður Guðmundsdóttir tók sæti Steinunnar Gyðu- og Guðjónsdóttur

Jón Ingvar Kjarran tók sæti Kristínar I. Pálsdóttur

Aðrir fulltrúar sem skipaðir höfðu verið eftir kosningar 2016 héldu sætum sínum.<sup>278</sup>

Eftir að málaflokkurinn jafnréttismál var fluttur í forsætisráðuneytið í byrjun árs 2019 var Silja Bára Ómarsdóttir skipuð formaður Jafnréttisráðs í stað Árelíu Eydísar.<sup>279</sup>

Hugrún Hjaltadóttir, starfsmaður Jafnréttisstofu, tók við af Ingólfi V. Gíslasyni, 2008, sem starfsmaður og ritari Jafnréttisráðs til 2020.<sup>280</sup>

## 5.4. Helstu verkefni Jafnréttisráðs 2008-2020

### 5.4.1. Jafnréttisþing, fundir, ráðstefnur og málþing

Eins og kveðið var á um í lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla kom Jafnréttisráð að jafnréttisþingi sem haldið var í fyrsta sinn eftir lagabreytingarnar í byrjun árs 2009. Fulltrúar í Jafnréttisráði voru ánægðir með þátttökuna á þinginu og þótti ánægjulegt að sjá mörg ný andlit á þinginu og þá ekki síst fleiri karla. Þótti ráðinu þingið hafa fært jafnréttisumræðuna áfram en helst þótti skorta á tækifæri til tengslamyndunar og sumum fulltrúum þótti umræðan á þinginu hafa verið heldur einsleit. Ráðinu þótti miður hve lítinn áhuga fjölmiðlar sýndu jafnréttisþingi en ráðsfulltrúar voru sammála um að stefnt skyldi að því að veita fleiri aðilum tækifæri til að taka þátt í þinginu svo að sem flest sjónarmið kæmust að. Þetta sama ár átti Jafnréttisráð aðild að málþingi um sáttmála Sameinuðu þjóðanna um útrýmingu mismununar gegn konum.<sup>281</sup> Einnig skipulagði Jafnréttisráð dagskrá í tilefni af alþjóðlegum

<sup>277</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Ársskýrsla Jafnréttisráðs 2017.

<sup>278</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Ársskýrsla Jafnréttisráðs 2018.

<sup>279</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Ársskýrsla Jafnréttisráðs 2019.

<sup>280</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Ársskýrsla Jafnréttisráðs 2008.

<sup>281</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. 7. fundur Jafnréttisráðs 6. febrúar 2009.

baráttudegi kvenna árið 2009, í samvinnu við ASÍ (og ýmiss stéttarfélag), Jafnréttisstofu og kvenréttindasamtök, sem bar yfirskriftina „Með jafnrétti að leiðarljósi – uppbygging í allra þágu“.<sup>282</sup>

Þessir fundir voru haldnir árlega frá 2009-2019 með mismunandi yfirskrift í hvert sinn.

Jafnréttisþing var haldið í annað sinn, eftir endurreisn þess, árið 2011. Eins og lögin gerðu ráð fyrir var boðað til þingsins í nafni Jafnréttisráðs sem kom lítillaga að skipulagningu þess. Rætt var á þinginu um hinar mörgu hliðar jafnréttisbaráttunnar svo sem kynbundið ofbeldi og mansal, jafnrétti og stjórnarskrá, ESB og íslenskt jafnrétti, framlag karla til jafnréttisbaráttunnar og kynin og fjölmiðla. Sama ár kom Jafnréttisráð að alþjóðlegu málþingi um fjölskyldu- og fæðingarorlofsmál, ráðstefnu til kynningar á fyrirhuguðum breytingum á barnalögum og málþingi um kynbundinn launamun.<sup>283</sup>

Jafnréttisþing var haldið í þriðja sinn árið 2013 og kom formaður Jafnréttisráðs að undirbúningi þingsins á lokastigum og hélt þar erindi en auk hennar tóku aðrir fulltrúar í ráðinu virkan þátt í störfum þingsins.<sup>284</sup>

Jafnréttisþing var haldið á ný árið 2015 undir yfirskriftinni „Kynlegar myndir – jafnrétti á opinberum vettvangi“. Jafnréttisráð tók virkan þátt í undirbúningi þingsins en formaður sat í undirbúningsnefnd. Formaður Jafnréttisráðs ávarpaði þingið, skýrsla félagsmálaráðherra um stöðu jafnréttismála var lögð fyrir þingið og eins og jafnréttislög kváðu á um var ársskýrsla Jafnréttisráðs lögð fyrir þingið. Tveimur sænskum sérfræðingum á sviði fjölmiðla og kvikmynda var boðið á þingið og vinningsatriði Hagaskóla í Skrekk 2015 var flutt og tóku höfundar og flytjendur verksins þátt í umræðum á þinginu.<sup>285</sup> Árið eftir hélt Jafnréttisráð ásamt Sambandi íslenskra sveitarfélaga málþing og námskeið til að auka þekkingu starfsmanna og stjórnenda sveitarfélaga á ávinningi þess að vinna markvisst að kynjajafnrétti innan sveitarfélaga og kynna nýjar aðferðir við að ná fram jafnrétti kynja.<sup>286</sup>

Í september árið 2016 héldu Jafnréttisráð og Jafnréttisstofa ráðstefnu í tilefni af því að 40 ár voru liðin frá setningu fyrstu laganna um jafnrétti kvenna og karla á Íslandi. Formaður Jafnréttisráðs var meðal þeirra sem héldu erindi en Fríða Rós Valdimarsdóttir, formaður Kvenréttindafélags Íslands og fulltrúi í Jafnréttisráði, flutti erindi þar sem hún kallaði eftir málefnalegri vinnu við að koma jafnréttismálum í rétt horf í stað endalausra átaka.<sup>287</sup> Á Jafnréttisþingi árið 2018

<sup>282</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. 8. fundur Jafnréttisráðs 6. mars 2009.

<sup>283</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Skýrsla um störf Jafnréttisráðs 2011.

<sup>284</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Ársskýrsla Jafnréttisráðs frá hausti 2013 til vors 2014.

<sup>285</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Ársskýrsla Jafnréttisráðs 2015-2016.

<sup>286</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Ársskýrsla Jafnréttisráðs 2015-2016.

<sup>287</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Ársskýrsla Jafnréttisráðs 2015-2016.

ávarpaði formaður Jafnréttisráðs þingið en að öðru leyti er ekki minnst á aðkomu ráðsins að þinginu þetta ár í ársskýrslu Jafnréttisráðs.<sup>288</sup>

Jafnréttisþing var haldið í febrúar 2020 undir yfirskriftinni „Jafnrétti í breyttum heimi“. Jafnréttisráð tók virkan þátt í undirbúningi þingsins, formaður þess sat í undirbúningsnefnd og ráðið valdi þema þingsins. Á þinginu var sérstaklega fjallað um samspil jafnréttis- og umhverfismála.<sup>289</sup>

#### 5.4.2. Rannsóknir og kannanir

Jafnréttisráð samþykkti að fylgjast sérstaklega með áhrifum þess efnahagssamdráttar sem varð eftir bankahrunið árið 2008 á kynin og bregðast við ef eitthvað kæmi upp á sem ráðið teldi hættumerki. Samþykkt var að kanna m.a. gjaldþrotaskipti eftir kyni og hvort einhver mismunur væri á atvinnumissi milli kynja.<sup>290</sup> Að tillögu Jafnréttisráðs var vöktun á lykiltölum um þróun á vinnumarkaði í kjölfar fjármálakreppu bætt í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum en ráðið samþykkti að bjóðast til að taka verkefnið að sér.<sup>291</sup> Í kjölfarið var skipaður starfshópur um áhrif efnahagsþrenginga á stöðu kynjanna sem fékk nafnið Jafnréttisvaktin og tók formaður Jafnréttisráðs sæti í hópnum.<sup>292</sup> Hópurinn safnaði bæði tölfræðigögnum og tók viðtöl og lagði í kjölfarið fram tillögur um að stjórnvöld huguðu að áhrifum ákvarðana sinna, ekki síst í ríkisfjármálum, á stöðu kynjanna, að sérstök forvarnaáætlun yrði lögð fram vegna aukinnar hættu á ofbeldi í nánnum samböndum og huga sérstaklega að þörfum atvinnulausra karla sem ættu í frekari hættu en konur á að einangrast.<sup>293</sup> Það torveldaði skoðun hópsins á stöðu kvenna fyrir og eftir fjármálakreppu að talsvert skorti á að ákvæðum laga um kyngreiningu við söfnun, úrvinnslu og birtingu gagna væri framfylgt.<sup>294</sup> Jafnréttisráð tók þátt í rannsókn Kolbeins Stefánssonar og Þóru Kristínar Þórsdóttur um verkaskiptingu á heimilum til að útvíkka rannsóknina og fá betri mynd af því hvernig fólk samræmdi fjölskyldu- og atvinnulíf.<sup>295</sup>

Jafnréttisráð styrkti margvíslegar rannsóknir og önnur verkefni á sviði jafnréttismála. Þróunarverkefni á vegum Jafnréttisstofu um jafnréttiskennslu í leikskólum og grunnskólum var styrkt.<sup>296</sup> Ráðið styrkti einnig rannsókn Eddu Sigurbjargar Ingólfssdóttur á því hvernig foreldrar brúðu bilið milli

---

<sup>288</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Ársskýrsla Jafnréttisráðs 2018.

<sup>289</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Ársskýrsla Jafnréttisráðs fyrir árið 2020.

<sup>290</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. 6. fundur Jafnréttisráðs 7. janúar 2009.

<sup>291</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. 7. fundur Jafnréttisráðs 6. febrúar 2009.

<sup>292</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. 8. fundur Jafnréttisráðs 6. mars 2009.

<sup>293</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. 10. fundur Jafnréttisráðs 16. apríl 2009.

<sup>294</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Skýrsla um störf Jafnréttisráðs 2010.

<sup>295</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Skýrsla um störf Jafnréttisráðs 2010.

<sup>296</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. 9. fundur Jafnréttisráðs 19. mars 2009.

fæðingarorlofs og leikskóla. Sömuleiðis styrkti Jafnréttisráð gerð forvarnamyndbands gegn vændis kaupum á vegum félagsins STERK, doktorsverkefni Sigurlaugar Hrafnkelsdóttur um afleiðingar starfsloka á sjálfsmynd karla og kvenna og rannsókn Birgjis Guðmundssonar á viðhorfum og stöðu frambjóðenda til

stjórnlagabings.<sup>297</sup> Rannsókn Ragnheiðar Eyjólfsdóttur á því hvernig starfsfólki á íslenskum vinnumarkaði gengi að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf var sömuleiðis styrkt.<sup>298</sup> Rannsókn Hildar Friðriksdóttur á umfangi og eðli hefndarkláms í íslensku samfélagi var styrkt.<sup>299</sup>

### 5.4.3. Aðkoma að stefnumótun og umsagnir um lagafrumvörp

Jafnréttisráð hélt áfram að kynna sér reglulega margvíslegar kannanir og rannsóknir á hinum ýmsu þáttum jafnréttismála auk þess að kynna sér hvers kyns fræðsluefni. Ráðið lagði sig fram um að fylgjast með því sem var helst á döfinni og fékk reglulega t.d. starfsmenn úr félagsmálaráðuneytinu til að upplýsa ráðsfulltrúa um það sem verið var að vinna að í tengslum við jafnréttismál. Þegar forsætisráðuneyti tók við jafnréttismálum fundaði Jafnréttisráð reglulega með starfsfólki þess. Einnig fundaði framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu með Jafnréttisráði og upplýsti meðlimi um það sem stofnunin vann að. Fulltrúar fleiri ráðuneyta og hinna ýmsu stofnana og samtaka upplýstu Jafnréttisráð reglulega um það sem þeirra stofnanir voru að vinna að á sviði jafnréttismála. Þá komu ráðherrar félagsmála einstöku sinnum á fund Jafnréttisráðs og kynntu áherslur sínar í jafnréttismálum þar til forsætisráðuneyti tók við málaflokknum.

Jafnréttisráð veitti á þessu tímabili í auknum mæli, miðað við árin 2000–2008, umsagnir um lagafrumvörp. Ráðið veitti jákvæða umsögn, fyrir utan fulltrúa SA sem sat hjá, um frumvarp til laga um hlutafélög og einkahlutafélög sem sneri m.a. að kynjahlutföllum. Lýsti ráðið yfir ánægju með að jafnréttislög hefðu augljós bandormsáhrif og með þessu frumvarpi væri aðgangur að kyngreindum gögnum aukinn sem væri nauðsynlegt til að geta metið stöðu kynjanna á vinnumarkaði.<sup>300</sup> Jafnréttisráð fékk framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum fyrir árin 2015–2018 til umsagnar en ákveðið var að ráðsfulltrúar gætu kynnt áætlunina á vettvangi sinna samtaka og veitt umsögn í þeirra nafni.<sup>301</sup> Ákveðið var að þar sem fulltrúar í Jafnréttisráði kæmu úr mörgum

<sup>297</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Skýrsla um störf Jafnréttisráðs 2011.

<sup>298</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Skýrsla Jafnréttisráðs 2012–2013.

<sup>299</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Ársskýrsla Jafnréttisráðs haust 2014 – vor 2015.

<sup>300</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. 8. fundur Jafnréttisráðs 6. mars 2009.

<sup>301</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Ársskýrsla Jafnréttisráðs haust 2014 – vor 2015.

og ólíkum áttum myndi ráðið ekki senda frá sér sameiginlegar umsagnir um þau lagafrumvörp sem vörðuðu jafnréttismál.<sup>302</sup> Í lok árs 2018 tók Jafnréttisráð þátt í samráðsfundi um undirbúning að framkvæmdaáætlun stjórnvalda í jafnréttismálum fyrir árin 2020–2023.<sup>303</sup> Undir lok þessa tímabils var formaður Jafnréttisráðs skipað í tvo vinnuhópa sem höfðu það hlutverk að endurskoða ákveðna hluta jafnréttislaga.<sup>304</sup>

#### 5.4.4. Samræming fjölskyldulífs og atvinnulífs og ályktanir um jafnrétti

Í árslok 2009 ákvað Jafnréttisráð að á árinu 2010 yrði í starfi ráðsins lögð sérstök áhersla á samþættingu fjölskyldu og atvinnulífs, í samræmi við ákvæði laganna um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla frá 2008. Ákveðið var að hefja röð funda um málefnið og hefja verkefnið á því að leita samstarfs við hina ýmsu fræðimenn um að safna saman gögnum og upplýsingum sem vörðuðu þetta viðfangsefni.<sup>305</sup> Eftir hvatningu formanns Jafnréttisráðs skipaði félagsmálaráðherra nefnd sem koma átti með tillögum að leiðum til að samræma fjölskyldulíf og atvinnulíf betur.<sup>306</sup> Nefndin lagði til að gefnir yrðu út fræðslubæklingar fyrir launafólk og atvinnurekendur um viðfangsefnið, verkefni um hið gullna jafnvægi yrði endurvakið og tengsl við UN Women yrðu eflað með áherslu á jafnréttissáttmála SP. Í kjölfarið var skipaður vinnuhópur til að hringja þessum tillögum í framkvæmd. Hópurinn var skipaður í samstarfi við Jafnréttisráð og Jafnréttisstofu en í honum sátu fulltrúar aðila vinnumarkaðarins og fulltrúar kvennahreyfinga. Auk þess að framkvæma tillögur nefndarinnar átti vinnuhópurinn m.a. að kanna hagkvæmni þess að stytta vinnuvikuna í 36 klukkustundir og standa að og undirbúa ráðstefnu í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins. Þar átti að fá fræðimenn til að flytja erindi og fyrirtæki sem hefðu staðið sig sérstaklega vel við að koma til móts við starfsfólk sitt varðandi fjölskyldulíf til að kynna hvernig þau færu að því. Tvær ráðstefnur voru haldnar, önnur á Akureyri hin í Reykjavík, og var efni þeirra, auk fræðsluefnis um þetta viðfangsefni, tekið saman á vefnum hidgullnajafnvægi.is. Jafnréttisráð kom að þessum ráðstefnum auk þess að greiða laun starfsmanns vinnuhópsins. Ráðið styrkti einnig rannsóknir sem tengdust viðfangsefninu.<sup>307</sup>

Eins og Jafnréttisráð hafði gert frá upphafi starfsemi sinnar sendi það frá sér reglulega ályktanir um það sem ráðið taldi að betur mætti fara í

<sup>302</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Ársskýrsla Jafnréttisráðs haust 2014 – vor 2015.

<sup>303</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Ársskýrsla Jafnréttisráðs 2018.

<sup>304</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Ársskýrsla Jafnréttisráðs 2019.

<sup>305</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Fundargerð 3. fundar Jafnréttisráðs 2. desember 2009. Bréf formanns Jafnréttisráðs 17. nóvember 2009.

<sup>306</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Skýrsla um störf Jafnréttisráðs 2010.

<sup>307</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Skýrsla Jafnréttisráðs 2012–2013.

jafnréttismálum en einnig um það sem því þótti vel gert. Í kjölfar ríkisstjórnarskipta árið 2009 fagnaði Jafnréttisráð því að í fyrsta sinn væri kona forsætisráðherra og kynjahlutföll jöfn í ríkisstjórn en um leið skoraði ráðið á ríkisstjórnina að standa vörð um atvinnu kvenna á þeim samdráttartímum sem fóru í hönd og koma í veg fyrir að niðurskurður ríkisútgjalda yki byrðar kvenna sem tengdust fjölskyldunni.<sup>308</sup> Jafnréttisráð fagnaði aðgerðaáætlun vegna baráttunnar gegn mansali og skoraði á Alþingi að samþykkja frumvörp henni tengd. Einnig samþykkti ráðið, eins og það hafði gert reglulega frá upphafi, ályktun þar sem minnt var á að kynjahlutföll í nefndum, stjórnnum og ráðum á vegum ríkisins væru ekki í samræmi við ákvæði jafnréttislaga.<sup>309</sup> Formaður ráðsins sendi ráðherrum bréf þar sem athugasemdir voru gerðar við ójöfn kynjahlutföll í nefndum á þeirra vegum.<sup>310</sup> Jafnréttisráð fagnaði stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um kynjaða hagstjórn, sem fólst í því að kynjasjónarmið skyldu vera eitt af leiðarljósunum við hvers kyns hagstjórn og fjárlagagerð.<sup>311</sup> Ráðið ályktaði gegn áformum um styttingu fæðingarorlofs og í annarri ályktun var skorað á Félag kvenna í atvinnurekstri, SA og Viðskiptaráð Íslands að beita sér fyrir því að ná sem fyrst markmiðum um 40% hlut kvenna í stjórnnum fyrirtækja. Einnig fagnaði ráðið því að í kosningum VR til stjórnar og trúnaðarmannaráðs jöfnuðust kynjahlutföll.<sup>312</sup> Jafnréttisráð lýsti yfir ánægju með sérstakt átak kvenna úr öllum stjórnsmálaflokkum til að auka hlut kvenna í forystu stjórnsmála og atvinnulífs.<sup>313</sup> Jafnréttisráð hvatti alla sem komu að kjaramálum að leggja sig fram við að uppræta kynbundinn launamun.<sup>314</sup> Ráðið hvatti til þess að skólar sem önnuðust kennaramenntun tryggðu öllum nemendum í grunnnámi staðgóða fræðslu um jafnréttismál.<sup>315</sup>

#### 5.4.5. Fræðsla o.fl.

Jafnréttisráð hóf á ný að gefa út fræðsluefni en árið 2011 var gefinn út fræðslubæklingur fyrir erlendar konur á Íslandi um réttindi þeirra. Útgáfan var í samvinnu við Stígamót, Mannréttindaskrifstofu Íslands og fleiri stofnanir og félagasamtök. Vegna mikillar eftirspurnar varð að endurútgefa bæklinginn.<sup>316</sup> Í tilefni af 40 afmæli jafnréttislaga árið 2016 gáfu Jafnréttisráð og Jafnréttisstofa

<sup>308</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Ályktun samþykkt á fundi Jafnréttisráðs 5. febrúar 2009.

<sup>309</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. 9. fundur Jafnréttisráðs 19. mars 2009.

<sup>310</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Skýrsla um störf Jafnréttisráðs 2010.

<sup>311</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Fréttatilkynning frá Jafnréttisráði.

<sup>312</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Skýrsla um störf Jafnréttisráðs 2010.

<sup>313</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Ársskýrsla Jafnréttisráðs frá hausti 2013 til vors 2014.

<sup>314</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Ársskýrsla Jafnréttisráðs haust 2014 - vor 2015.

<sup>315</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Ársskýrsla Jafnréttisráðs 2015-2016.

<sup>316</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Skýrsla um störf Jafnréttisráðs 2011.

út dagatal með teikningu eftir Þóreyju Mjallhvíti H. Ómarsdóttur sem sýndi hvernig ásýnd samfélagsins hafði breyst á þessum 40 árum.<sup>317</sup>

Til að auka sýnileika Jafnréttisráðs, auka aðgengi að upplýsingum um störf þess og gefa fólki kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri var opnuð fésbókarsíða Jafnréttisráðs.<sup>318</sup>

Bréfasendingum Jafnréttisráðs vegna auglýsinga, sem höfðu verið fastur liður í starfi þess fram til ársins 2000, var ekki algerlega lokið og gerði ráðið athugasemd við auglýsingu Lýðheilsustöðvar þar sem fullyrt var að ef fólk drykki ekki áfengi væri það í minni hættu á að verða fyrir líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi. Taldi ráðið að með auglýsingunni væri verið að leggja ábyrgð á kynferðisofbeldi á hendur þolendum.<sup>319</sup>

Alþjóðlegt samstarf kom lítið við sögu Jafnréttisráðs á tímabilinu en þó styrkti ráðið vinnu við undirbúning og þátttöku Íslands á norræna kvennáþinginu Nordisk Forum.<sup>320</sup> Jafnréttisráð tók þátt í umsókn Jafnréttisstofu til ESB um styrk til að koma á fót verkefni sem sneri að samræmingu fjölskyldu og atvinnulífs.

## 5.5. Viðurkenning Jafnréttisráðs 2008-2020

Á þessu tímabili fengu eftirtaldir aðilar viðurkenningu Jafnréttisráðs:

**2008:** Alcoa Fjarðarál fyrir að hafa frá upphafi starfsemi sinnar lagt áherslu á jafnréttismál og höfðað til kvenna í annars karllægum geira.<sup>321</sup>

**2009:** Kvinnalandslið Íslands í knattspyrnu fyrir fordæmisgildi árangurs og starfs liðsins sem hafi verið mikil hvatning og fyrirmynd fyrir stúlkur.<sup>322</sup>

**2010:** Guðrún Jónsdóttir talskona Stígamóta fyrir að hafa lyft grettistaki í málefnum fórnarlamba kynferðisofbeldis.<sup>323</sup>

Jafnréttisráð samþykkti haustið 2011 að veita viðurkenningu sína framvegis annað hvert ár og þá á Jafnréttisþingi. Var þetta ákveðið m.a. vegna þess að viðurkenningin hafði hlotið litla athygli fjölmiðla og fáar og lítt ígrundaðar

<sup>317</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Ársskýrsla Jafnréttisráðs 2015-2016.

<sup>318</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Ársskýrsla Jafnréttisráðs frá hausti 2013 til vors 2014.

<sup>319</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu, 10. fundur Jafnréttisráðs 6. mars 2009.

<sup>320</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Ársskýrsla Jafnréttisráðs frá hausti 2013 til vors 2014.

<sup>321</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Viðurkenning Jafnréttisráðs 2008.

<sup>322</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Viðurkenning Jafnréttisráðs 2009.

<sup>323</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Skýrsla um störf Jafnréttisráðs 2010.



tilnefningar borist.<sup>324</sup> Síðar var fallið frá því að afhenda viðurkenninguna á Jafnréttisþingi en það Jafnréttisráð sem skipað var eftir alþingiskosningar árið 2013 ákvað að setja sérstakar verklagsreglur um úrvinnslu tilnefninga og veita framvegis viðurkenninguna í tveimur flokkum, annars vegar fyrirtækjum, sveitarfélögum eða stofnunum og hins vegar einstaklingum, hópum eða félagasamtökum.<sup>325</sup> Eftir þessar breytingar fengu eftirtaldir aðilar viðurkenninguna:

**2014:** Orkuveita Reykjavíkur fyrir markvissa vinnu í jafnréttismálum og Félag kvenna af erlendum uppruna fyrir áralangt starf í anda jafnréttis og stuðning við konur af erlendum uppruna.<sup>326</sup>

**2015:** Í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna var þeim konum sem fyrstar höfðu gegnt embættum forseta Alþingis, ráðherraembættum og formennsku í þingflokkum veitt viðurkenningin. Eftirfarandi konur fengu viðurkenninguna: Birgitta Jónsdóttir, Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Guðrún Helgadóttir, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Margrét Frímansdóttir, Oddný G. Harðardóttir, Ragnhildur Helgadóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Salome Þorkelsdóttir, Sigríður Anna Þórðardóttir, Sív Friðleifsdóttir, Svanfríður Jónasdóttir og Valgerður Sverrisdóttir. Í þennan hóp vantaði Auði Auðuns sem var láatin.<sup>327</sup>

Sama ár var fjölmiðlaviðurkenning Jafnréttisráðs veitt á ný en hana fengu: *Framhaldsskólablaðið* fyrir framúrskarandi efnistöð, umfjöllun og miðlun efnis um jafnréttismál. Halla Kristín Einarsdóttir fyrir heimildamyndina „Hvað er svona merkilegt við það?“ um sögu kvennaframboðanna á níunda og tíunda áratug 20. aldar. Sigrún Stefánsdóttir fyrir m.a. að fjalla sérstaklega um jafnréttismál í störfum sínum á fjölmiðlum.<sup>328</sup>

**2016:** Reykjavíkurborg fyrir m.a. brautryðjendastarf við innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar. Samtök um kvennaathvarf fyrir að hafa starfrækt kvennaathvarf frá 1982 og náð að þróa starfsemina til að takast á við áskoranir hvers tíma.<sup>329</sup>

Fjölmiðlaviðurkenninguna árið 2016 fengu: Ríkisútvarpið fyrir markvissar umbætur í jafnréttismálum í starfseminni. Þáttaröðin *Kynjabilið*, sem vistuð var á *Facebook* og *Twitter*, fyrir að beina sjónum að kynjaójafnrétti með

<sup>324</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Fundargerð 19. fundar Jafnréttisráðs 7. september 2011.

<sup>325</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Ársskýrsla Jafnréttisráðs frá hausti 2013 til vors 2014.

<sup>326</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Ársskýrsla Jafnréttisráðs frá hausti 2013 til vors 2014.

<sup>327</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Ársskýrsla Jafnréttisráðs haust 2014 - vor 2015.

<sup>328</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Ársskýrsla Jafnréttisráðs 2015-2016.

<sup>329</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Ársskýrsla Jafnréttisráðs 2015-2016.

nýstárlegum og áhugaverðum hætti. Björg Einarsdóttir fyrir gerð útvarps- og sjónvarpsþátta um íslenskar konur.<sup>330</sup>

**2017:** Hafnarfjarðarbær fyrir m.a. að vera fyrst íslenskra sveitarfélaga til að standast kröfur jafnlaunastaðals. Druslugangan fyrir að berjast gegn þeirri orðræðu að þolendur kynferðisofbeldis geti sjálfum sér um kennt.<sup>331</sup>

**2019:** Rótin, félag um málefni kvenna með áfengis- og fíknivanda, fyrir að beita sér með eftirtektarverðum hætti í opinberri umræðu um þjónustu við konur og börn sem áttu við fíknivanda að stríða. Rauðsokkahreyfingin fyrir brautryðjendastarf í baráttu fyrir auknum rétti kvenna til þungunarrofs.

Fjölmiðlaviðurkenningu árið 2019 fékk vefritið *Knúz* fyrir m.a. að birta greinar eftir fjölbreyttan hóp fólks um jafnrétti og femínisma.<sup>332</sup>

**2020:** Stelpur rokka! fyrir m.a. að skapa rými fyrir stúlkur og ungt kynsegin fólk til að stíga fyrstu skref sín í tónlistarsköpun. Loftslagsverkfall ungs fólks fékk sérstaka hvatningarviðurkenningu fyrir baráttu fyrir aðgerðum á sviði loftslagsmála og að tengja saman jafnrétti og skýra framtíðarsýn.<sup>333</sup>

## 5.6. Vegferð Jafnréttisráðs tekur enda

Fljótlega eftir að hlutverki Jafnréttisráðs var breytt með lagasetningu árið 2008 fóru að heyrast þær raddir innan ráðsins að lögin væru óljós varðandi raunverulegt hlutverk þess og að það þyrfti að skapa sér stöðu og tengsl við aðra sem störfuðu að jafnréttismálum.<sup>334</sup> Umræðan hélt áfram innan ráðsins næstu árin og var rætt hvort ekki væri breytinga þörf og var meiri hluti ráðsfulltrúa á þeirri skoðun að svo væri ef Jafnréttisráð ætti að rísa undir nafni. Hélt ráðið sérstakan fund þar sem hugmyndir um ný hlutverk ráðsins voru ræddar og ákveðið var að skipa nefnd sem gera myndi tillögur að lagabreytingum en sú vinna leiddi ekki til neinna grundvallarbreytinga.<sup>335</sup> Í september 2018 var haldinn stefnumótunarfundur þar sem hlutverk ráðsins og áherslur í starfi þess voru til umræðu. Á fundinum kom fram vilji til þess að kanna leiðir til að efla hlutverk ráðsins svo að það mætti gagnast betur. Vildi Jafnréttisráð styrkja samstarfið við félagsmálaráðuneytið og hafa það

<sup>330</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Ársskýrsla Jafnréttisráðs 2015-2016.

<sup>331</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Ársskýrsla Jafnréttisráðs 2017.

<sup>332</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Ársskýrsla Jafnréttisráðs 2019.

<sup>333</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Ársskýrsla Jafnréttisráðs fyrir árið 2020.

<sup>334</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Fundargerð 2. fundar Jafnréttisráðs 4. nóvember 2009.

<sup>335</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Skýrsla Jafnréttisráðs 2012-2013.

formfastara og lagði áherslu á að ráðið hefði skýrara hlutverki að gegna sem ráðgefandi aðili í jafnréttismálum gagnvart ráðherra.<sup>336</sup>

Eins og verið hafði eftir lagabreytingarnar árið 2000 átti Jafnréttisráð erfitt með að finna sér hlutverk. Þær greinar jafnréttislaga frá árinu 2008 sem kváðu á hlutverk ráðsins þóttu almennt orðaðar og ekki veita því neinn ramma til að starfa innan. Þótt kveðið væri á um í lögnum að Jafnréttisráð og Jafnréttisstofa skyldu vinna náið saman virðist það samstarf aldrei hafa farið á verulegt flug og aðallega falist í fundum þar sem Jafnréttisstofa upplýsti Jafnréttisráð um gang mála hjá sér og samstarfi um einstaka viðburði. Það þarf því ekki að koma á óvart að fulltrúar í Jafnréttisráði hafi verið áhugasamir um að hlutverk þess yrði endurskoðað. Eftir að jafnréttismál fluttust í forsætisráðuneyti í upphafi árs 2019 var fulltrúum í Jafnréttisráði haldið upplýstum um vinnu við endurskoðun jafnréttislaga innan ráðuneytisins. Niðurstaða þeirrar vinnu var frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna sem forsætisráðherra lagði fram á þingi veturinn 2020–2021. Samkvæmt frumvarpinu skyldi skerpa á hlutverki Jafnréttisráðs og fækka fulltrúum. Ráðherra skyldi áfram skipa formann, samtök launafólks tilnefna einn fulltrúa, samtök atvinnurekanda fengju einn fulltrúa, Samtök um kvennaathvarf og Stígamót myndu áfram deila einum fulltrúa, Kvenréttindafélag Íslands og Kvenfélagasamband Íslands einn sameiginlegan fulltrúa og Samtökin 78 fengju einn. Femínistafélagið, Félag um foreldrajafnrétti, fjármálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga og Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum fengju ekki lengur fulltrúa í Jafnréttisráði. Ákveðið var að Samtökin 78 fengju fulltrúa til að gæta að hagsmunum fólks með hlutlausu skráningu kyns. Samkvæmt greinargerðinni sem fylgdi frumvarpinu var markmið þessarar fækkunar að auka skilvirkni í starfi Jafnréttisráðs og gera það markvissara. Hlutverk ráðsins skyldi vera að standa fyrir markvissri umræðu um jafnrétti kynjanna þannig að stjórnvöldum væri á hverjum tíma ljós þróun málafloksins, hver væri helstu nýmæli og hvort sérstakra aðgerða væri þörf. Eins og í lögnum frá 2008 átti Jafnréttisráð að vera ráðherra til ráðgjafar við faglega stefnumótun í jafnréttismálum og eftirfylgni með framkvæmd hennar. Í frumvarpið var einnig sett inn sérstakt ákvæði um viðurkenningu Jafnréttisráðs. Ráðherra skyldi ákvarða önnur verkefni Jafnréttisráðs. Jafnréttisráð átti einnig að kalla saman samráðsvettvang um jafnrétti kynjanna með fulltrúum frá aðilum vinnumarkaðarins, fræðasamfélaginu og samtökum sem vinna að kynjajafnrétti en samráðsvettvangi var ætlað að vera ráðherra til ráðgjafar við faglega stefnumótun í jafnréttismálum og fylgjast með framkvæmd hennar. Jafnréttisráði var ætlað að setja sér starfsáætlun til tveggja ára í senn þar sem koma ætti fram hvernig það hygðist sinna hlutverki sínu meðal annars með fundum og ráðstefnum og þessa áætlun skyldi kynna ráðherra áður en hún væri

---

<sup>336</sup> Skjalasafn Jafnréttisstofu. Ársskýrsla Jafnréttisráðs 2018.

staðfest af ráðinu. Jafnréttisráð skyldi einnig skila ráðherra skýrslu um störf sín til tveggja ára í senn. Auk alls þessa átti ráðherra að hafa eins og í lögnum frá 2008 samráð við Jafnréttisráð við gerð framkvæmdaáætlunar í jafnréttismálum. Aðrar skyldur voru ekki lagðar Jafnréttisráði á herðar með þessu frumvarpi. Helstu breytingar frá lögnum 2008 voru þær að Jafnréttisráð átti ekki lengur aðkomu að jafnréttisþingi og skyldi í störfum sínum einblína á samfélagið allt en ekki eingöngu vinnumarkaðinn. Í greinargerð með frumvarpinu voru helstu rök fyrir áframhaldandi tilveru Jafnréttisráðs þau að í þeirri umræðu sem fram hefði farið um útvíkkun jafnréttishugtaksins hefðu þau sjónarmið komið fram að gæta þyrfti sérstaklega að jafnrétti kynjanna þar sem þau mál hefðu ákveðna sérstöðu og vörðuðu alla þegna samfélagsins, ekki eingöngu konur. Þess vegna var lagt til að ráðherra skipaði áfram Jafnréttisráð.<sup>337</sup>

Lítið fór fyrir vangaveltum um Jafnréttisráð við fyrstu umræðu á þingi. Frumvarpinu var vísað til allsherjar- og menntamálanefndar og í þeim umsögnum sem nefndinni bárust frá stofnunum og félagasamtökum sem áttu að missa sæti í Jafnréttisráði voru gerðar athugasemdir og færð rök fyrir því af hverju viðkomandi aðili ætti að halda sæti sínu. Í öðrum umsögnum um frumvarpið, þar sem minnst var á Jafnréttisráð yfirhöfuð, var samhljómur um að tímabært væri að leggja Jafnréttisráð niður. Í umsögn ASÍ kom fram að Jafnréttisráð hefði að miklu leyti misst hlutverk sitt sem ráðgefandi vettvangur fyrir stjórnvöld eftir því sem aðrar stofnanir á sviði jafnréttismála hefðu styrkst og var þá sérstaklega minnst á Jafnréttisstofu og skrifstofu jafnréttismála í forsætisráðuneytinu. Áhersluatriði þeirra hagsmunahópa sem sætu í ráðinu og fulltrúa vinnumarkaðarins væru oft ólík og því hefði starf Jafnréttisráðs eftir lagabreytingarnar árið 2008 einkennst af lítilli samstöðu en í umræðum innan ráðsins hefði skapast samhljómur um að vettvangur þar sem þeir hópar sem sætu í ráðinu gætu hist væri gagnlegur og jafnrétti til framdráttar. Lagði ASÍ því til að stofnaður yrði samráðsvettvangur sem aðilar vinnumarkaðarins og samtök sem ynnu að jafnréttismálum gætu átt aðild að. Meginverkefni Jafnréttisráðs undanfarin ár hefðu verið að veita jafnréttisviðurkenningu og undirbúa Jafnréttisþing og þau verkefni væri hægt að fela skrifstofu jafnréttismála í forsætisráðuneytinu. SA taldi að samráðsvettvangur ætti að taka við af Jafnréttisráði. Samband íslenskra sveitarfélaga lagði ekki beinlínis til að Jafnréttisráð yrði lagt niður en sagði of þunglamalegt og óskilvirkt að hafa bæði Jafnréttisráð og samráðsvettvang. Í umsögn BHM var lagt til að Jafnréttisráð yrði lagt niður þar sem því væru falin fá hlutverk í frumvarpinu og samráðsvettvangur tæki yfir hlutverk þess. Segja má að Jafnréttisráð hafi sjálft innsiglað örlög sín með sinni umsögn sem endurspeglaði að miklu leyti aðrar umsagnir frá samtökum og stofnunum sem áttu aðild að ráðinu. Í umsögninni

<sup>337</sup> Frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. 151. löggjafarþing 2020-2021. Alþingi. Sótt 20. ágúst 2021. <https://www.althingi.is/alttext/149/s/0155.html>.

kom fram sama sjónarmið og hjá ASÍ að Jafnréttisráð hefði misst hlutverk sitt sem ráðgefandi vettvangur fyrir stjórnvöld eftir því sem stofnanir á sviði jafnréttismála hefðu styrkst. Síðustu árin hefði æ minna verið leitað til Jafnréttisráðs eftir ráðgjöf og við framkvæmd verkefna. Í umsögninni kom fram að samstaða í ráðinu hefði verið lítil vegna ólíkra áherslna og reifaðar þær umræður sem fram komu við undirbúning frumvarpsins að hlutverk ráðsins væri óljóst og vægi þess sem samráðsvettvangs við stjórnvöld lítið. Tekið var undir hugmyndir um reglulegan samráðsvettvang um jafnréttismál sem skrifstofa jafnréttismála í forsætisráðuneyti gæti skipulagt frekar en Jafnréttisráð. Í umsögn Jafnréttisráðs var einnig tekið undir það sjónarmið ASÍ að skrifstofan gæti séð um þau meginverkefni Jafnréttisráðs að undirbúa Jafnréttisþing og veita jafnréttisviðurkenningu.<sup>338</sup>

Í kjölfarið lagði allsherjar- og menntamálanefnd til að þær breytingar yrðu gerðar á frumvarpinu að Jafnréttisráð yrði lagt niður. Taldi nefndin orðið ljóst að Jafnréttisráð hefði misst hlutverk sitt enda hefðu aðrar stofnanir á sviði jafnréttismála eflst og tekið við. Í stað Jafnréttisráðs lagði nefndin til að minnst einu sinni á ári yrði kallaður saman samráðsvettvangur um jafnréttismál með fulltrúum frá aðilum vinnumarkaðarins, fræðasamfélaginu og samtökum sem ynnu að kynjajafnrétti ásamt þeim aðilum sem óskuðu eftir þátttöku. Lagði nefndin til að yfir nýja vettvanginn yrði notað heitið Jafnréttisráð þar sem það hefði unnið sér sess í samfélaginu. Þá yrði hlutverk vettvangsins að vera ráðherra jafnréttismála til ráðgjafar við faglega stefnumótun í jafnréttismálum og skyldi ráðherra funda einu sinni á ári með samráðsvettvanginum. Að mati nefndarinnar var vænlegra til árangurs að stofna til reglulegs samráðs með þessum hætti þar sem samráðsvettvangur væri betur til þess fallinn að veita hagsmunaaðilum tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.<sup>339</sup>

Skemmst er frá því að segja að þessar breytingar voru gerðar á frumvarpinu og gerði enginn þingmaður athugasemd við það. Með lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna sem samþykkt voru á Alþingi í lok árs 2020 var Jafnréttisráð formlega lagt niður og við tók Samráðsvettvangur um jafnréttismál – Jafnréttisráð. Samkvæmt þeim lögum eiga fulltrúar aðila vinnumarkaðarins, fulltrúar fræðasamfélagsins og samtaka sem vinna að kynjajafnrétti sæti á samráðsvettvanginum og er hlutverk hans eftirfarandi : „Vera ráðherra jafnréttismála til ráðgjafar við faglega stefnumótun í málum sem tengjast jafnrétti kynjanna og skal ráðherra funda einu sinni á ári með samráðsvettvanginum. Samráðsvettvangur um jafnréttismál, Jafnréttisráð, skilar ráðherra fundargerð af fundum sínum. Samantekt af fundargerðum

<sup>338</sup> Erindi dagbókarnr. 436, 14. mál: jöfn staða og jafn réttur kynjanna. Alþingi. Sótt 20. ágúst 2021 <https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalin/erindi/?ltg=151&dbnr=436>.

<sup>339</sup> Nefndarálit um frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna og frumvarp til laga um stjórnsýslu jafnréttismála. Alþingi. Sótt 20. ágúst 2021. <https://www.althingi.is/alttext/151/s/0620.html>.

samráðsvettvangsins skal birta sem fylgiskjöl með skýrslu ráðherra sem kemur út einu sinni á kjörtímabili, sbr. 12. gr. laga um stjórnslu jafnréttismála. Ráðuneyti sem fer með jafnréttismál annast umsýslu vegna samráðsvettvangs um jafnréttismál, m.a. að auglýsa samráðsvettvanginn og gefa aðilum tækifæri á að óska eftir þátttöku. Önnur verkefni samráðsvettvangsins ákveður ráðuneytið hverju sinni eftir því sem við á.“

Þannig tók tæplega 45 ára löng vegferð Jafnréttisráðs enda.

## Lokaorð

Fyrir bæði innlend og erlend áhrif setti Alþingi lög um jafnrétti kvenna og karla og stofnaði Jafnréttisráð árið 1976. Með þeirri lagasetningu var Jafnréttisráði falin ábyrgð á framkvæmd laganna. Segja má að Jafnréttisráð hafi að mörgu leyti verið vanbúið til að sinna hlutverki sínu og enn var málaflokkurinn á jaðri íslensks samfélags og enn ekki kominn almennilega á hina pólitísku dagskrá stjórnvalda. Jafnréttismál urðu fyrirferðarmeiri eftir því sem leið á níunda áratuginn og þrýstingur jókst á stjórnvöld að beita sér meira í málaflokknum. Það varð til þess að ráðherra jafnréttismála og ríkisstjórn samþykktu framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum og fleiri verkefni sem stuðluðu að jafnrétti komust á dagskrá. Starfsemi Jafnréttisráðs eflist og fleira starfsfólk var ráðið til að sinna málaflokknum á vettvangi ráðsins. Þá voru ýmsar rannsóknir gerðar á stöðu jafnréttismála og þegar kærunefnd jafnréttismála var stofnuð gáfust Jafnréttisráði aukin tækifæri til að beita sér almennt í jafnréttismálum. Þegar komið var fram á tíunda áratug síðustu aldar var staða jafnréttismála í íslensku samfélagi orðin nokkuð betri en á upphafsárum Jafnréttisráðs. Á þessum árum var hins vegar uppi krafa um að stjórnvöld stæðu fyrir umbótum í málaflokknum og sýndu meira frumkvæði. Þegar ábyrgð á framkvæmd laga um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna var flutt frá Jafnréttisráði til ráðherra með breytingum á lögnum árið 1991 var óhjákvæmilegt að stofnuð væri sérstök stofnun jafnréttismála. Ákveðinn vísir að því var þegar skrifstofa Jafnréttisráðs var gerð að Skrifstofu jafnréttismála árið 1992 og að hluta til skilið á milli skrifstofunnar og Jafnréttisráðs. Á starfstíma Skrifstofu jafnréttismála á árunum 1991 – 2000 urðu jafnréttismál sífellt viðameiri málaflokkur og viðurkennt að jafnréttismál væru samofin flestum sviðum þjóðfélagsins. Þær kröfur voru háværi að stjórnvöld samþættu jafnréttismál við stefnumótun í flestum málaflokkum og stuðlaði það enn frekar að því að skilið var endanlega á milli Jafnréttisráðs og Skrifstofu jafnréttismála með stofnun Jafnréttisstofu árið 2000. Eftir þennan aðskilnað má segja að hlutverki Jafnréttisráðs hafi í raun og veru lokið. Þegar Jafnréttisstofa tók við nánast öllum verkefnum Jafnréttisráðs varð hlutverk ráðsins óljóst og verkefni þess samkvæmt lögum almennt og óskýrt.

Frá stofnun Jafnréttisráðs og fram til þess að verkefni ráðsins voru flutt til Jafnréttisstofu fóru jafnréttismál frá því að vera jaðarmál í íslensku samfélagi yfir í að komast rækilega á dagskrá.

Líkt og þessi samantekt dregur fram kom Jafnréttisráð að fjölmörgum verkefnum á sviði jafnréttismála á því 45 ára tímabili sem það starfaði.

Við lok sögu Jafnréttisráðs í árslok 2020 er hægt að segja að ráðið hafi skilað sínu og tímabært að ljúka sögu þess.

